# AÐALSKRÁNING FORNLEIFA Á DJÚPAVOGI: ÞÉTTBÝLI



**KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR**
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Gylfi Björn Helgason, Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson

**Reykjavík 2018**
FS671-16302

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

*Forsíðumyndin er af Borgargarðsrétt SM-234:031. Ljósmynd tók Stefán Ólafsson.*

©Fornleifastofnun Íslands 2018
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Vefsíða: www.fornleif.is

# Efnisyfirlit

**Samantekt.....5**

**1. Inngangur.....7**

**2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....9**

**3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....11**

**4. Fornleifaskrá.....13**
SM-233 Búlandsnes.....13
SM-234 Borgargarður.....130

**5. Niðurstöður.....145**
Byggðaþróun innan þéttbýlisins.....145
Minjaflokkar.....148
*Bæjarhólar og bæjarstæði.....148*
*Minjar um sjósókn og fiskverkun.....150*
*Kálgarðar og garðlög.....151*
*Kvíar og stekkir.....153*
*Útihús.....153*
*Brunnar.....155*
*Samgönguminjar.....155*
*Iðnaðarminjar og aðrar ungar minjar.....156*

**6. Verndun og kynning minja.....158**

**7. Heimildaskrá.....162**

**VIÐAUKI I: Hnitaskrá ISN93..... 164**


**VIÐAUKI II: Minjakort.....169**

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður aðalskráningar fornleifa í þéttbýlinu á Djúpavogi sem byggðist úr jörðunum Búlandsnesi og Borgargarði í Djúpavogshreppi (áður Geithellnahreppi), Suður-Múlasýslu. Skráðar voru minjar innan þéttbýlisins fyrir utan það svæði sem skilgreint hefur verið sem verndarsvæði í byggð og er á miðbæjarsvæði. Vettvangsvinna fór fram í byrjun nóvember 2016 og í maí 2017 að beiðni sveitarstjórnar Djúpavogshrepps. Eitt helsta einkenni skráningarinnar er hversu mikill fjöldi minja var skráður á tiltölulega litlu svæði. Í þessari skýrslu eru upplýsingar um 211 númeraðar fornleifar en minjaeiningarnar eru mun fleiri eða alls um 350 talsins. Megnið af minjunum er frá þeim tíma þegar þéttbýli er að myndast á Djúpavogi, um og upp úr aldamótunum 1900 og á fyrstu áratugum 20. aldar.

# 1. Inngangur

Samhliða deiliskráningu á því svæði sem skilgreint hefur verið sem verndarsvæði í byggð á Djúpavogi[3] fékk Djúpavogshreppur Fornleifastofnun Íslands ses til að annast aðalskráningu fornminja í þéttbýlinu á Djúpavogi, utan verndarsvæðis. Skráningin var unnin í byrjun nóvember 2016 þegar veður var milt og jörð var auð en þar sem verkið reyndist umfangsmeira en talið hafði verið var farið aftur á vettvang í maíbyrjun 2017 til þess að ljúka vettvangsskráningu.




*Á Íslandskortinu er staðsetning Djúpavogs sýnd með rauðum punkti. Kortagrunnur Gísli Pálsson.*




*Kort sem sýnir afmörkun þess svæðis sem fjallað er um í skýrslunni (þéttbýlisins á Djúpavogi) með svartri línu og afmörkun verndarsvæðis í byggð með rauðri línu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

3 Sjá skýrslu *FS637-16301 Fornleifaskráning á Djúpavogi – verndarsvæði í byggð* sem kom út 2017.

Kristborg Þórsdóttir, Stefán Ólafsson og Gylfi Björn Helgason, fornleifafræðingar, sáu um vettvangsskráningu en Kristborg annaðist skýrsluskrif og kortagerð.

Djúpivogur byggðist úr jörðinni Búlandsnesi sem er á milli Berufjarðar og Hamarsfjarðar. Lögbýlið Borgargarður er gömul hjáleiga frá Búlandsnesi og er hún einnig innan þéttbýlisins. Landamerki Borgargarðs eru ekki þekkt og því voru ekki aðrar minjar skráðar undir þeirri jörð en þær minjar sem eru í heimatúni jarðarinnar og næsta nágrenni.

Djúpivogur á sér langa sögu sem verslunarstaður en hana má rekja aftur til ársins 1589 þegar Hamborgarkaupmenn fengu verslunarleyfi þar. Danskir kaupmenn tóku svo við versluninni á einokunartímanum en árið 1920 var Kaupfélag Berufjarðar stofnað og keypti það eignir dönsku kaupmannanna. Dönsku verslunarfélögin stunduðu hval- og hákarlaveiðar samhliða verslunarrekstri og voru með bræðslur til að framleiða lýsi úr lifur og spiki. Um og upp úr aldamótunum 1900 fer að myndast þorp í kringum verslunarstaðinn og stunduðu íbúar þorpsins fiskveiðar og sjálfsþurftarbúskap.[4]

Þéttbýlið á Djúpavogi er skilgreint í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 og nær það yfir svæði sem er um 160 ha að stærð, frá Innri-Gleðivík að vestan, suður að Stekkablá og að Brandsvík að austan. Landslagið innan þess hefur mótað þróun byggðar í þorpinu og haft áhrif á varðveislu minja. Á svæðinu eru berggangar og klapparholt sem hafa flest stefnuna norðaustur-suðvestur (eða norður-suður) og á milli þeirra eru mýrarsund.

Mikilvægt þótti að fjalla heildrænt um menningarminjar í þéttbýlinu en sumar þeirra hafa ekki náð nógu háum aldri til að teljast til fornminja samkvæmt skilgreiningu laganna. Um hluta þéttbýlisins sem hér er til úttektar hefur áður verið fjallað í skýrslu frá ársbyrjun 2017. Þar voru fornleifar á miðbæjarsvæðinu á Djúpavogi til umfjöllunar en það er svæði sem skilgreint hefur verið sem verndarsvæði í byggð. Í fornleifaskráningu á verndarsvæðinu var miðað við að skrá sem flestar minjar sem eru frá því fyrir 1930 og er sömu stefnu fylgt í skráningunni innan þéttbýlisins.

Verkefnið var unnið í góðu samstarfi við oddvita sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, Andrés Skúlason. Honum eru færðar sérstakar þakkir fyrir ómetanlega aðstoð og öflun myndefnis fyrir verkefnið.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru innan þéttbýlis en utan við verndarsvæðið. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá, kort og listi yfir staðsetningarhnit með ISN93 vörpun.

4 Ingimar Sveinsson, 1989: 23-36, 73-98.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

**i.** skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

## 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Fornleifaskráningin í þéttbýlinu á Djúpavogi er nokkuð hefðbundin aðalskráning en auk þeirra heimilda sem vanalega er notaðar í aðalskráningu var talsvert stuðst við loftmynd frá 1957 (frá Landmælingum Íslands) við skráninguna og bætti hún miklu við. Mikill fjöldi af gömlum ljósmyndum er til frá Djúpavogi, bæði í Sarpi, menningarsögulegum gagnagrunni, og í einka-söfnum sem mörg hver eru orðin aðgengileg á vefsíðu Djúpavogshrepps. Ljósmyndirnar eru oft einu heimildirnar um horfin mannvirki og voru þær mikið notaðar í skráningunni.

Hluti minjanna sem skráðar voru innan þéttbýlis árið 2016 var mældur upp með Trimble Geoexplorer 6000 en aðrar minjar voru hnitsettar og mældar upp með GPS-tæki af gerðinni Garmin GPSMAP64.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa




*Dæmi um skráningu á minjastað*

númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali. Uppmælingar voru gerðar á öllum minjastöðum þar sem sýnilegar minjar fundust, ýmist með Trimble Geoexplorer eða GPS-tæki.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.


## 4. Fornleifaskrá

### SM-233 Búlandsnes

Dýrleiki 12 hdr 1696. Björn Lárusson, 328. Dýrleiki 6 hdr 1847, fátækraeign hreppsins. JJ, 379. Bænhús var á jörðinni. 1397: Máldagar. [Til Háls] liggur vnder Bænhvs a Bulandsnesi [... Þvottárkirkja á] Halfs manadar beit a Bulandsnesi þui fie sem vera skal j eyumm ef þarf " DI IV, 230-231.
1541: Minnisgreinar Gizurar biskups. "Jtem bygt Jone Eiolfzsyne heima vegna sijnz faudurz Bulandznes kristfiarjordina vm næstu iij aar med slijkum skilmala sem hann hefur adur hafdur verid af Biskup Augmundi ad giallda hest og smior aa þa vm er ridid. fæda omagann," DI X, 656.
Búlandsneshjáleiga nefnd 1760. Borgargarður og Bjargarrétt hjáleigur í byggð 1847. Önnur forn afbýli Ásmundarhús, Halldórshjáleiga, Merki, Eyfreyjunes, Gunnukofi og Hrísey. Ekki talin upp hér öll afbýlin sem tilheyrðu kaupstaðnum. Fyrst var verslað í Fúluvík þar sem Brimarar sáu um verslunina en síðar hófu Hamborgarkaupmenn verslunarrekstur við Djúpavog og urðu deilur á milli þeirra. Verslunarstaðurinn Djúpivogur byggður í landi jarðarinnar. Í eyði frá 1944. Nýbýli Askur 1964 og Framnes 1936.
"Hamborgarar kræktu sér í leyfisbréf til verslunar á Djúpavogi með brögðum 20. júní 1589. Mætti miða aldur Djúpavogs við þann dag og ár, þótt Fúluvíkur- og Gautavíkurverslun hafi staðið lengur," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi, 417.
Þingörnefni á jörðinni.
1840: "... stórt tún og nokkrar útslægjur, ekki einasta á fastalandinu heldur og í eyjum. Heyskapur fæst þar því nokkur. Útigangur er þar og hinn besti, bæði á landi og í eyjum, jörðin er ei heldur áföllum undirlögð og hefur lítið af sér gengið.» SSM, 557. 1916-1918: Túnið er talið 3,51 ha. og taða a.m.k. 82 hestar. [...]. Túnið er ¾ slétt og ¼ þýfður, það er vel hirt. Engjarnar gefa af sér 76 h. [...]. 5.a Eldsneyti: Mótak er ekki gott, skógur enginn. Fjárreki lítill. b. Byggingarefni: Torfrista góð en ekki notuð, sem er lofsvert því torfrista er oftast [?]. Grjót og sandur er nægilegt til steinsteypu. c. Samgöngur eru góðar. Akvegur til Djúpavogarkauptúns [...] 6. Ókostir: Ágangur á landið af annar[r]a búfé. Varpeyjar eru að verða landfastar vegna sandbyrðar á eyjasundinu. Geta gripir gengið fyrir girðingar varpslandsins - er útkrefur mikið eftirlit og viðgjörð. Eyjar og beitiland skemmist af landfokinu. Svo er einnig bráðapest í sauðfé og skjögur í unglömbum. [...] 7. Leigumáli seldur 1898: Ársgjald af jörðu og 2 kúg.= 12 ám samtals kr. 300,00," Fasteignamat 1916 - 1918 SM I, 393.
1919: Tún 3,24 ha, garðar 587 m2. "B. var góð bújörð, einkum þó vegna hlunninda sem áður segir, gamla túnið allstórt og "vellagað til útgræðslu", ... en engjar þýfðar og reytingssamar, mýrar og valllendisbrekkur. Beitiland þótti gott til vetrarbeitar en sumarbeit lakari." SJM III, 426-427.

**SM-233:019** *Hjallsklettur* heimild um hjall 725198 470347
Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson segir: "Út frá kaupfélagshúsunum [Löngubúð 109 og Faktorshúsi 084] er Hjallsklettur á Fiskimannatanga og þar er Brunnhúsklettur [036]." Í bókinni Siglt og róið eftir sama höfund segir: "Hjallskletturinn er reyndar ekki til lengur. Hann hefur verið sprengdur niður í uppfyllingar." "Timburhús eru þar [í Djúpavogi] einasta 6 að tölu auk eins timburhjalls sem tilheyrir kaupstaðnum," segir í Sýslu- og sóknalýsingum. Teikning af Djúpavogi frá um 1820 í bókinni Hans Jónatan eftir Gísla Pálsson sýnir hjallinn á "Hiallklippe" og er það líklega elsta heimild um tilvist hjallsins.
Allt landslag er gjörbreytt vegna framkvæmda við hafnarmannvirki og frystihús og er Hjallsklettur í raun horfinn eins og fram hefur komið.

Ekki er ljóst hvenær hjallurinn hverfur af sjónarsviðinu en það hefur líklega verið fyrir 1920. Ekki er heldur ljóst hvort hann var rifinn eða hver örlög hans urðu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: 400 ár við voginn, 198; 3-4, Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 43; SSM, 569; Gísli Pálsson, 126



*Hjallur 019 sést á "Hiallklippe" lengst til hægri á teikningu frá um 1820 sem birtist fyrst í bók Pouls de Løvenørn frá 1822 (Gísli Pálsson, 126).*

**SM-233:025** náma mógrafir 725258 469634



*Mógrafir 025, horft til NNV*

Grunnar mógrafir eru í mýrlendum klapparmóa rétt utan við tún býlisins Hammersminnis um 150 m suðaustan við bæinn þar, sjá 079A.
Mógrafirnar eru í mýri á milli tveggja klapparholta og hallar frá þeim til austurs.
Mógrafirnar eru grunnar og grónar. Þær eru fremur deiglendar en ekki stendur vatn í þeim.
Mógrafirnar eru á nokkuð samfelldu svæði sem er 42x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dýpstar eru þær um 0,5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:026** *Steinsholt/Holt* bæjarstæði býli 725238 469945
"Steinsholt: Einar Jónsson byggði upp í Steinsholti. [...] Þau [Einar Jónsson og Guðrún Erasmusdóttir] byggðu sér síðan hús á Djúpavogi og nefndu það Steinsholt (húsið stóð litlu sunnar en Hátún er nú)," segir í Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Steinsholt var á milli Hátúns við Hammersminni 4 og íbúðarhúss við Hammersminni 6, fast norðan við kálgarð 073C frá Bjargi. Íbúðarhús Steinsholts er horfið vegna niðurrifs og sést móta fyrir grunni þess. Norðan við hann eru tvö gömul hús úr steypu og bárujárni sem kunna að hafa verið samtengd íbúðarhúsinu. Húsin sem enn sjást eru byggð inn í brekkuna austan undir Brennikletti sem myndar að miklu leyti vesturgafl húsanna. Að auki er lítil tóft norðan við þessi hús skráð með býlinu. Í húsakönnun Djúpavogshrepps frá 2014 kemur fram að húsið hafi líklega verið rifið um 1930. Þá byggði sonur hjónanna í Steinsholti/Holti


*Minjar á bæjarstæði Steinsholts 026, horft til suðvesturs*

annað hús sem nefnist Holt 127 og stendur við Eyjaland 1, um 30 m suðaustar.
Framan við bæjarstæðið er sléttað malarplan. Grunnur íbúðarhússins er gróinn og einnig er grasgróður í kringum húsin sem enn standa.
Mannvirki á bæjarstæði Steinsholts eru á svæði sem er 20x12 m að stærð og snýr norður-suður. Syðst eru ummerki um íbúðarhúsið Steinsholt en þar eru leifar af grunni þess á svæði sem er um 6x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Í honum sést grjót innan um gras og annan gróður en engar hleðslur. Þar norðan við eru tvö hús sem hafa líklega gegnt hlutverki útihúsa og/eða skemma. Húsin sem sjást snúa austur-vestur. Syðra húsið er lítið, 2,5x5,5 m að stærð. Nyrðra húsið er 9x5,5 m að stærð. Bæði eru þau bárujárnsklædd en steyptur veggur er á milli húsanna. Tóftin er svo fast norðan við húsin. Hún er einföld og 3x3 m að stærð. Ekki er hlaðinn veggur á austurgafli þar sem líklega var þil með dyrum á. Tóftin er gróin og lítillega niðurgrafin. Hún er líklega úr torfi og grjóti en ekki sést í grjót í veggjum vegna gróðurs.



*Minjar á bæjarstæði Steinsholts*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 44; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 30


**SM-233:036** *Brunnhúsklettur* örnefni brunnur
"Suður af Brunnhúskletti er Hótelshæð og suðvestur frá hæðinni klettarani alllangur og heitir eftir húsum, sem meðfram honum voru, Hlíðarendaklettur [074], Hlíðarhúsklettur [037]; milli þeirra er Mensaldurssund [sjá 075] og Hlíðarhúshali eins og jökulsorfinn, sléttur og gróðurlaus, gott að þurrka fisk á honum [sjá 038]," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson segir: "Út frá kaupfélagshúsunum er Hjallsklettur [sjá 019] á Fiskimannatanga og þar er Brunnhúsklettur." Brunnhúsklettur er að líkindum í tengslum við brunn 237 á kaupfélagslóðinni en ewkki er hægt að slá því föstu. Örnefnið er því skráð sérstaklega. Ekki er ljóst hvar þessi klettur var en mjög miklar breytingar hafa orðið á landslagi norðan við gamla kaupstaðinn vegna mannvirkjagerðar í tengslum við útgerð og fiskvinnslu. Ekki reyndist því unnt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Mögulega er Brunnhúsklettur sami klettur og Mylluklettur 185. Mylluklettsins er ekki getið í örnefnaskrá fyrir Búlandsnes en hann er á milli Hjallskletts og Hótelshæðar, um 20 m vestan við brunn 237, og er nefndur í bókinni Fólkið í Plássinu eftir Má Karlsson.
**Heimildir:** Ö-Búlandsnes, 3; Ingimar Sveinsson: 400 ár við voginn, 198; Már Karlsson, 90

**SM-233:041** *Kaupstaðarstekkur* tóft bústaður 724811 470004
Kaupsstaðarstekkur var einnig nefndur Djúpavogsstekkur, Berufjarðarstekkur eða Stekkar, samkvæmt bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson og er býlisins fyrst getið í manntali frá 1835. Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir sama höfund segir: "Sést enn móta fyrir húsgrunni og lóð í Sólhólsskotum. [...]. Í Kaupstaðarstekk bjó veitingakonan Ingibjörg Sigurðardóttir. Sagt er að hús hennar væri í Sólhólsskotum á milli kletta, skammt utan og ofan við Sunnuhvol [098] [...]. Lítið veitingahús er í Kaupstaðarstekk í Sólhólsskotunum. Við leggjum leið okkar upp hlaðnar steintröppur [088] - sem enn í dag, tæpri öld síðar, sést enn móta fyrir [...]."
"Stekkar sem bláin [Stekkablá] heitir eftir stóðu syðst í Stekkaklettum (Sólhólsskotum) og var

þar frá því fyrir miðja 19. öld veitingahús, hið fyrsta sinnar tegundar í kauptúninu. Enn eru á sínum stað tröppurnar upp í slotið," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2002.
Enn sjást ummerki um byggingar þar sem heitir Stekkar, syðst í Sólhólsskotum. Þar eru hleðslur um 70 m vestan við bæjarstæði Sólhóls 092A og um 20 m norðan við útihústóft frá Sólhóli 092J. Nafn bústaðarins bendir til þess að á staðnum hafi áður verið stekkur. Aftur á móti sér ekki til minja um stekk á svæðinu og engar frekari heimildir geta um hann.



*Minjar um Kaupstaðarstekk 041, horft til norðurs*




*Uppdráttur af hleðslum í Kaupstaðarstekk 041*

Minjarnar eru á millli á tveggja bergganga í Sólhólsklettum. Grasi gróið er á milli klettana sem eru sjálfir að mestu gróðurlausir.
Minjarnar sem enn sjást eru á svæði sem er 9,5x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á því eru tveir grjóthlaðnir kantar á milli tveggja kletta (bergganga). Efri kanturinn er norðaustar. Hann er 6 m á lengd, 0,7-0,8 m á hæð og í honum sjást fjögur umför. Neðri og suðvestari kanturinn er 7 m á lengd og sömuleiðis 0,7-0,8 m á hæð en í honum sjást aðeins 2-3 umför. Á milli kantanna er sléttur pallur sem er 8x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, er ljósmynd eftir Guðna Þórðarson frá 1951 sem tekin er af Sólhólsklettum, yfir að Sunnuhvoli 098. Í forgrunni á myndinni er húskofi sem byggður hefur verið ofan á grunn Kaupstaðarstekkjar. Ætla má að kofinn hafi verið útihús frá Sólhóli.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 43; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 55, 57, 77; ÁFÍ 2002, 95; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1697760


**SM-233:042** gerði kálgarður 724734 470035

Stór þrískiptur kálgarður er á milli tveggja mosagrónna hraunkamba rúmlega 150 m vestan við bæjarstæði Sólhóls 092A og rúmum 80 m norðan við Sunnuhvol 098.
Á þessum slóðum er þýft graslendi og til vesturs er kvistlendi áberandi.
Gerðið er 32x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er þrískipt og er lítillega grafið inn í hæð að vestanverðu, um 0,5 m. Eru hólf gerðisins aðgreind með tölustöfum í þessari lýsingu sem hefst suðvestast, á hólfi 1. Það er 8x3 m að stærð að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og má greina 1-2 umför af stæðilegu grjóti í



*Kálgarður 042, horft til suðurs*

veggjum. Mesta veggjahæð er 0,3 m og veggjabreidd 1 m. Op er á hólfinu í vesturhorni þess. Sjá má rof eftir kindur í austurhorni þess. Hólf 2 er norðaustan við hólf 1. Það er 15x9 m að stærð að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru úr torfi og grjóti. Þeir eru 0,4 m á hæð og 1 m breiðir. Ekki er unnt að sjá neitt op í hólfinu. Hólf 3 er norðaustan við hólf 2. Það er 13x9 m að stærð að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og ná mest 0,3 m hæð á austurhlið. Þetta hólf er verst farið af hólfum gerðisins og hverfur norðurveggur að hluta til undir svörð. Breidd veggja er 0,6 m. Op er á hólfinu á miðri suðausturhlið þess.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Búlandsnes, 4



*Uppdráttur af kálgarði 042*

**SM-233:045** *Erlendarvör* renna lending 724669 470605


*Erlendarvör 045, horft til norðausturs*

"Innan við Jónstanga er Erlendarvör og Erlendartangi [...]," segir í örnefnaskrá. Rudd vör er fast suðaustan við Erlendartanga í Innri-Gleðivík, um 120 m norðaustan við húsið Hvarf 102 og 140 m ASA við kálgarð 242.
Malarfjara er í Innri-Gleðivík en þar eru einnig klappir sem ganga út í sjó.
Vörin var skoðuð á vettvangi á fjöru. Hún er 10-15 m að lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Vörin er um 5 m á breidd og ekki mjög djúp. Lág grjóthleðsla er meðfram henni að suðaustanverðu sem marar í kafi.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:046** brunnur brunnur 725164 469848


*Brunnur 046, horft til vesturs. Í bakgrunni sjást minjar um Höskuldsstaði 107 og fleiri minjar í túni býlisins*

Uppi á Brennikletti/Höskuldsstaðakletti er brunnur í túni Höskuldsstaða 107, um 10 m austan við bæjarstæðið. Hann var skráður eftir miklar rigningar á svæðinu vorið 2017 og var hann fullur af vatni.
Brunnurinn er norðaustarlega í grasi grónu túni.
Brunnurinn er um 2 m í þvermál og 0,3-0,4 m á dýpt. Hann er gróinn en grjót sést í honum miðjum. Ekki er ljóst hvort það grjót sé úr hleðslu innan úr brunninum eða hvort það hafi verið sett í brunninn til þess að fylla upp

í hann og forða slysum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:047** *Fransmannsleiði* örnefni legstaður 724522 470631
"Á tanganum innan við Ytri-Gleðivík er Fransmannsleiði í þýfðri brekku. Þekkist illa frá þúfunum," segir í bókinni Djúpivogur 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Samkvæmt heimildamönnum, Ingimar Sveinssyni og Erlu Ingimundardóttur, var komið með látinn sjómann á léttabáti af franskri skútu í Gleðivík innri skömmu fyrir aldamótin 1900. Líkið var jarðsett suðvestan og neðan við kálgarð 242 sem er fast norðvestan við Bræðsluna. Líklega hefur það verið vegna samskiptaörðugleika að líkið var jarðsett þarna en ekki í kirkjugarði.
Leiðið eða gröfin er í grösugri og þýfðri brekku ofan og norðan við lítinn læk.
Ekki sjást skýr ummerki um leiðið.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 196

**SM-233:052** *Bóndavarða* varða samgöngubót 725542 469981
"Rétt utan við þorpið er Bóndavarða á kletti, gamalt innsiglingarmerki," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. "Austan við kauptúnið á Djúpavogi er allhár ás sem heitir Bóndavörðuhraun og efst á honum Bóndavarða. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var upphaflega hlaðin en munnmæli eru um að eftir Tyrkjaránið hafi menn staðið vörð þar á hrauninu og þá tínt saman í vörðu. Aðrir telja hana verk bænda sem komu í kauptíð til Djúpavogs og lituðust þaðan um eftir skipakomu. Nú tróna loftnet og endurvarpsturnar við hlið vörðunnar til vitnis um breytta tíma," segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Innsiglingamerkið Bóndavarða stendur hátt og er um 10 m norðan við byrgi 157 og 470 m suðaustan við Löngubúð 109.


*Bóndavarða 052, horft til NNA*

Bóndavörðuhraun er hátt holt sem er gróið á milli klappa.
Varðan er gulmáluð og er 3 m í þvermál og 2 m á hæð. Í henni eru 12-14 umför hleðslu og er henni haldið saman með steypu eða steinlími. Efstu tvö umförin eru ekki gulmáluð. Upp úr vörðunni stendur járnrör með fjórum spöðum efst.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** SJM III, 426; ÁFÍ 2002, 96

**SM-233:056** *Norðurgata* heimild um leið 724288 470250
"Reiðvegurinn lá hinsvegar frá Háaurunum norður fyrir Olboga og nefndist Norðurgata," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson."Suður frá Gleðivíkurtanga er enn einn klettabálkurinn, Brekkuklettur, Lögbergsklettur, upp af honum Háiklettur, Hvíldarklettur við Kaupstaðarklif; í klifinu var gerð sniðgata, þegar bílar komu, var kölluð Ástarbraut […] Ástarbraut hét líka Hestagata,» segir í örnefnaskrá. «Akvegur [frá Búlandsnesi] til Djúpavogarkauptúns," segir í Fasteignamati 1916-1918. Olnbogi er rúma 200 m norðan við bæjarhól Borgargarðs SM-234:001 og 850 m vestan við Löngubúð 109. Vegur er enn þar sem gamla leiðin lá frá Búlandsnesi 001 inn að kaupstaðnum á Djúpavogi.
Vegurinn þræðir milli kletta og bergganga á svæði sem er berangurslegt og gróðurlítið.
Ekki sjást lengur reiðgötur á leiðinni eða óyggjandi ummerki um elstu vegagerð vegna

framkvæmda við veginn og betrumbóta á honum sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina. Vegurinn er enn notaður en líklega aðeins af heimamönnum.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur. 400 ár við voginn, 196; Ö-Búlandsnes, 4, 6; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 393



*Norðurgata 056 við Olnboga, horft til suðausturs*

**SM-233:062** heimild um kálgarð 724986 469504
Á gamalli loftmynd frá 1957 sjást tveir kálgarðar og tóft saman fast suðvestan við túnið í Sjólyst 080, suðaustan undir Brennikletti/Sjólystarkletti. Þar er kominn mikill trjágróður og annar gróður og sáust minjarnar ekki á vettvangi. Vitneskjan um þær lá ekki fyrir þegar vettvangsskráning fór fram og voru þær skráðar á úrvinnslustigi.
Minjarnar eru í aflíðandi halla undir klettum. Sunnan við þær er mýri. Eins og fyrr segir er mikill gróður á þessu svæði.
Lýsingin á minjunum er byggð á loftmyndinni frá 1957 og er því aðeins lausleg. Ekki er vitað hvert ástand minjanna er nú (2017). Þær eru á svæði sem er um 32x14 m að stærð og snýr ANA-VSV. Um er að ræða tvo kálgarða, hlið við hlið, og litla tóft. Hvor kálgarður fyrir sig er um 12 m á breidd og eru grafnir inn í hallann. Ekki sjást greinilegir hlaðnir veggir í kringum kálgarðana nema í VSV-enda. Tóftin er sambyggð kálgörðunum og er við vesturhorn vestari garðsins. Hún er einföld og op á henni á SSA-gafli.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Loftmynd LMÍ (Li2-5246)


**SM-233:063** heimild um leið 725049 469569
Á túnakorti Sjólystar 080 frá 1919 sést leið sem liggur frá bæ 080A til norðvesturs út úr túninu og upp á Brenniklett/Sjólystarklett. Ekki er ljóst hvert þessi leið lá en hún var hluti af þéttu neti gatna sem myndast hafa eftir því sem byggðin þéttist í þorpinu.
Frá Sjólyst lá leiðin upp grasi gróna brekku upp á Brenniklett þar sem eru klappir og gróin svæði inn á milli.
Engin skýr ummerki sjást um leiðina innan lóðar Sjólystar og ekki er hægt að greina hana af loftmynd.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Ljósmynd úr safni Nönnu Þórhallsdóttur sem finna má á vef Djúpavogshrepps (http://djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192). Á henni sést hvar bátum er lent í lendingu 067 neðan við Hjallsklett, sjá 019.*

**SM-233:067** heimild um lendingu
725173 470273
"Í fjörunni sunnan við Hjallsklettinn [019], austan við gamla frystihúsið, var góð lending og gott uppsátur. Þar voru líka reistar trébryggjur," segir í Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Lendingin var í malarfjöru sem var á milli Hjallskletts 019 og kaupstaðarhúsa (sjá Langabúð 109 og Faktorshús 084).

Minjar þessar sem hér eru nefndar eru horfnar vegna framkvæmda við hafnarmannvirki og frystihús.
Búið er að sprengja klappir og gera mikla landfyllingu á svæðinu þar sem lendingin var.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 43




**SM-233:068** *Borgargerði* bæjarstæði býli 724412 469991
Túnakort Borgargerðis frá 1919 sýnir að tún þess var 0,57 ha að stærð, og garðar 224 m2 að stærð. Inn á túnakortið er bæjarhús (A) merkt, ásamt túngarði (B), þremur útihúsum (C, E og F) og þremur kálgörðum (D, G, H). Tvær leiðir eru einnig sýndar á kortinu; önnur liggur frá bæ (I) og liggur að hinni leiðinni sem er töluvert breiðari og liggur meðfram norðvesturhlið túnsins. Sú leið er skráð undir númerinu 128 og lá frá Búlandsnesi 001, um túnið í Borgargarði SM-234 og áfram að kaupstaðnum við voginn. Býlið er nefnt í manntali 1890 í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Í Fasteignamati 1916-1918 segir: “Borgargerði (Grasbýli). [...] Íbúðarhús [bæjarhús A] 6,3x3,78x1,89+1[,]89 m. Fornt timburhús frá 1864 með járnþaki. 2. Lóðin er 788 m2, notuð til grasræktar; taða að mt. 12 hestar [...]. Ársleiga kr. 25,00.” Húsin eru metin á kr. 400,00 og lóðin á kr. 400,00. Bæjarstæði Borgargerðis er um 50 m norðan við Víkingaskip (náttúruörnefni), um 170 m austan við Borgargarð SM-234:001 og 115 m norðan við býlið Borg 098.
Minjarnar eru í túni innan um kletta. Landið er grasivaxið og er mikill mosi í grasinu. Á austanverðu svæðinu er íbúðabyggð, en að vestanverðu er óræktað svæði. Þar er kargaþýfi og hér og þar standa hraunklettar upp úr sverði.
Minjasvæðið er 140x80 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Til aðgreiningar er minjum gefinn bókstafur í þessari lýsingu. Skipta má svæðinu í tvennt með tilliti til staðsetningar minja innan þess. Annars vegar þær minjar sem eru á norðurhluta svæðisins, þ.e. mannvirki A, B, C og I. Hins vegar minjaþyrpingu á suðausturhluta þess, nánar tiltekið minjar D, E, F, G og H. Lýsing þessi hefst á norðausturhluta svæðisins, á bæjarhúsum A. Þar stendur hús sem var byggt árið 1927 samkvæmt Þjóðskrá. Það er 8x6 m að stærð, snýr nálega austur-vestur og er inngangur í það að norðanverðu. Túngarður B afmarkaði norður- og austurhliðar túnsins en er sýndur að litlu leyti

meðfram öðrum hliðum þess. Engin ummerki um túngarð í Borgargerði sjást lengur vegna vegagerðar og byggingaframkvæmda. Samkvæmt túnakorti er útihús C um 50 m norðaustan við bæjarhús A. Einu sýnilegu ummerkin um útihúsið er grjóthleðsla. Hleðslan er 6x0,5 m að stærð og sjást 2-3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum, sem ná mest 0,4 m hæð. Kálgarður D er merktur inn á túnakort um 40 m austan við bæjarhús A. Búið er að slétta það svæði undir tún, sem er í órækt. Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði og hefur hann líklega horfið vegna sléttunar. Inn á túnakort er útihús E merkt um 40 m suðaustan við bæjarhús A. Svæðið er í bakgarði íbúðarhúss Borgarlands 5 og ekki sér til minja á yfirborði. Samkvæmt túnakorti er útihús F um 70 m suðaustan við bæjarhús A. Svæðið er mikið raskað og er búið að leggja bílaplan þar fyrir íbúðarhús Faxatúns 3. Engin ummerki útihúss eru sjáanleg á yfirborði. Sennilega hefur útihúsið lent undir bílaplaninu. Inn á túnakort er kálgarður G teiknaður um 80 m suðaustan við bæjarhús A. Svæðið hefur tekið róttækum breytingum á umliðnum árum. Þar er bakgarður íbúðarhúss Faxatúns 3 og ekki sér til leifa kálgarðs á yfirborði. Samkvæmt túnakorti er kálgarður H um 100 m suðaustan við bæjarhús A. Nú (2016) er þar bakgarður íbúðarhúss Faxatúns 3 og sér ekki til minja á yfirborði. Inn á túnakortið er leið I merkt. Hún liggur frá bæ A til norðurs og fer meðfram vesturhlið bæjarins. Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði. Í fasteignamati 1916-1918 segir: “Á lóðinni standa einnig [h]laða og m[ó]kofi.” Líkast til eru þessi hús eitthvað af útihúsunum sem teiknuð eru inn á túnakortið, það er C, E, og F, en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.




*Bæjarstæði Borgargerðis 068A, horft til norðurs*



*Grjóthleðsla, leifar af útihúsi 068C, horft til norðurs*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 55; Fasteignamat 1916-1918; SM I, 397




**SM-233:069** *Hlíð* bæjarstæði býli 724593 469866
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var heimatún Hlíðar 0,77 ha að stærð, og garðar þess 346 m2 að stærð. Á túnakortinu eru auk bæjarhússins (A) eftirfarandi mannvirki merkt inn: Fjögur útihús (B, D, F, og G), lítill ólitaður ferningur rétt við eitt útihúsanna, hugsanlega brunnur (E); einn kálgarður (H); leið frá bæ (I), og túngarður (C) umhverfis stóran hluta túns. Auk þessara minja voru skráðir tveir kálgarðar suðvestast í túni Hlíðar (J og K) en þeir eru ekki teiknaðir á túnakortið og eru líklega yngri en það. Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Hlíð (Grasbýli). [...]. Íbúðarhús [Bæjarhús A] - 5x67x3,15x2,52+1,58 m. Timburhús með grjótveggjum á 3 hliðar. Járnklætt og járnvarið, nýlega endurbætt. Skúr er við húsið með járnvörðu þaki, þiljaður til íbúðar - stærð: 2,52x2,2x2,52 m [...] einnig þurrkhús - hjallur [G] 2. Lóðin er 1182 m2 mestöll ræktuð - Sáðreitur 30 m2 [kálgarður H] [.] Taða 16 hestar - túnið afbragðs velræktað. Ársleiga kr. 12,00. Lóðin er girt með grjóti [túngarður C]." Húsin eru metin á kr. 800,00 og lóðin á kr. 600,00. Í manntali frá 1880 og 1890 er getið um ábúendur í Hlíð en býlið var skráð sem þurrabúð árið 1880. Í Húsakönnun í Djúpavogshreppi frá 2014 segir: "Hjónin Guðrún Aradóttir ljósmóðir frá Fagurhólsmýri og Guðjón Eyjólfsson sjómaður byggðu húsið 1907." Í sama riti kemur fram að húsið var fullklárað árið 1924 og fljótlega var reistur skúr við norðvesturhlið hússins. Árið 1936 tók húsið miklum breytingum og var ákveðið að "[…] rífa hluta af Hlíð til þess að geta byggt húsið í Framnesi. Eftir stóð nyrðri hluti hússins." Jafnframt er greint frá því að einnar hæðar geymsluskúr var byggður við húsið árið 1950. Minjar um grasbýlið Hlíð eru um 190 m austan við bæjarhús Borgarlands 089A,



*Gamla húsið á bæjarstæði Hlíðar 069A sem byggt var árið 1907. Svona leit það út áður en hluti þess var rifinn af því og fluttur að Framnesi árið 1936. Myndin er úr safni Guðrúnar Guðjónsdóttur sem aðgengilegt er á vef Djúpavogshrepps (http://djupivogur.is/aðalvefur/?pageid=2186*

fast norðan við Búlandsgötu og liggur gatan Hlíð í gegnum tún gamla býlisins.
Gamla heimatún Hlíðar er klofið í tvennt af götunni Búlandi sem liggur þvert í gegnum það. Flestar minjarnar voru í norðausturhluta túnsins. Gatan Hlíð liggur af Búlandi og um suðaustanverðan hluta túnsins og við hana eru nokkur íbúðarhús. Í norðvesturjaðri túnsins er mosagróinn hraunhryggur og hallar landi frá honum til suðausturs.




*Bæjarstæði Hlíðar 069A, horft til suðvesturs. Þar stendur enn húsið sem byggt var 1907.*

Minjasvæðið er 160x75 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í þessari lýsingu er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Lýsingin hefst á bæjarhúsi A en það er merkt rétt vestan við miðju á túnakorti. Það er 11x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Húsið er bárujárnsklætt og er það tekið að ryðga víðast hvar. Fyrir aftan húsið er hrúga af glerbrotum og er byrgt fyrir suma glugga hússins. Ekki er lengur búið í húsinu. Í Húsakönnun í Djúpavogshreppi frá 2014 segir: "Húsið var reist á hlöðnum grunni og kjallari var undir fyrri áfanga þess. Var hann notaður fyrir geymslu á mat, nokkurs konar búrkjallari. Utangengt var í hann að framanverðu og er enn." Útihús B er merkt um 30 m VNV við bæjarhús A inn á túnakortið. Á þeim slóðum er óræktað svæði og hraunkambar til vesturs. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Sennilega hafa byggingaframkvæmdir vegna íbúðabyggðar raskað minjunum. Samkvæmt túnakorti umlukti túngarður C heimatún Hlíðar. Garðurinn er varðveittur á köflum meðfram suðvestur-, norðvestur- og norðausturhliðum túnsins. Túnið hefur verið fært töluvert út til suðvesturs eftir að túnakortið var gert 1919 og má því ætla að túngarðsleifarnar sem eru meðfram suðvesturenda túnsins séu yngri en aðrir hlutar hans. Engin ummerki um túngarðinn sjást lengur meðfram suðausturhlið túnsins vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar. Þar sem garðurinn sést enn er hann grjóthlaðinn og er hann best varðveittur meðfram norðausturhlið túnsins. Þar er hann 0,4 m á hæð, um 0,4 m á breidd og telja má 2-3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Á norðvesturhlið garðsins stendur ekki steinn yfir steini og hleðsluhæð mest 0,1-0,2 m. Þar er hann um 0,3 m á breidd. Þar sem suðvesturhlið garðsins sést er aðeins jarðlæg grjótröð sem er 0,4  á breidd. Garðurinn er það umfangslítill og mjór að ætla má að girt hafi verið ofan á hann með gaddavírsstrengjum. Útihús D er merkt inn á túnakort tæpum 20 m suðaustan við bæjarhús A. Svæðið hefur tekið róttækum breytingum á umliðnum árum og er búið að leggja akveg þar skammt hjá. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Mannvirki E er merkt inn á túnakortið um 15 m suðaustan við bæjarhús A. Það er teiknað sem lítið ferkantað mannvirki inn á túnakortið og sennilega er um brunn að ræða. Engin ummerki um brunn sjást á yfirborði. Útihús F er merkt inn á túnakortið, um 50 m norðaustan við bæjarhús A. Búið er að leggja akveg þvert yfir þar sem útihúsið stóð, og er það horfið af yfirborði og hefur það líkast til lent undir veginum. Samkvæmt túnakorti er útihús G um 60 m NNA við bæjarhús A. Þar er einföld tóft, sem er 8x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður.



*Hluti af túngarði Hlíðar 069C, horft til suðurs*






*Útihústóft 069G, horft til vesturs á ljósmynd*

Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Mesta veggjahæð er 0,5 m. Ekki er hægt að telja umför vegna mikils gróðurs á veggjum, engu að síður glittir í grjót í hleðslum. Kálgarður H var um 50 m suðaustan við bæjarhús A. Svæðið er mikið umbreytt frá því sem áður var og búið að leggja veg yfir minjastaðinn. Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði og líklega hefur hann lent undir veginum. Leið I lá að bænum Hlíð úr norðaustri samkvæmt túnakortinu. Engin ummerki umgömlu leiðina sjást á yfirborði vegna vegagerðar og byggingaframkvæmda. Í Fasteignamati 1916-1918 segir: "Svo er og hús fyrir 3 fjár og hlaða er tekur 40 hesta." Þessi hús eru líklega einhver af þeim útihúsum sem merkt eru á túnakort, það er B, D, og F. Frekari heimilda er hins vegar þörf til þess að hægt sé að staðfesta það. Kálgarður J er grafinn inn í slétta og vel slegna brekku upp af íþróttasvæðinu á Djúpavogi, um 73 m sunnan við bæ A. Hann er um 5x7 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Stallur er framan við hann til suðausturs sem er 0,5 m á hæð. Óljósir veggir eða brúnir eru á langhliðum. Kálgarðurinn er í halla til suðausturs. Kálgarður K er grafinn neðarlega inn í aflíðandi halla í sömu brekku, um 25 m suðvestan við kálgarð J og fast norðaustan við túngarð C þar sem hann sést á stuttum kafla á mörkum túna Hlíðar og Áss 097. Kálgarðurinn er 7x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Kantur framan við kálgarðinn er um 1 m á hæð en hann er meðfram íþróttasvæðinu að hluta og því lengri en kálgarðurinn.




*Kálgarður 069J, horft til suðurs*



*Kálgarður 069K, horft til suðvesturs. Við suðvesturenda kálgarðsins sést í túngarð 069C og fjær er húsið Ás 097.*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Túnakort 1919; Fasteignamat 1916 - 1918 SMI, 397; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 58-59




**SM-233:070** *Hraun* bæjarstæði býli 724911 470080

Túnakort Hrauns frá 1919 sýnir að tún þess hefur verið 0,63 ha að stærð og þar af hafa garðar verið 169 m2. Túnakortið sýnir bæjarhús (A) og fjögur útihús (B, C, D og E), einn kálgarð (F), túngarð (G) meðfram stórum hluta túnsins, brunn (H) og tvær leiðir (önnur þeirra sama leið og 093H í Ekru, hin fær bókstafinn I).

Í Fasteignamati 1916-1918 segir: "Hraun (Grasbýli). [...]. Íbúðarhús [bæjarhús A] - 7,56x5,67 m. Timburhús byggt 1887 með járnvörðu þaki og kjallara undir öllu húsinu. Húsið er gott, hlýtt og þurrt. [...]. Ef húsið væri leigt er ársleiga talin hæfileg: kr. 180,00. Síðasta söluverð hússins var í peningum kr. 2000,00. 2. Lóðin er talin 1 dagslátta = 3192 m2 - [n]otuð til grasræktunar, taða 8 hestar að mt. Girt með grjóti [túngarður G]. Á lóðinni standa einnig þessi hús: hlaða, fjós [líklega útihús B] og fjárhús [líklega útihús E]. Ársleiga með hagagöngu fyrir 1 kú - kr. 25,00.- Húsin eru metin á 300,00 og lóðin á 500,00.

"Reyndar er myndarlegt, nýtt tveggja hæða hús sunnan við Kaupstaðarklifið. Það er Hraun. Þarna býr Páll H. Gíslason verslunarmaður með fjölskyldu sinni. Þetta hús var reist 1888 [...]," segir í bókinni Djúpivogi: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson.




*Ljósmynd úr myndasafni Guðrúnar Guðjónsdóttur sem er aðgengilegt á vef Djúpavogshrepps (http://djupivogur.is/adalvefur/?pageid=2186). Á myndinni sést íbúðarhúsið á bæjarstæði Hrauns 070A og útihús 070B hægra megin við það. Vinstra megin við það er líklega afgirtur kálgarður sem ekki er sýndur á túnakorti.*

Í Húsakönnun í Djúpavogshreppi frá 2014 kemur eftirfarandi fram um sögu hússins: “Lúðvík Jónsson snikkari, byggði húsið 1888 og bjó þar um skeið með sínu fólki. Um aldamótin 1900 bjó í húsnu Páll H. Gíslason verslunarmaður, og fjölskylda hans en 1905 flytur sóknarpresturinn, séra Jón Finnsson frá Hofi í Álftafirði til Djúpavogs og sest að í Hrauni. Bjuggu Jón og fjölskylda hans í húsinu til 1931 en þá eignuðust Gísli Guðmundsson og Ingibjörg Eyjólfsdóttir húsið. Ráku þau hjón símstöð í því um árabil. Árið 1976 komst húsið í eigu Búlandshrepps og hýsti það hreppsskrifstofu til 1993 uns það var selt hjónunum Jóni Kr. Antoníussyni og Björgu Stefu Sigurðardóttur. Þau eru núverandi [2014] eigendur þess og búa í því.” Minjar um býlið Hraun eru tæpum 5 m austan við götuna Hraun, 65 m norðaustan við Sólhól 096 og 50 m vestan við Kaupstaðarklif.
Stór hraunkambur er á vestanverðu minjasvæðinu og eru allar minjarnar beint þar fyrir neðan, í aflíðandi brekku sem hallar til austurs. Minjasvæðið er allt innan bakgarða íbúðarhúsa ef frá er talinn norðurhluti þess sem er á óræktuðu svæði.
Minjasvæðið er 55x45 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Allar minjar innan túns fá sér bókstaf til aðgreiningar í lýsingunni sem hér fer á eftir. Lýsing hefst að suðaustanverðu, á bæjarhúsi A. Það er 11x9 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Búið er að gera húsið upp en það heldur enn stórum hluta af sínu upprunalega formi. Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson er gömul ljósmynd af húsinu. Samkvæmt túnakorti frá 1919 er bærinn merktur vestarlega fyrir miðju innan heimatúnsins. Umhverfið hefur tekið stakkaskiptum á liðnum árum, búið er að leggja malbikaðan akveg upp við húsið suðaustanvert, sem og reisa íbúðarhúsið Dalsmynni (b. 1968) suðvestan við það. Um húsið segir í Húsakönnun: “Húsið er í dönskum stíl. Einnar hæðar timburhús með portbyggðu risi á hlöðnum kjallara. Upprunalega var tréklæðning utan á útveggjum, fagskiptir gluggar og tréspónn á þaki. Vegna símstöðvarinnar sem rekin var í húsinu, lét Gísli Guðmundsson reisa skúr við innganginn sem nýttur var í þeim tilgangi. Þar sat fólk og talaði í símann og var afgreitt í gegnum lúgu, en skiptiborðið sjálft var inni í stofu. Byggður var annar skúr, aftan við húsið, sem notaður var sem aðalinngangur fyrir heimamenn og gesti. Jafnframt lét Gísli steypa 20 m hjúp utan um allt húsið, steypt var utan á kjallaraveggi og allt upp í rjáfur.” Á túnakorti er útihús B um 20 m norðaustan við bæjarhús A.




*Útihúsatóftir 070C og D, horft til austurs*




*Uppdráttur sem sýnir tóftir 070C og D*

Á þessum slóðum er óræktað svæði og sjást engin ummerki um útihús á yfirborði. Á túnakorti er útihús C sýnt um 40 m norðan við bæjarhús A. Þar er tóft sem er 11x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og á kafi í grasi. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og er mesta vegghæð 40 cm en breidd um 1 m. Það glittir í grjót á suðurvegg, en vegna gróðurs er ekki unnt að greina umför. Tóftin er best varðveitt til norðurs og suðurs, en vesturveggur er nær allur undir sverði.

Grjót er á víð og dreif umhverfis tóftina og ekki er óhugsandi að einhverjir þeirra séu hrun úr tóftinni. Ekkert op er sjáanlegt. Samkvæmt túnakorti var útihús D um 30 m norðan við bæ A og 5 m austan við útihús C. Þar er einföld, torf- og grjóthlaðin tóft sem er 7x5m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún er á kafi í grasi og eru vegghleðslur rúnaðar. Hún hefur op til norð-norðvesturs og eru vegghleðslur um 1,5m á breidd og 80cm á hæð. Ytrabyrði er skýrara en innra byrðið. Í austurhliðina á tóftinni hefur blárri plasttunnu verið komið fyrir. Samkvæmt túnakorti er kálgarður F um 40 m suðvestan við bæjarhús A. Kálgarðurinn er 22x10 m að stærð og snýr






*Kálgarður 070F, horft til vesturs á ljósmynd*

norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru grjóthlaðnar og glittir víða í stórgrýti í þeim, en þó er aldrei meira en eitt umfar sjáanlegt. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m og eru hleðslur 0,5-1 m á breidd. Um 2-3 m hár hraunkambur afmarkar kálgarðinn til vesturs, en austurveggurinn er nær allur kominn undir svörð og sést aðeins sem lægð í túninu. Búið er að raska minjastaðnum töluvert og hefur trjám verið plantað innan kálgarðsins. Samkvæmt túnakorti var útihús E rúmum 40 m norðan við bæ A og 5-10 m norðan við útihús D. Ekkert sér til minja sökum þess að húsið hefur verið sléttað undir blómabeð sem þar er í garði húss nr. 8 við götuna Kamb. Á túnakorti er mannvirki H merkt um 15 m sunnan við bæjarhús A. Ætla má, miðað við teikningu túnakortsins, að um brunn sé að ræða. Engin ummerki um brunn sjást á yfirborði því þar stendur núna íbúðarhúsið Dalsmynni (b. 1968). Túngarður G afmarkaði allar hliðar túnsins nema norðvesturhliðina sem afmarkaðist af Hraunskletti. Engin ummerki sjást lengur um hann vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar. Að lokum er á túnakorti leið I sem lá frá bæjarstæð Hrauns til norðausturs. Engin ummerki sjást um leiðina vegna rasks.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 398; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 73; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 49-50


**SM-233:076** *Von* bæjarstæði bústaður 724980 470056

Býlið Von kemur fram í manntali 1890 (þá þurrabúð), samkvæmt bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinssonar. Í sama riti segir einnig: "Flestum ber saman um að Von hafi staðið á Ekrubalanum [sjá 093], nær þar sem Nýborg stendur nú."

"Býli, sem hét Von, var niður undir klettinum beint niður af Hrauni [070]. […] Þau fluttust aftur í V-Skaftafellssýslu (1904) og var þá Von rifin," segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Bæjarstæðið er 20 m austan við Ekru 093A og um 40 m norðvestan við kaupfélagsverslun. Engar frekari heimildir hafa fundist býlið og því er ekki hægt að staðsetja það nánar en hér er gert.

Mikið rask hefur verið á svæðinu á umliðnum árum og er búið að byggja íbúðahús á bæjarstæði

býlisins.
Engin ummerki um bæjarstæði Vonar sjást á yfirborði. Búið er að reisa nýlegt hús á þessum slóðum og slétta svæðið. Mjög sennilega er bæjarstæðið að stórum hluta komið undir húsagarð íbúðarhússins að Búlandi 6. Þó er ekki loku fyrir það skotið að mannvistarleifar kunni að leynast þarna enn undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 55, 56; Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 43




**SM-233:077** *Brekka* bæjarstæði býli 724858 470350
Samkvæmt túnakorti Brekku frá 1919 voru tún 0,38ha. Á túnakortinu eru sýnd þrjú útihús (sjá B, C og D) auk bæjarins (A), túngarðs (E) og leiðar (F). Fleiri minjar eru við og innan túnsins sem ekki eru teiknaðir á túnakort og eru því að líkindum yngri en það. Þetta eru tóft G, hleðsla H, tóft I, steyptur grunnur J, hlaðnar undirstöður vindmyllu K, grjótþúst L og steyptur grunnur M. Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: «Brekka (Grasbýli).[...]. Íbúðarhús byggt 1890 [sjá A]. Veggir úr grjóti og torfi. Tyrft þak. Innanbygging úr timbri. Stærð: 3,8x3x3+1,5 m með skúr. Lóðin er talin 6382 m2 notuð til túnræktar. Taða að mt. 14 hestar [...]. Girt með grjóti [sjá túngarð E]. Ársleiga talin kr. 12,00." Húsið er metið á kr. 200,00 og lóðin á kr. 600,00.
Í túni Brekku stendur hús sem var byggt árið 1927 norðaustan við gamla bæjarstæðið. Það hefur húsnúmerið Brekka 8 (sjá N í lýsingu). Eldra bæjarstæði Brekku var alveg upp undir klettaröð sem nefnist Brekkuklettur, um 25 m suðvestan við yngra íbúðarhúsið og 48 m norðvestan við Lögberg 101. Við upphaf 6. áratugarins var Fabrikka Jakobs Gunnarssonar færð að Brekku og stóð það hús vestan við núverandi íbúðarhús í Brekku, sjá 254.
Tún Brekku er austan undir Brekkukletti og var í halla til austurs. Innan þess er íbúðabyggð við götuna Brekku. Eldra bæjarstæði Brekku var hátt uppi í brattri brekku austan undir klettum. Yngra íbúðarhús í Brekku stendur neðar og norðar í þessari sömu brekku.
Minjasvæðið er um 130x60m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess eru 14 minjar sem hafa fengið bókstafi til aðgreiningar. Þær minjar sem ekki voru teiknaðar á túnakortið árið 1919 eru

að líkindum yngri en það, sér í lagi steyptu mannvirkin en aldur þeirra er ekki þekktur. Þó að þessar minjar séu ekki fornleifar eins og lögin skilgreina þær, eru þær hluti af þeirri minjaheild sem gamla túnið í Brekku er. Lýsingin hefst á bæjarstæði A sem er vestast á miðju svæðinu. Ummerki um byggingar eru á svæði sem er 16x10m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar eru flatir stallar þar sem bæjarhúsin hafa staðið. Ekki sést nein uppsöfnun mannvistarlaga að ráði. Yngra íbúðarhúsið í Brekku (N) sem byggt var 1927 er um 20 m norðaustan við eldra bæjarstæði A. Húsið er timburhús á steyptum kjallara og er það að hluta byggt inn í brekku. Það er um 12x7m að grunnfleti, snýr norðaustur og suðvestur og er undir þaki. Í Húsakönnun



*Gamla bæjarstæði Brekku 077A, horft til norðvesturs*



*Bæjarstæði Brekku var flutt til norðausturs þegar nýtt hús var byggt 1927. Það hús sést hér á myndinni 077N, horft til vesturs.*

í Djúpavogshreppi segir "Árið 1940-1941 byggði Áki áfastan skúr klæddan bárujárni meðfram bakhlið hússins. Í skúrnum var eldhús og herbergi. Inngangur var í skúrinn á efri hæð og lágu þangað steyptar tröppur meðfram norðausturgafli hússins. Ekki var innangengt milli skúrsins og gamla hússins svo vitað sé (...). Útfærsla grunnmyndar hússins er nú allrar athygli verð. Á neðri hæð er stofa syðst, þá inngangur og stigi upp á efri hæð. Síðan eldhús hinum megin við innganginn og herbergi inn af því. Á efri hæð eru svo herbergi." Samkvæmt túnakortinu frá 1919 var útihús B 55-60m austan við bæjarstæði A og hefur sá minjastaður farið undir veg sem liggur milli íbúðarhúsa við götuna sem heitir Brekka eins og býlið. Samkvæmt sama túnakorti stóð útihús C 35-40m suðaustan við bæinn. Þar sér ekki til minja en útihúsið var þar sem er húsagarður Lögbergs (sjá 101) sem er hús nr. 12 við götuna Brekku. Þriðja útihúsið



*Hluti af túngarði 077Ei í Brekku, horft til suðurs*



*Hleðsla 077H, horft til austurs*


D stóð 5m norðan við bæjarstæði A. Þar er slétt grasflöt eða pallur sem er um 3x3m að stærð. Á milli bæjarstæðis A og útihúss D er slétt flöt sem er 3x2m að stærð. Ekkert sér lengur til leiðar F sem lá frá bæjarstæði A til suðausturs. Túngarður E er mjög slitróttur en greinilegastur er hann í grunnri hvilft (Ei) tæpa 35m sunnan við bæjarstæði A. Þar er um 10m löng hleðsla sem er um 0,9m á hæð og 1m á breidd og er greinilegt op á henni þar. Um 6m suðaustan við þessa hleðslu er önnur hleðsla, H, hugsanlega hluti af túngarðinum í grunninn en samkvæmt heimildamanni, Andrési Skúlasyni, er hún úr grjóti sem hreinsað var úr túninu í Brekku. Hleðslan myndar stall í brekkunni og í henni er kringlótt dæld. Þessi hleðsla er 7x3m að stærð og snýr austur-vestur og er hlaðin milli tveggja kletta. Annar hluti túngarðsins (Eii) er uppi á Lögbergskambi, um 65 m norðan við syðsta hluta túngarðsins Ei. Þar er 14 m langur, einhlaðinn grjótgarður. Garðurinn er 0,3 m á hæð og breidd og í honum sjást 1-2 umför grjóts. Nyrsti kafli túngarðsins Eiii er 25 m norðaustan við hluta Eii. Hann sést á um 20 m kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Steyptur grunnur J er við suðvesturenda þessa hlutar garðsins. Garðurinn er grjóthlaðinn, en ekki stendur steinn yfir steini. Hann var hlaðinn úr smágrýti og er 0,2 m á hæð. Steinsteypti grunnurinn J er norðarlega í túnjarði, fast við slitur úr túngarði Eiii og 5 m norðan við tóft I. Grunnurinn er 8x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er 0,3 m á hæð. Ætla má að þarna hafi staðið útihús sem hafi verið rifið að öðru leyti. Tvískipt tóft I er 5 m sunnan við grunn J og 60 m norðan við eldra bæjarstæði Brekku (A), uppi á breiðri klettasyllu eða stalli á svonefndum Lögbergskambi. Tóftin er 9x8m að stærð og snýr svo til norður-suður. Hún er byggð upp að klettum sem mynda jafnframt suðvesturhlið hennar. Norðurhlið tóftarinnar er torf- og grjóthlaðin en aðrar vegghleðslur eiginlega eingöngu grjóthlaðnar. Vegghleðslur eru 60-120cm á hæð og um 1m á breidd. Í þeim sjást 3-5 umför grjóts. Innra (vestara) hólfið er 4x2m að innanmái. Framan við það, í austurhluta tóftarinnar, er stærra hólf sem er 7x3m að innanmáli. Öll austurlanghlið þess hólfs afmarkast eingöngu af kanti en engri vegghleðslu. Í fremra hólfinu vottar fyrir niðurgröfnum og steyptum hring og líka steyptum og hlöðnum kassa. Hvoru tveggja er þetta á kafi í grasi og ekki ljóst hvaða hlutverki



*Grunnur 077J, horft til NNA*



*Tóft 077I, horft til suðvesturs á ljósmynd*



þessi mannvirki hafa þjónað.
Vindmylla stóð framarlega á Lögbergskambi um 15m norðan við bæjarstæðið í Brekku (A), og um 5m norðan við þúst L. Þar má enn greina hleðslu K sem hefur verið undirstaða myllunnar. Hleðslan er ferhyrnd, 1x1m að stærð og um 0,3m á hæð. Hún er hlaðin úr smáu og meðalstóru grjóti sem límt hefur verið saman með steypu. Hleðslan er mosagróin og umhverfis hana gróðurkragi. Um 5 m sunnan við þessa hleðslu er hringlaga grjótþúst L. Þústin er um 1,5 m í




*Hleðsla 077K, undirstöður vindmyllu, horft til norðausturs*



*Steyptur niðurgrafinn rammi 077G, horft til austurs*

þvermál og 0,3m á hæð. Í kringum hana er gróðurkragi. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þústin hefur verið. Þá er að nefna steyptan grunn M sem er um 30 m suðvestan við bæjarstæði Brekku (A) og og 10-15 m sunnan við minnisvarða um hjónin Áka Kristjánssonar og Áslaugu Jónsdóttur. Grunnurinn er 2x2 m að stærð og er ferkantaður. Hann er grafinn niður um 0,5 m. Veggir eru 0,6 m á hæð og standa því aðeins lítilsháttar upp úr sverði. Ekki er ljóst hvaða hlutverki mannvirkið þjónaði. Að lokum er að telja steyptan, niðurgrafinn ramma G sem er 45 m sunnan við bæjarstæði A. Hann er um 5x1,5m á stærð og náði á milli tveggja kletta. Hann var eins konar stífla og í honum miðjum er steypt hólf, brunnur, sem er 1,5m á kant og í því eru leifar af bárujárni og timbri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 55, 196; Túnakort 1919; Fasteignamat 1916 - 1918 SM I, 399; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 39




**SM-233:078** *Fagrahlíð* bæjarstæði býli 724774 470480

"Klettarani liggur frá Borgargarðsklifi niður að Berufirðinum og undir klettarananum stóðu húsin, Melar [095], Sólheimar [130], Steinsstaðir [096], Fagrahlíð og Hvarf [102]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Fögruhlíðar er fyrst getið í manntali árið 1880 og er það elsta heimild um býlið. Samkvæmt túnakorti Fögruhlíðar frá 1919 var túnið 0,31 ha að stærð og garðar 224 m2. Á því eru tilgreindir níu minjastaðir sem fá bókstafi til aðgreiningar. Á túnakortinu eru sýnd bæjarhús A, tvö útihús, C og G; fjórir kálgarðar, B, D, E og F; leið H sem liggur framhjá bæ og túngarður I sem liggur meðfram stórum hluta túns. Ein tóft J var einnig skráð innan túns en er ekki sýnd á túnakorti.

Fasteignamat 1916 - 1918:

"Fagrahlíð (Grasbýli). […]. Íbúðarhús 5,04x3,78x3,15+1,69 m. Veggir á þrjá vegu úr grjóti og torfi. Byggt 1914. [Þ]ak og framveggur járnvarið. Kjallari enginn. Skúr. Geymsluhús og móhús og 2 smákofar. 2, Lóðin er grunnlóð […] talin 3192 m2 og notuð til grasræktar. Ársleiga kr. 30,00. Taða 7 hestar. … Húsin eru metin á kr. 300,00 og lóðin á kr. 400,00."

Býlið er komið í eyði og er ekkert af þeim húsum sem teiknuð eru á túnakort uppistandandi. Aðaltún jarðarinnar hefur verið sunnan við íbúðarhúsið sem stóð uppi við lága klettaborg ásamt útihúsum og kálgörðum.

Minjasvæðið er um 170x100m að stærð og snýr norður suður. Bæjarhús A, hafa verið rifin, en þau stóðu fast suðvestan undir lágri klettaborg. Einu ummerkin eftir þau er sléttur pallur sem er 17x9m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Að öllum líkindum



*Bæjarstæði Fögruhlíðar 078A, horft til norðvesturs*


má gera ráð fyrir því að bæjarhúsin hafi að einhverju leyti verið grafin inní brekkuna sem þau stóðu undir. Engin greinilega upphleðsla sést við bæjarstæðið sem er reyndar á kafi í grasi. Samkvæmt túnakortinu var kálgarður B 2-5m suðaustan við bæjarstæði A. Þar má enn sjá flata grunna gryfju sem er 10x5m að innanmáli, 10-15cm djúp og snýr norðaustur og suðvestur. Hann er á kafi í grasi og er á lágum stalli sem er um 2m hærri en túnið. Samkvæmt túnakortinu var útihús C um 10m norðan við bæjarstæði A. Útihús C hefur verið byggt milli tveggja kletta á nokkuð kröppum hól og mynda klettaveggirnir jafnframt norðvestur- og suðaustur-langhliðar tóftar sem enn sést. Innanmál hennar er 7x2m, hún er tvískipt og er milliveggurinn hlaðinn úr grjóti sem er 50cm á hæð og 1m á breidd. Það er op á milliveggnum upp við norðvestur-langhliðina. Við norðurgafl tóftarinnar er grjóthleðsla sem er 40-50cm há og sjást 2 umför. Fast utan við hana er hlaðinn kantur og annar eins að sunnanverðu. Útihúsið hefur að öllum líkindum haft



*Gömul mynd af Fögruhlíð 078 úr myndasafni Guðrúnar Guðjónsdóttur. Myndasafnið er á vef Djúpavogshrepps (http://djupivogur.is/adalvefur/?pageid=2186). Á miðri mynd sést íbúðarhús á bæjarstæði 078A. Neðan við það er grjóthlaðinn túngarður 078I og vinstra megin við það er úthús 078G.*




*Tóft 078C, horft til norðurs á ljósmynd*




timburgafla og mun opið hafa verið til suðurs. Það hefur síðan haft bárujárnsþak og má enn finna fyrir bárujárnsleifunum í botni tóftarinnar. Samkvæmt túnakortinu var kálgarður D 20-25m norðaustan við bæjarstæði A. Kálgarðurinn er undir kletti sem er vestan megin við hann og hallar landið til austurs frá klettinum. Kálgarðurinn er 15x10m að stærð og snýr norð-norðaustur







*Kálgarður 078D, horft til norðurs á ljósmynd*

og suð-suðvestur. Hann afmarkast af klettaveggnum til vesturs, grjót- og torfhlöðnu garðlagi til suðurs og hlöðnum kanti til austurs. Norðurmörk hans eru dálítið óljós, því þar fjarar hann út. Austurkanturinn er grjóthlaðinn en alveg á kafi í grasi. Hann er 80-90cm hár og hlaðinn úr nokkuð stóru grjóti og sennilega 3-4 umför. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti og er það 30-60cm á hæð og 1-1,2m á breidd. Það er einnig á kafi í grasi en í því eru sennilega 2-3 umför. Frá garðlaginu liggur vottur af grjóthleðslu sem gæti hugsanlega hafa tengst girðingu þó að það sé ekki alveg ljóst. Samkvæmt túnakortinu er kálgarður E um 15m vestan við kálgarð D og tæpa 10m norðan við útihús C. Ummerki um kálgarðinn eru frekar óljós en hann mun hafa verið 12x6m að stærð og snúið norður suður. Hann afmarkast af klettum að sunnan og vestan og hallar mót austri.  Skýrustu ummerkin eftir hann er 30cm  hár kantur upp við klettana







*Kálgarður 078E, horft til suðurs á ljósmynd*

vestan við hann þar sem hann hefur verið grafinn niður í brekkuna. Á túnakortinu frá 1919 er sýndur kálgarður F í suðvesturhorni túnsins, tæpa 90m suð-suðvestan við bæjarstæði A. Þar er að finna vel afmarkaðan kálgarð sem er 15x13m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Að vestan er hann er hlaðinn upp að kletti en til suðurs er hann sambyggður túngarði I og er það garðlag 80-90cm á hæð, 3-4 umför og um 1m á breidd. Að austan er kálgarðurinn afmarkaður af þúst sem er 4x6m að stærð og gryfju sem er 10x3m að stærð. Þústin og gryfjan skarast. Suðvestast í kálgarðinum og meðfram garðlaginu vottar svo fyrir palli sem er 5x2m að stærð og snýr vestur austur. Kálgarðurinn er vel greinilegur en á kafi í grasi. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús G um 30m suðvestan við bæjarstæði A. Þar er enn uuppistandandi







*Kálgarður 078F, horft til norðvesturs á ljósmynd*

útihús undir þaki sem er þó nær því að vera um 45m suðvestan við bæjarstæði A. Húsið er í jaðri túns sem er austan megin við það og við brekkurætur kletta sem er vestan megin við húsið. Útihúsið er um 13x11m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Húsið hefur sennilega gengið í gegnum einhverjar breytingar en norðvesturgaflinn og norðausturlanghliðin eru grjót- og torfhlaðnar. Hleðsluhæð þessara veggja er frá 80-200cm, 6-8 umför og um 2m á breidd.






*Útihús 078G, horft til norðurs á ljósmynd, fjær er grænn blettur þar sem bærinn í Fögruhlíð stóð*

Norðaustan við húsið er óljós kantur og/eða þúst sem er 8x4m að stærð og snýr eins og húsið. Alveg þétt við þessa þúst hefur ljósleiðari verið lagður. Á túnakortinu er sýnd leið H sem liggur frá suðaustri og heim að bæjarstæði. Heimreiðin er enn vel sýnileg, malarborin en lítið eitt gróin í miðjunni og um 2m breið og um 80m löng. Á túnakortinu er einnig sýndur túngarður I sem liggur meðfram stórum hluta túnsins. Gerð hans og ástand er mjög misjafnt. Svo virðist sem klettarnir í norðvesturhorni túnsins hafi verið túlkaðir á túnakortinu sem túngarður. Þar verður ekki séð að hafi verið hleðsla. Engin hleðsla sést heldur norðaustan megin við túnið. Skýrastur er túngarðurinn þar sem hann er sambyggður kálgarði F í suðvesturhorni túnsins og þar sem hann liggur frá honum til suðausturs. Hleðsluhæð hans þar er um 80cm og um 1m á breidd, grjóthlaðinn. Þannig er hann á u.þ.b. 35m löngum kafla en þá tekur við torfhlaðinn hluti sem liggur um blautasta hluta túnsins og svo tekur einföld grjóthleðsla við og að suðausturhorni túnsins. Svipuð hleðsla liggur frá suðausturhorni túnsins og að heimreiðinni H. Þessi hleðsla minnir nokkuð á grjótsöfnun undir netgirðingu þó svo að það þurfi ekki að hafa verið þannig. Rúma 15m sunnan við útihús G og tæpa 10m norðan við kálgarð F er tóft J en hún er ekki sýnd á




*Leifar af túngarði 078I, horft til suðurs* *Tóft 078J, horft til vesturs*

túnakorti. Hún er 4x2m að innanmáli, einföld og hefur op til austurs. Hún er grjóthlaðin og liggja hleðslurnar upp að litlu bjargi sem myndar jafnframt suðurhlið tóftarinnar. Grjóthleðslurnar eru um 80cm á hæð og um 150cm á breidd en ofan á þær hefur svo verið bætt steypu sem er 10-50 cm á hæð. Alls er því veggháðin 120-130cm og er þá miðað við innra byrðið sem er hærra en ytra byrðið.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 196; www.manntal.is; Túnakort 1919; Fasteignamat 1916 - 1918 SM I, 398-399





**SM-233:079** *Hammersminni* bæjarstæði býli 725168 469772

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tún Hammersminnis 0,81 ha að stærð, garðar I 70 m2, garðar II 230m2. Á túnakortinu eru auk bæjarins (A) eftirfarandi mannvirki merkt inn: Eitt útihús (C); fjórir kálgarðar, einn rétt við bæ með sambyggðu útihúsi (sjá B), annar sunnarlega í túni (E), einn austan við tún (G) og einn mjög lítill nyrst í túni (I); samtengdir skurðir (M) og túngarður



*Bæjarstæði Hammersminnis 079A, horft til VNV*




*Teikning af Hammersminni frá því snemma á 20. öld (Ingimar Sveinsson 1989: 60).*

(D). Á túnakorti er einnig sýndur vegur 159 og gata 104. Auk minja á túnakorti voru skráðar tvær þústir (J, L), leifar af hjalli (K), tóft (H) og skurður (F). Sumar þeirra eru utan þess svæðis sem var teiknað á túnakortið en tilheyrði án efa Hammersminni.

Í fasteignamati 1916 - 1918 segir um Hammersminni: "1. Íbúðarhús, 3,78x3,78x4,4[+]1,9 m. Byggt 1893, veggir úr torfi og grjóti en byggt innan með timbri. Þak tyrft. Enginn kjallari. Síðasta söluverð kr. 100,00. 2. Lóðin er talin 1,12 ha notuð til garð og grasræktar. Afurða ekki getið. Á lóðinni standa einnig smíðahús, hlaða og hesthús. Lóðin er girt með grjóti og tún sléttað." Smíðahúsið var sambyggt bænum eins og sést á teikningu af bænum og kemur fram í myndatexta undir henni í bók Ingimars Sveinssonar - Djúpivogur: 400 ár við voginn. Ekki er víst hvar hlaða og hesthús voru og því ekki hægt að tengja þau við skráðar minjar með vissu. Líklegt verður þó að teljast að hesthús hafi verið þar sem útihús var sambyggt kálgarði B við bæinn. Hlaðan kann að hafa verið þar sem útihús C er merkt inn á túnakort. Býlið Hammersminni var 60 m SSV við býlið Garða 105 og 230 m NNA við býlið Sjólyst 080. Innan túns þess eru íbúðarhús og lóðir 14, 16 og 18 við götuna Hammersminni. Býlið, og seinna gatan Hammersminni dregur nafn sitt af dönskum sjóliðsforingja, Otto Christian Hammer (f. 1822, d. 1892) sem þar reisti fyrstur




*Túngarður 079D, horft til NNA. Bæjarstæði Hammersminnis er austan undir klettunum, þar eru hvít hús með rauðum þökum.*



*Túngarður 079D, horft til austurs þar sem garðurinn liggur niður að flatlendi.*

býli, líklega rétt fyrir 1870. Hammer stundaði hvalveiðar við Íslandsstrendur en eftir að hann flutti alla starfsemi sína til Djúpavogs 1870 lagði hann mesta áherslu á hákarlaveiðar. Hann er sagður hafa keypt Suðurkaupstað 081 og verslað þar á árunum 1868-1873. Útgerð Hammers leystist upp vegna tapreksturs árið 1873 og þá lauk starfsemi hans á Djúpavogi.
Tún eða lóð býlisins er í austurhlíðum Brennikletts og á mýrlendu flatlendi þar austan við. Í hlíðunum er nokkur trjágróður. Mikið rask hefur orðið innan túnsins vegna sléttunar, bygginga






*Tóft 079H, horft til norðvesturs á ljósmynd*

og vegagerðar en gatan Hammersminni liggur í gegnum svæðið og skiptir því í tvo hluta.
Minjar sem sýndar eru á túnakorti Hammersminni sem og aðrar minjar innan túns býlisins eru skráðar undir einu númeri og fá bókstafi til aðgreiningar. Minjarnar eru á svæði sem er 150x120 m og snýr ASA-VNV. Gamli bærinn A var á sama stað og íbúðarhúsið við Hammersminni 16 austan undir Brennikletti. Engin ummerki þess sjást lengur vegna bygginga. Kálgarður B ásamt sambyggðu útihúsi voru framan við bæinn. Tveir stallar eru framan við íbúðarhúsið á lóðinni og er ekki ólíklegt að annar þeirra, sennilega sá neðri, gefi til kynna suðausturmörk kálgarðsins. Hann er 25 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Engin ummerki sjást um útihúsið sem var sambyggt kálgarðinum í norðausturenda. Útihús C var um 30 m austan við bæinn, inni á lóð Hammersminni 14. Engin ummerki þess sjást vegna sléttunar og rasks vegna vegagerðar. Túngarður D afmarkaði túnið á allar hliðar nema ASA-hlið en þar var skurður (sjá M). Hann sést á köflum en heillegastur er hann á SSV-hlið. Garðurinn er grjóthlaðinn uppi á




*Þúst 079J, horft til norðvesturs*



*Skurður 079F, horft til NNV*

Brennikletti og í austurhlíðum hans. Uppi á Brennikletti, meðfram VNV-hlið túnsins og sunnan við hjall K er greinilegur grjóthlaðinn garður sem er 0,5-0,6 m á breidd og hæstur 0,4 m. Sjást 3-4 umför þar sem best lætur en hleðslur víðast hrundar. Frá suðvesturhorni liggur garðurinn meðfram SSV-hlið túnsins. Þar eru hleðslur hrundar og eru 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Annarsstaðar eru óverulegri ummerki um garðinn og hann er víða rofinn á löngum köflum vegna vegagerðar og sléttunar. Einföld tóft H er sunnan undir klöpp sem er hluti af SSV-hlið túngarðs D og er 120 m suðaustan við bæ A. Hún er um 3x3 m að stærð. Klöppin myndar norðurgafl tóftarinnar. Ekki er veggur á suðurhlið þar sem hefur verið þil með dyrum. Veggir tóftarinnar virðast torfhlaðnir og eru 0,4 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Afgerandi rústahóll J er í túni austan við veg sem liggur þvert í gegnum túnið. Rústahóllinn er um 90 m suðaustan við bæinn A. Hann er um 8x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er 0,8 m á hæð, flatur að ofan með nokkuð brattar hliðar, síst þó suðausturhliðin sem er nokkuð aflíðandi. Á túnakorti eru sýndir skurðir M í austurhluta túnsins. Breiður skurður var meðfram ASA-mörkum túnsins og mjórri skurðir voru innan við hann og tengdust honum. Skurðirnir voru grafnir til að ræsa fram túnið og þurrka það. Langi skurðurinn sést enn og er hann 115 m á lengd, liggur NNA-SSV. Tveir mjórri skurðir sjást einnig óljóst sem liggja af langa skurðinum nærri SSV-enda hans. Þeir sjást á um 15 m löngum kafla og eru um 14 m á milli þeirra. Túnið í Hammersminni hefur verið fært út til ASA eftir að túnakortið var gert 1919 en þar er skurður F sem sést sem grunn renna suðaustarlega í túninu. Hann liggur úr suðaustri til norðvesturs á 39 m löngum kafla og beygir þar til vesturs á 13 m löngum kafla þar sem hann hættir að sjást. Skurðurinn er 0,2 m á dýpt og stendur vatn í honum. Hann er 0,3-0,5 m á breidd. Kálgarður G







*Hjallur 079K, horft til austurs á ljósmynd*

var utan og austan við túnið, um 90 m ASA við bæ A. Ef staðsetning kálgarðsins á túnakortinu er nákvæmt, hefur hann verið á deiglendu svæði norðan við skurð F. Þar sjást engin ummerki um kálgarðinn. Kálgarður E er 60 m SSV við bæ A og aftan við íbúðarhús við Hammersminni 18. Hann sést að hluta þar sem hann er grafinn inn í bratta hlíð í austanverðum Brennikletti. Sá hluti kálgarðsins sem sést er 9x12 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Í brekkunni vex fura og í henni eru stallar. Í kálgarðinum er lítið matjurtabeð í notkun og þar er einnig rabarbarabeð. Uppi á Brennikletti, 15 m NNV við kálgarð E og 50 m suðvestan við bæ A, er greinileg þúst L og virðist túngarður D liggja yfir hana. Þústin er grasi vaxin og augljóslega manngerð. Hún er 7x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þústin er kúpt og er 0,5-0,6 m á hæð. Grjóthleðslur eru sýnilegar í hliðum hennar. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þústin gegndi. Ekki er útilokað að hún hafi tengst tóft 158 sem er fast norðvestan við hana. Grjótþúst sem er leifar af hjalli K er fast NNA við þúst L og 40 m suðvestan við bæ A. Strangt til tekið er hún utan túns en túngarður D

liggur að henni. Þústin er austast í grasi grónu sundi uppi á Brennikletti. Hún er um 4x4 m að stærð og 0,2-0,3 m á hæð. Allar hleðslur eru hrundar. Á miðjum norðvesturjaðri þústarinnar er gróinn blettur sem kann að gefa til kynna staðsetningu ops inn í mannvirkið. Að lokum var svo kálgarður I á stalli í brekkunni austan undir Brennikletti rétt sunnan við túngarð og 30 m norðan við bæ A. Þar er trjágróður og engin ummerki um kálgarðinn sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 59-60; Túnakort 1919; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 1




**SM-233:080** *Sjólyst* bæjarstæði býli 725066 469557
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var heimatún Sjólystar 0,8 ha að stærð og garðar þess 343 m2 að stærð. Á túnakortinu eru bæjarhús (A), þrjú útihús (B,C,F); tveir kálgarðar (D,E) og túngarður (G) meðfram norðvesturhluta túnsins. Að auki voru ummerki um hjall (H) og vindmyllu (I) skráð innan túnsins. Ekki er vitað hvar brunnur fyrir býlið var.
Heimild er um að Sjólyst hafi verið í byggð árið 1865 en þá var nýfluttur þangað Jón Jónsson, skipstjóri á Karetlin (rétt nafn Karen & Line). Skipið fórst ásamt áhöfn vorið 1865. Frá þessu er sagt í bókinni Skoðað í skrínu Eríks frá Hesteyri. Ekki er ljóst hvort Jón þessi byggði fyrstur bæ á þessum stað eða hvort byggðin nær enn lengra aftur. Í Fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Sjólyst (Grasbýli). [...]. Íbúðarhús - 7,4x3,75x3,75+1,87 m með kjallara - 3,15x2,5 m. Byggt 1913. Timburhús með járnvörðu þaki. Í húsinu eru 2 íbúðir. [Þ]að er hlýtt og þurrt. Ef leigt væri er talin hæfilega ársleiga kr. 100,00. 2. Lóðin er talin 1575 m2 og er notuð til tún og garðræktar. Taða að mt. 18 hestar. Lóðin er girt með grjóti og gaddavír. Hagbeit fylgir fyrir 1 kú. Ársleiga talin kr. 25,00." Húsið er metið á kr. 1400,00 og lóðin á kr. 500,00. Býlið Sjólyst er í suðausturjaðri þéttbýlisins á Djúpavogi, 230 m suðvestan við Hammersminni 079 og 670 m sunnan við Löngubúð 109. Býlið er suðaustan undir Brennikletti þar sem hann fer lækkandi. Mikill trjágróður er innan þess svæðis sem áður var tún Sjólystar. Þar er grasgefið en talsvert mýrlent eftir því sem sunnar dregur en býlið er litlu norðan við Fýluvog.
Minjar sem tilheyra túninu í Sjólyst eru á svæði sem er um 125x100 m að stærð og snýr norðaustur-



*Bæjarstæði Sjólystar 080A, horft til VSV*

suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst á bæjarstæðinu á u.þ.b. miðju svæðinu. Gamli bærinn í Sjólyst A var á sama stað og íbúðarhúsið sem þar stendur (2016). Ekki sjást mikil ummerki um gamla bæinn en þó eru leifar af grjóthleðslum í brekkunni á bak við íbúðarhúsið. Útihús B var 20 m suðaustan við bæ. Þar er húsasamstæða sem nýtt er sem gróðurhús. Engin ummerki eru þar um útihús sem er torf- og grjóthlaðið. Ef útihúsið var úr öðrum efniviði er mögulegt að það sé í grunninn það sama og eitthvað af þeim húsum sem enn standa en það er óvíst. Útihús C var fast norðan við bæinn samkvæmt túnakorti. Þar er nýuppgert hús og má gera ráð fyrir því að útihúsið hafi vikið fyrir því. Samkvæmt túnakorti var kálgarður D um 60 m suðvestan við bæinn. Kálgarðurinn er í aflíðandi brekku suðaustan í Brennikletti. Í brekkunni er smáþýft og þar vex gras og lynggróður. Kálgarðurinn er um 21x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er að mestu leyti grafinn inn í hallann og því óverulegir hlaðnir veggir í kringum hann. Helst má greina torfhlaðinn vegg á norðausturhlið sem er 0,7 m á hæð þar sem hann er hæstur og 0,3-0,6 m á breidd. Klettaveggur afmarkar kálgarðinn til norðvesturs. Trjám hefur verið plantað í suðausturhluta kálgarðsins. Á þeirri hlið sést aðeins hlaðinn kantur og óverulegar torfhleðslur eru meðfram suðvesturhliðinni. Kálgarður E var 30 m norðaustan við bæinn á túnakorti, í brekku mót suðaustri. Innanmál kálgarðsins sést enn og hefur hann verið grafinn inn í hallann. Hann er 14x6 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Útihús F var 10 m norðan við kálgarð E og 50 m norðaustan við bæ á túnakorti, nærri klettum ofarlega í brekku mót suðaustri. Þar sem útihúsið var sést niðurgröftur, húsgrunnur, sem er 3x4 m að



*Kálgarður 080D, horft til norðausturs*



*Túngarður 080G, horft til norðausturs*

innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Mjög ógreinileg torfhleðsla er meðfram honum að suðaustanverðu sem er 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Innan húsgrunnsins er gryfja sem er 2 m á kant og 0,5 m á dýpt. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var hlaðinn túngarður G uppi á Brennikletti en ekki er sýndur túngarður neðan við hann, á flatlendinu. Grjóthlaðinn garður sést enn á 60 m löngum kafla uppi á klettinum í suðvesturhluta túnsins. Þar er hann 0,3-0,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Mest sjást 2 umför en hann er víðast hruninn. Einnig sést torfgarður á 42 m löngum kafla á flatlendinu neðan við grjótgarðinn. Sá hluti liggur í mýri og er hann siginn og



*Ummerki um útihús 080F, horft til suðausturs*



*Ummerki um kálgarð 080E, horft til norðvesturs*

genginn í þúfur. Einnig hefur trjám verið plantað í og við hann. Þessar garðhleðslur eru ekki umfangsmiklar og hefur örugglega verið girt ofan á þær með gaddavír. Á málverki eftir Ríkharð Jónsson af Sjólyst frá 3. áratug 20. aldar má sjá hjall sem var uppi á Brennikletti, ofan við bæinn. Þar sést móta fyrir hleðslu í undirstöðum hans 50 m NNA við bæ, á grónum og flötum klöppum. Hleðslur sjást á svæði sem er um 2x2 m að stærð en grunnurinn kann að hafa verið stærri. Á austurhlið er grjótröð og einn steinn sýnilegur á suðurhlið. Að lokum má hér nefna að vindmylla I sem tilheyrði Sjólyst var uppi á Brennikletti beint upp af bænum. Þar má enn sjá steyptan stöpul sem mylluspaðarnir voru festir við en hann er fallinn á hliðina.



*Jarðlæg hleðsla, ummerki um hjall 080H, horft til SSA*




*Andrés Skúlason við steyptan stöpul vindmyllu 080I, horft til ANA*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Túnakort 1919; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 55; Skoðað í skrínu Eiríks frá Hesteyri, 20-22; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 399-400

**SM-233:088** hleðsla samgöngubót 724816 469996
"Lítið veitingahús er í Kaupstaðarstekk [041] í Sólhólsskotunum. Við leggjum leið okkar upp hlaðnar steintröppur - sem enn í dag, tæpri öld síðar, sést enn móta fyrir [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Tröppurnar eru fast ASA við Kaupstaðarstekk 041 og 65 m VSV við bæjarstæði Sólhóls 092A, syðst í Sólhólsklettum.
Minjarnar eru í grasi gróinni, brattri brekku sunnan undir klettaborg.
Greina má tröppurnar óljóst í grassverði.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 77




**SM-233:089** *Borg* bæjarstæði býli 724397 469879
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var heimatún Borgar 0,91 ha að stærð og garðar þess 790 m2 að stærð. Á túnakortinu eru auk bæjar (A) eftirfarandi mannvirki merkt inn: Tvö útihús (B og F); þrír kálgarðar, einn í túnjaðri (C) og tveir utan túns (D og E), túngarður (G) sem afmarkar norður- og suðurhlið heimatúns, og leið (H) frá bæ. Tóftir I og J eru einnig í túni Borgar en eru ekki á túnakorti. Þær kunna því að vera yngri en það og á mörkum þess að teljast til fornminja. Í Fasteignamati 1916-1918 segir: "Borg (Grasbýli). [...]. Íbúðarhús [bæjarhús A] - 5x3,45x4,4+1,72 m. Fornt timburhús með kjallara og járnvörðu þaki. Hlaða [mögulega sama og útihús F] og 2 torfkofar [mögulega sama og útihús B]. Síðasta söluverð hússins kr. 500,00. 2. Lóðin er talin 1182 m2 - [n] otuð til grasræktar. Hagaganga fylgir fyrir eina kú. Lóðin er girt með gaddavír [túngarður G]. Ársleiga kr. 25,00." Húsin eru metin á kr. 500,00 og lóðin á kr. 500,00.



*Mynd af gamla íbúðarhúsinu á Borg úr myndasafni Rafns Kjartanssonar. Myndasafnið er á vef Djúpavogshrepps (http://djupivogur.is/adalvefur/?pageid=634).*

"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Borg [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson.
"Timburhúsin voru ekki mörg fyrir utan verslunarhúsin. Það voru Sólhóll [092], Hraun


[070], Geysir [106], Borg og Hlíðarendi [074],” segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Býlið Borg er um 100 m norðan við Djúpavogsveg og rúmlega 130 m sunnan við Borgargerði 068.
Stór hluti minjasvæðisins er í órækt. Á austurhluta svæðisins er akvegur og malbikað bílaplan. Heimatúnið er staðsett milli tveggja hraunkamba og er í aflíðandi brekku. Utan minjasvæðisins er þéttbýli að austan- og norðanverðu, en lítill votlendisblettur til suðurs.
Minjasvæðið er 160x110 m að stærð og snýr norður-suður. Til aðgreiningar fær hvert mannvirki bókstaf í þessari lýsingu. Minjarnar dreifast um suður- og suðausturhluta svæðisins, en aðeins garðlag G er í norður- og norðvesturhluta þess. Lýsing þessi hefst austast, á bæjarhúsi A. Það er um 30-40 m austan við götuna Borgarland og um 100 m suðaustan við bæjarhús Borgargerðis 068A. Þar sem bærinn A var stendur hús sem er 12x10 m að stærð og snýr VNV-ASA. Umhverfi þess hefur verið töluvert raskað. Samkvæmt Þjóðskrá var húsið reist 1941 og líklega er það byggt á sama stað og eldra íbúðarhús sem nefnt er í fasteignamatinu frá 1916-1918. Ekki er sýnileg veruleg upphleðsla mannvistarlaga. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var bærinn staðsettur austarlega fyrir miðju heimatúnsins. Inn á túnakortið er útihús B merkt um 30 m suðvestan við bæjarhús A. Þar er tóft á grasivaxinni bungu, sem líkast til geymir mannvist undir sverði. Tóftin er 14x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin og eru veggir hennar 0,2-0,4 m háir og 1-1,5 m á breidd. Tóftin er tvískipt og fá hólf hennar númer til aðgreiningar í þessari lýsingu. Austast í tóftinni er hólf 1. Það er 6x5 m að stærð að innanmáli og snýr norður-suður. Gengið er inn í hólfið á vestarlega á suðurhlið þess. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 5x4 m að stærð að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er á kafi í grasi og ekki er unnt að sjá neitt dyraop.



*Bæjarstæði Borgar 089A, horft til austurs. Íbúðarhúsið sem þar stendur var byggt árið 1941.*



*Tóft 089B, horft til norðurs á ljósmynd*




*Uppdráttur af tóftum 089B og I*


Samkvæmt túnakorti var kálgarður C rúmum 80 m suðvestan við bæjarhús A. Búið er að planta trjágróðri á þessum slóðum og engin ummerki sjást um kálgarðinn. Inn á túnakortið er kálgarður D merktur um 70 m sunnan við bæjarhús A. Engin ummerki hans sjást á yfirborði. Samkvæmt túnakorti var kálgarður E um 80 m sunnan við bæjarhús A. Garðurinn var utan túns eins og það var afmarkað á sama korti. Ekki sér til minja á yfirborði og nærtækasta skýringin að kálgarðar D, E og C hafi horfið vegna túnasléttunar þegar túnið var fært út til suðurs. Samkvæmt túnakorti er útihús F um 20 m suðaustan við bæjarhús A. Í Fasteignamati 1916-1918 er getið um hlöðu og mjög líklega vísar það á þetta útihús. Frekari heimildir þarf þó til þess að staðfesta það. Ekki sér til minja á yfirborði og líkast til er útihúsið horfið vegna túnasléttunar. Á túnakorti er túngarður G eingöngu teiknaður í norðvestur- og norðausturhornum túnsins. Túngarðsleifar sjást hins vegar á löngum köflum meðfram norður- og vesturhliðum túnsins. Á norðurhlið túnsins sést túngarður á 65 m löngum kafla og á vesturhlið túnsins sést túngarðurinn á 85 m löngum kafla. Garðurinn á vesturhlið túnsins liggur niður aflíðandi brekku til suðurs og hverfur þegar komið er niður á flatlendi. Á þeim slóðum sést grjótdreif um 5 m vestan við garðinn. Hún er 10x0,5 m að stærð og liggur meðfram garðinum. Ætla má að þarna sé um grjót úr garðinum að ræða. Túngarðurinn er hlaðinn úr fremur smáu grjóti og er mesta hleðsluhæð 0,3 m og breidd þess 0,3-0,5 m. Greina má 1-2 umför af grjóti í hleðslum. Gera má ráð fyrir því að girt hafi verið ofan á garðhleðslur með gaddavírsstrengjum. Inn á túnakortið er leið H teiknuð frá bæ A og liggur í norðausturátt. Malbikaður vegur er þar sem leiðin var; af þeim sökum sjást engin ummerki um hana lengur. Tóft I er rúmlega 40 m VSV við bæjarhús Borgar A og um 8 m suðvestan við tóft B, á milli tveggja hraunkamba. Tóftin er 4x4 m að stærð og er einföld. Veggir eru torfhlaðnir, mesta hleðsluhæð 0,5 og eru veggir 0,3-0,6 m á breidd. Tóftin er skeifulaga og má greina op fyrir miðju á suðurhlið tóftarinnar. Stærð tóftarinnar og staðsetning hennar við votlendi gæti bent til þess að sé heystæði. Að lokum er tóft J um 60 m sunnan við bæjarhús Borgarlands A og tæpum 20 m austan við kálgarð E. Tóftin er 4x4 m að stærð og er einföld. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og telja má 3-5 umför af stæðilegu




*Kálgarður 089G, horft til norðausturs*



*Tóft 089J, horft til norðurs á ljósmynd*



grjóti í veggjum. Er mesta hleðsluhæð 1,5 m. Ekki er veggur sjáanlegur á suðurhlið, og sennilega hefur timburþil með dyrum verið þar áður. Ekki mótar fyrir jötu eða frekari hólfaskiptingu. Hér er líklega um einhvers konar útihús að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 397; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88; Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 43




**SM-233:092** *Sólhóll* bæjarstæði býli 724880 470019
Samkvæmt túnakorti Sólhóls frá 1919 var tún þess 1,21 ha að stærð og garðar 621 m2. Á túnakortinu eru sýndir 12 mannvirki sem í þessari umfjöllun verða aðgreind með bókstöfum. Fyrst er að nefna bæjarhúsin sem hér eru auðmerkt með bókstafnum A, þá eru fimm útihús (B, D, H, I og J); þrír kálgarðar (E, F og K), tveir hlið við hlið en einn stakur; túngarður (C), brunnur (G) og leið (M) frá bæ til austurs. Í Fasteignamati 1916-1918 segir: "Sólhóll (Grasbýli). [...]. Íbúðarhús [bæjarhús A] - 6,62x5,04x2,84+2,7 m. Timburhús með kjallara - 3,78x2,84 [m]. Við hlið hússins er skúr og einnig við stofu, Vátryggt á kr. 2000,00. ár 1907. Síðasta söluverð kr. 1500,00. Þak járnvarið [...]. 2. Lóðin er talin 1, 217 ha. Og taða að mt. 35 gestar árl.[...]. Girt með grjóti og gaddavír [túngarður C]. Ársleiga kr. 35,00." Húsin eru metin á kr. 2400,00 og lóðin á 1000,00. "Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Sólhóll [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Minjar um býlið Sólhól er um 40 m norðvestan við akveg Hraungötu og rúmum 60 m suðaustan við Sólhólskletta.
Minjarnar eru meira og minna undir Sólhólskletti, í aflíðandi brekku sem hallar til austurs. Þær eru allar innan bakgarða íbúðahúsa ef frá er talinn vesturhluti þess fyrir miðju, sem er innan óræktaðs svæðis.
Greinargóð lýsing er á húsinu Sólhóli og minjum í túni býlisins í bókinni Fólkið í Plássinu eftir Má Karlsson: "Hér verður nú greint frá Sólhólshúsinu hinu eldra, sem talið er að Lúðvík Jónsson hafi byggt 1880, einnig frá byggingu nýja Sólhóls og niðurrifi þess gamla árið 1930. [...] Eldra Sólhólshúsið stóð spölkorn vestan við það nýrra [...] allir [skúrar] voru áfastir aðalhúsinu




*Bæjarstæði Sólhóls 092A, horft til NNA. Á bak við trén sést í yngra Sólhólshús sem byggt var 1930.*



*Gamli bærinn á Sólhóli. (Már Karlsson 2010: 44). Á myndinni sjást, auk bæjarins 092A, brunnur? 092G (þar sem uppmjótt hús stendur á bak við húsið), útihústóft 092B, og leið 092M í forgrunni.*

og hluti af því. Niðri voru tvær stofur og eldhús. Í þeim skúr, sem var að vestanverðu var stórt herbergi og annað minna að framan, sem var geymsla og inngangur. Úr þessum skúr var innangengt í borðstofuna [...]. Hinn skúrinn lá með allri norðurhliðinni. Eldhúsinngangur var vestanvert við miðju. Til hægri var búr, en stór geymsla, þvottahús, og þ.h. var hinumegin við inngangginn. Beint á móti honum voru dyr inn á innri gang, þar sem stigi lá upp á loft, dyr inn í eldhús og aðrar í borðstofuna. Uppi voru tvö stór herbergi og eitt lítið á stigapallinum. Í risi var geymsluloft. Í eldhúsi var stigi niður í kjallara, rúmgóðan og dimman. [...] Í sparnaðarskyni var ýmislegt úr því [gamla Sólhól] notað í nýja húsið, t.d. allt bárujárn. [...] Á milli Sólhóls og Hrauns var grjótgarður [túngarður C]; hann er nú rifinn og notaður í púkk í grunninn, en vírnet sett í staðinn [...] Sólhólstúnið var stórt og afmarkað með grjótgörðum, sem smám saman viku fyrir vírneti og gaddavír. Svokallaðir Sólhólsklettar voru innangarðs. Þar uppi, að sunnanverðu, voru stekkarnir [041], þar sem áður hafði verið búið og enn mátti sjá menjar um. Þar uppi af var hæsnakofi [mögulega tóft 201] og enn ofar hjallur [mögulega tóft 200]. Undir brekkunni, næst íbúðarhúsinu, voru fjögur útihús í röð [öll þessi útihús skráð undir B]. Austast, við girðinguna á milli Hrauns og Sólhóls, var hæsnakofi. Þá kom fjósið, svo smiðjan, og loks hesthús. Inni á túninu voru tvö fjárhús og hlaða [líklega útihús D, I, J]. Ofan við hlöðuna [J] voru þrep í brekkunni [088], sem notuð höfðu verið af íbúum stekkanna fyrrum. Innst á túninu, í svokölluðum skotum, voru tveir brunnar. Annar hét Lindin. Í henni var tært og kalt uppsprettuvatn [ekki er víst um staðsetningu þessara brunna en líklegt er að þeir hafi verið nærri kálgarði K]. Þriðji brunnurinn var síðan heima við [sjá brunn G], rétt við brekkuræturnar. Vatni úr honum var dælt með handdælu, sem var í kjallaranum, upp í tunnu í eldhúsinu. Í tunnunni neðanverðri var krani og var þar kominn fyrsti vísir að sjálfrennandi vatni." Minjarnar í túni Sólhóls eru á svæði sem er 150x60 m að stærð og snýr norður-suður. Þessi lýsing hefst á bæjarstæði A. Það er um 20 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á lóðinni (b. 1930). Á svæði sem er 22x15 m á stærð og snýr norður-suður sjást leifar af gamla bænum. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var bærinn á norðausturhluta heimatúnsins. Bæjarstæðið er greinilegast fyrir vestan og austan og er hleðsla þar. Hún er 6x0,5 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m og má sjá 1-2 umför af grjóthleðslu. Á öðrum hluta svæðisins sér til grjóts á víð og dreif sem líklega eru leifar af gamla bænum. Ekki er um eiginlegan bæjarhól að ræða og allmikið rask hefur orðið á minjasvæðinu. Að austanverðu hefur verið gerður leikvöllur fyrir börn. Til norðurs er búið að leggja vírgirðingu og stígur lagður þar fyrir miðju sem liggur gegnum bæjarstæðið. Og fyrir austan og sunnan er búið planta trjágróðri. Fyrir þá sök er stór hluti bæjarstæðisins ill-greinanlegur. Ljósmynd af gamla bænum er í bókinni Fólkið í Plássinu eftir Má Karlsson á bls. 44. Leið M lá frá bænum til austurs en







*Útihústóft 092B, horft til suðvesturs á ljósmynd*

engin ummerki um hana sjást lengur vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar.
Á túnakortinu frá 1919 eru sýnd 5 útihús sem hér eru auðmerkt með bókstöfunum B, D, H, I og J. Útihús B er sýnt um 20 m norðan við bæjarstæði A og samkvæmt lýsingunni hér að ofan stóðu þar fjögur sambyggð útihús. Austast hæsnakofi, svo fjós, þá smiðja og vestast hesthús. Á þessum stað er tvískipt tóft sem er torf- grjóthlaðin. Hún er 14x8 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Suðvesturhólfið er 2,5x2,5 m að innanmáli og er mesta vegghæð um 0,7 m og má telja 3-4 umför af stórgrýti í hleðslum. Að sögn Ágústs Guðjónssonar, heimildamanns, var smiðja í þessum hluta tóftarinnar. Samkvæmt honum voru uppi hugmyndir að endurgera smiðjuna og byrjað var að grafa innan úr hólfinu. Endurgerðinni var ekki lokið þegar skrásetjarar voru á vettvangi veturinn 2016. Norðausturhólfið er 2x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta vegghæð er um 0,3 m en almennt eru veggir 0,5-1 m á breidd. Vegna gróðurs var ekki hægt að telja umför í norðausturhólfinu en þar glittir engu að síður í stæðilegt grjót í veggjum. Suðurveggur hólfsins er best varðveittur, en norðurveggur er útflattur. Útihús H er







*Fjárhústóft 092I, horft til suðausturs á ljósmynd*

sýnt á túnakortinu um 15 m norðan við bæjarstæði A. Á þessum stað er nú (2016) hellulögð stétt, upp við núverandi íbúðarhús. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Útihús D, líklega fjárhús, var um 30m vestan við bæjarstæði A. Þrátt fyrir leit á svæðinu fundust engin ummerki um hús á þessum slóðum en húsið hefur annað hvort verið uppá klettum sem þar eru eða fast upp við þá. Hugsanlega hefur húsið staðið stutt og ekki haft hlaðinn grunn því engar meiriháttar framkvæmdir hafa verið gerðar á svæðinu og því ættu að sjást einhver ummerki um húsið.

Útihús I, líklega fjárhús, er rúma 40m suðvestan við bæjarstæði A. Þar er enn sýnilegt tóftarbrot og er það á milli íbúðarhúsa sem hafa húsnúmerin Búland 12 og 14. Tóftin hefur verið hlaðin upp að eins meters háum berggangi sem hefur stefnuna norðaustur suðvestur og hefur hann jafnframt myndað suðurgafl tóftarinnar. Veggbrotin tvö sem sjást eru torf- og grjóthlaðin og eru þau um 1m á breidd og 50-60 cm á hæð. Vestara veggbrotið er um 5m á lengd en það austara um 3m á lengd. Þau eru bæði vel gróin grasi. Búið er að slétta norðvesturenda tóftarinnar en þeim megin hefur örugglega verið timburgafl. Hlaða sem hér er auðgreind með bókstafnum J







*Hlöðutóft 092J, horft til austurs á ljósmynd*

stóð samkvæmt túnakorti frá 1919 60-70m vest-suðvestan við bæjarstæði A og um 35m vest-norðvestan við útihús I. Þar stendur enn tóft á kafi í grasi undir klettaborg sem myndar að stórum hluta norðurgafl tóftarinnar. Tóftin er einföld, 11x9 m að stærð og snýr svo til norður suður. Op er vestast á suðurgafli og eru vegghleðslur um 120 cm á hæð og um 2-3m á breidd. Hún er sennilega að einhverju leyti grafin inn í brekkuna sem hún stendur í en landið umhverfis hana hallar til suðurs. Tré hafa verið gróðursett í veggi tóftarinnar, tvö birkitré í norðurgaflinn og eitt grenitré í suðurgaflinn. Á túnakortinu frá 1919 eru sýndir þrír kálgarðar sem hér hafa fengið auðkennið E, F og K. Kálgarðarnir E og F voru 30-40m sunnan við bæjarstæði A. Samkvæmt túnakorti lágu þeir saman og af túnakortinu að dæma var gerði umhverfis kálgarð E sem var vestan megin við kálgarð F. Að stærstum hluta hafa þessir kálgarðar lent undir götunni Búlandi og svo undir húsagörðum þeirra íbúðarhúsa sem standa við þá götu. Það sér því ekkert til minja um þá. Kálgarður K var um 110 m suðvestan við bæjarstæði A. Á því svæði er húsagarður við Hamar 4, nánar tiltekið norðan megin við húsið. Ekki sér til minja um kálgarðinn á yfirborði. Samkvæmt túnakorti afmarkaði túngarður C heimatún Sólhóls, ef frá er talin norðausturhlið sem afmarkaðist af klettahrygg. Á túngarðinum voru þrjú hlið og lá leið M frá einu þeirra úr austri heim að bæjarstæði A. Svæðið hefur tekið róttækum breytingum og búið er að byggja íbúðarhús og leggja akvegi á þessu svæði. Lítil sem engin ummerki um túngarð var hægt að sjá á yfirborði. Samkvæmt túnakortinu var að lokum lítið ferhyrnt mannvirki sem kann að hafa verið brunnur (hér auðkenndur með bókstafnum G) norðan megin við bæjarstæðið. Á áðurnefndri ljósmynd af Sólhóli í bók Más Karlssonar sést lítið og uppmjótt hús á þessum stað sem minnir frekar á kamar en brunnhús. Engin ummerki um þetta mannvirki sjást lengur og má ætla að fyllt hafi verið upp í brunninn og sléttað yfir.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 398; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88; Már Karlsson, 44-46, 48-49




**SM-233:093** *Ekra* bæjarstæði býli 724959 470057

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tún Ekru 0,26 ha að stærð og garðar 280 m2. Á túnakortinu eru sýndir minjastaðir sem í þessari umfjöllun verða aðgreindir með bókstöfunum A-G. Túnakortið sýnir bæjarhús A, þrjú útihús, B, C og E; tvo kálgarða D og F; leið H sem lá frá Hrauni 070A, að bæjarstæði Ekru A og áfram út úr túninu, auk túngarðs G sem liggur meðfram stórum hluta túns.
Í Fasteignamat 1916-1918 segir: "Ekra (Grasbýli). [...]. Íbúðarhús [bæjarhús A] [...] 5x4x5 m. Timburhús byggt 1907 með kjallara [...] 3x2,5 m., allt járnvarið. Ein íbúð. Ársleiga kr. 100,00. Síðasta söluverð kr. 800,00. 2. Lóðin er talin 2125 m2[.] Notuð til grasræktar; taða að mt. 7 hestar. Girt með grjóti 113 m. Og gaddavír 37,8 m [túngarður G]. Árleiga talin 20,00." Húsið er metið á kr. 900,00 og lóðin á kr. 400,00.
"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Ekra [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. "Lúðvík Hansson byggði gömlu Ekru aðeins vestar (1907) en Von [076]," segir í bókinni Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Bæjarstæði Ekru er innan íbúðarlóðar Búlands 8 sem byggt var 1965 og stendur umrætt íbúðarhús á gamla bæjarstæðinu. Ekra var um 90 m ANA við Sólhól 092 og 60 m suðaustan við Hraun 070. Hús 2, 4, 6 og 8 við Búland eru öll byggð í túni Ekru og sjást nánast engin ummerki um minjar um býlið af þeim sökum og vegna vegagerðar.
Tún Ekru var upp við mosagróinn hraunkamb til norðurs, að miklu hluta innan bakgarða íbúðarhúsa.
Minjar um Ekru voru á svæði sem er 70x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Eins og áður hefur komið fram stendur íbúðarhús á gamla bæjarstæðinu og því sér þar ekkert til eldri minja. Samkvæmt túnakorti stóð útihús B 2-5m sunnan við bæinn A og nær íbúðarhúsið sem stendur á bæjarstæðinu einnig yfir það svæði. Því sér ekkert þar til eldri minja. Samkvæmt túnakorti var útihús C 50 m norðan við bæjarhús A. Svæðið er innan bakgarðs íbúðarhúss við Búland 8 og er búið að slétta það og planta blómum þar sem kálgarðurinn var. Inn á túnakort er kálgarður D merktur um 10 m norðan við bæ A. Á þessum slóðum er bakgarður íbúðarhúss við Búland 8 og engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði. Inn á túnakort er útihús E merkt



*Bæjarstæði Ekru 093A í forgrunni, horft til suðausturs*


um 30 m norðan við bæ A. Búið er að slétta svæðið og planta trjám þar. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Samkvæmt túnakorti var kálgarður F 5-10 m sunnan við útihús B og í suðvesturhorni túnsins. Þar er sléttuð grasflöt sem liggur að gangstétt og sér þar ekkert til minja. Leið H lá á milli kálgarðs F og bæjarstæðis A en þar sjást lítil ummerki um götu. Túngarður G sem sýndur er á túnakorti Ekru frá 1919 hefur líklega að stórum hluta fylgt náttúrulegum hraunkambi sem er meðfram vestur og norðurhlið túnsins. Ekkert sér til túngarðsins sem afmarkað hefur túnið til suðurs og austurs en þó ber að geta þess að gatan Búland liggur fast utan og meðfram suðausturmörkum túnsins og hafi garðlag verið þar hefur það að öllum líkindum lent undir þeim vegaframkvæmdum.




*Mynd úr safni Nönnu Þórhallsdóttur með merkingum sem sýnir Ekru 093, Hraun 070 og Gamla skólann 146 auk fleiri húsa. Myndasafnið er á vef Djúpavogshrepps (http://djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192).*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 398; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88; Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 43




**SM-233:094** *Vegamót* bæjarstæði bústaður 724909 470209

Vegamót var þurrabúð og átti ekki tún en samkvæmt túnakorti frá 1919 tilheyrðu býlinu kálgarðar

sem voru 106 m2 að stærð. Á túnakortinu er auk bæjar (A) eftirfarandi mannvirki merkt inn: Tveir kálgarðar (B og C); einhvers konar mannvirki sýnt sem lítill ólitaður ferhyrningur (E) og annar aðeins stærri ólitaður ferhyrningur (D). Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi mannvirki gegndu en þau eru víða á túnakortum býla á Djúpavogi og eru sennilega víðast brunnar en það er ólíklegt að tveir slíkir hafi verið á litlu svæði á Vegamótum. Ekki er óhugsandi að kálgarður 226 tengist búskap á Vegamótum en hann er 20 m suðvestan við bæjarstæði Vegamóta. Í Fasteignamati 1916-1918 segir: "Vegamót [...] (þurrabúð)[.] 1. Íbúðarhús [bæjarstæði A] 5,67x3,78x2,21+1,89 m. Byggt 1884 með kjallara undir, veggir úr torfi og grjóti, það járnvarið. Síðasta söluverð 110 kr. 2. Lóðin er grunnlóð með góðu gangplássi. Ársleiga kr. 12,00." Húsið er metið á kr. 200,00 og lóðin á kr. 200,00.




*Bæjarstæði Vegamóta 094A, horft til suðvesturs*

"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Vegamót [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Minjar um býlið Vegabót er um 140 m norðvestan við Gamla skólann (146) og rúmum 100 m ANA við Hjalla (164). Minjasvæðið er í aflíðandi brekku sem hallar til austurs. Kjarrgróður er ríkjandi á svæðinu með miklum botngróðri.

Minjasvæðið er 40x30 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Til aðgreiningar er hverju mannvirki gefinn sér bókstafur í þessari lýsingu sem hefst suðaustast, á bæjarstæði A. Bæjarstæðið er mikið raskað og búið er að umturna öllu umhverfinu, s.s. með trjágróðri og sléttun og er bæjarstæðið innan bakgarðs íbúðarhúss við Kamb 2. Engin ummerki um bæjarstæði sjást á yfirborði. Þó er ekki loku fyrir það skotið að minjar leynist undir sverði. Kálgarður B



*Kálgarður 094B, horft til suðurs á ljósmynd*





er merktur inn á túnakort um 30 m norðan við bæ A. Kálgarðurinn er 10x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er grafinn um 0,5 m inn í hól til vesturs. Garðurinn er U-laga og er norðurhluti austurveggjar kominn undir svörð. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Þeir ná mest

0,7 m hæð á norðurhlið og má sjá 2-5 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Hleðslubreidd er 1-2 m. Samkvæmt túnakorti er kálgarður C um 30 norðaustan við bæjarstæði A. Svæðið hefur tekið róttækum breytingum og er nú (2016) innan bakgarðs íbúðarhúss við Kamb 2. Ekki sér til minja um kálgarð á yfirborði. Samkvæmt túnakorti er mannvirki D (meintur brunnur) um 5 m norðan við bæ A. Engin ummerki um það sjást á yfirborði. Mannvirki E (meintur brunnur) er merkt um 15 m norðan við bæ A inn á túnakortið. Engin ummerki um það sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM II, 1; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88

**SM-233:095** *Melar* bæjarstæði býli 724636 470249
"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. Melar, [...]" segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Á öðrum stað í sama riti segir: "Klettarani liggur frá Borgargarðsklifi niður að Berufirðinum og undir klettarananum stóðu húsin, Melar, Sólheimar [130], Steinsstaðir [096], Fagrahlíð [078] og Hvarf [102]," Bæjarstæði Mela er 20-25 norðvestan við núverandi íbúðarhús Mela byggt 1965, um 75 m suðvestur af bæjarstæði Steinsstaða 096 og tæpa 30 m austan við kálgarð 260. Minjar sem ætla má að tilheyrt hafi búskap



*Bæjarstæði Mela 095, horft til norðvesturs á ljósmynd*




og búsetu í Melum eru tóftir 131 og 132, líklega af fjárhúsum, óþekkt tóft 250, kálgarður 260, hleðsla 310, þúst 320 og þúst og hleðsla 322. Að sögn heimildarmanns, Erlu Ingimundardóttur, byggði Jón Guðmundsson Mela í kringum 1918-1920. Hann bjó þar með Jónínu Jónsdóttur, konu sinni og börnum þeirra.
Bæjarstæði Mela er á grösugum flata suðaustan undir Melakletti sem liggur frá norðaustri til suðvesturs.
Bæjarstæðið er 12x6 m að stærð, snýr norðaustur og suðvestur. Það liggur meðfram og þétt upp við lágan klett og eru í mesta lagi 2m þar á milli. Á því hefur staðið hús úr blönduðu efni en það sem eftir stendur er að stærstum hluta grjóthlaðinn grunnur sem er 7x6 m að stærð og 60-70 cm á hæð. Meðfram bakhliðinni sem liggur að klettunum er 40 cm hár steyptur kantur með bárujárnsmynstri sem gefur til kynna að hann hafi verið steyptur utan á húsið eftir að búið var að klæða það járni. Þessi kantur er tekinn að halla nokkuð innávið. Upp við hann eru tvær steyptar gólfplötur sem liggja á grunninum og eru þær um 1,5 m á breidd. Sú syðri er um 3 m á lengd en sú nyrðri er um 2,5 m á lengd. Í beinu framhaldi og suðvestan við grunninn er grösugur pallur sem er 2x6 m að innanmáli en norðaustan við hann er steyptur kantur. Hann afmarkar svæði sem er um 4x2,5 m að innanmáli. Í bilinu sem steypti kanturinn myndar norðaustan við grunninn eru leifar skorsteins sem gæti hafa verið um 5 m hár.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88, 196

**SM-233:096** *Steinsstaðir* hús býli 724682 470330



*Bæjarstæði Steinsstaða 096, horft til norðvesturs á ljósmynd*

"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Steinsstaðir [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Þar segir einnig: "Klettarani liggur frá Borgargarðsklifi niður að Berufirðinum og undir klettarananum stóðu húsin, Melar [095], Sólheimar [130], Steinsstaðir, Fagrahlíð [078] og Hvarf [102]," Íbúðarhús Steinsstaða er byggt 1922 og er það um 180m suðvestan við bæjarstæði Fögruhlíðar 078 og rúma 80m norðvestan við bæjarstæði Mela 095. Aðrar minjar sem ætla má að hafi tilheyrt búskap og búsetu á Steinsstöðum eru túngarður 247, uppistandandi reykkofi 248, kálgarður 249, hús 304, kálgarður 326, brunnur 324 og uppistandandi fjárhús 306.
Húsið er að hluta byggt inn í brekku sem liggur upp að Steinsstaðakletti norðvestan við húsið en austan við það er flatt graslendi.
Ekki er búið í húsinu sem er í talsverðri niðurníðslu. Það er steinsteypt, á tveimur hæðum og hefur valmaþak en engan kjallara. Það er um 8x5m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88, 196

**SM-233:097** *Ás* hús býli 724554 469737



*Bæjarstæði Áss 097, horft til suðurs*

"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Ás [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Steinsteypt íbúðarhús er í Ási sem var byggt 1925. Það stendur suðaustan í grónu holti, Móhrauni, austan við Djúpavogskirkju, 140 m suðvestan við býlið Hlíð 069 og 770 m suðvestan við Löngubúð 109. Margar minjar sem tilheyrt hafa þessu býli eru norðaustan og suðvestan við húsið. Tún þess var í suðaustur-hlíðum holtsins. Ekki er til túnakort fyrir býlið þar sem það byggist eftir að túnakort voru gerð



*Steypt plata á lóðinni neðan við Ás 097, mögulega haughús, horft til suðausturs*

fyrir svæðið árið 1919.
Húsið er byggt í talsverðum halla undir klettabelti og er grasi gróin brekka framan við það. Suðaustan við brekkuna tekur við mýrlent svæði í Stekkjablá sem var búið að ræsa fram og rækta en nú nýlega hefur verið fyllt upp í suma skurðina til að endurheimta votlendi. Íþróttavöllur er á flatlendinu austan við Ás.
Húsið er á tveimur hæðum. Það er um 7x7 m að stærð. Gengið er inn á efri hæð af bílaplani á hlaði en aðrar dyr inn í húsið eru á neðri hæð sem er grafin að hálfu inn í brekkuna. Húsið er mjög illa farið; gat er á þaki og það vantar nokkra glugga í það. Skúr sem er sambyggður íbúðarhúsinu að norðvestanverðu er í kverkinni á milli húss og kletta í holtinu. Hann er 8x4 m að stærð. Suðvestan við íbúðarhúsið er lítill skrúðgarður með trjám og öðrum plöntum. Steypt plata er niður undan garðinum, mögulega haughús. Hólmyndun er framan við plötuna en önnur ummerki um fjós eða útihús framan við íbúðarhús eru ekki greinileg.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88



*Sunnuhvoll 098, horft til norðvesturs*



*Mynd af Sunnuhvoli 098 úr myndasafni Rafns Kjartanssonar. Myndasafnið er á vef Djúpavogshrepps (http://djupivogur.is/adalvefur/?pageid=634).*

**SM-233:098** *Sunnuhvoll* hús bústaður 724742 469954
"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Sunnuhvoll [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Samkvæmt fasteignamati í Þjóðskrá var húsið byggt 1927. Að sögn Erlu Ingimundardóttur, heimildamanns, var byggt við húsið 1949-1950. Sunnuhvoll er hús nr. 6 við við götuna Hamra og er um 80 m suðvestan við Kaupstaðarstekk 041 og 150 m suðvestan við Sólhól 092.
Húsið stendur beint undir mosagrónni klettaborg, í aflíðandi brekku sem hallar til suðurs.
Húsið er 10x9 m að stærð og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Gengið er inn í húsið að norðaustanverðu. Fast sunnan við húsið er bílaplan og fleiri íbúðarhús til vesturs og austurs. Á gluggapóstum hússins stendur að það sé byggt 1927.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88

**SM-233:099** *Rjóður* hús bústaður 724981 470354
"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Rjóður [...], segir í bókinni



*Rjóður 099, horft til norðurs*

Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Þar segir einnig: [...] upp frá víkinni [Innri-Gleðivík] Rjóður, Lögberg [101], Brekka [077], Vegamót [094], Mörk [100], Árblik, Þórsmörk og Hraun [070],” Húsið Rjóður stendur tæpa 50m suður af sjávarbakka og er hús nr. 16 við Markarland. Húsið var byggt árið 1920 samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár.
Húsið stendur á grasbala sem er afmarkaður af malbikuðum götum.
Húsið er bárujárnsklætt timburhús á hlöðnum kjallara sem hefur verið styrktur með steypu. Húsið er undir þaki og hefur verið gert upp. Það er um 10x10 m að grunnfleti.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88, 196

**SM-233:100** *Mörk* bæjarstæði bústaður 724996 470169
“Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Mörk [...], segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Þar segir einnig: [...] upp frá víkinni [Innri-Gleðivík] Rjóður [099], Lögberg [101], Brekka [077], Vegamót [094], Mörk, Árblik, Þórsmörk og Hraun [070].” Ekkert sér lengur til hússins Markar og staðsetning er fengin af gömlum ljósmyndum. Húsið stóð á svipuðum slóðum og húsið við Markarland 3, á horninu milli Markarlands og Kambs. Það var 60 m norðvestan við Gamla skóla 146.
Í húsagarði við Markland 3 er slétt grasflöt með nokkrum trjám.
Dálítil bunga er í sléttaðri grasflöt þar sem húsið Mörk stóð og í henni er lítt greinanleg dæld. Þar eru því greinlega mannvistarleifar enn undir sverði. Líklega hefur húsið verið rifið. Á ljósmynd eftir Guðna Þórðarson frá 1951 og sjá má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, sést að húsið var lítið timburhús með sambyggðum skúr og bíslagi. Húsið var pappaklætt.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88, 196; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1697764

**SM-233:101** *Lögberg* hús bústaður 724892 470319
Í Fasteignamati 1916-1918 segir: «Lögberg (þurrabúð).[...]. 1. Íbúðarhús, 4,41x3,15x3,47+0[,] 63. Við það er skúr 3,78x2,52x2,21 m. Byggt úr timbri með pappa á veggjum og járn á þaki. 2. Grunnlóð. Ársleiga kr. 12,00.” Húsin með á kr. 700,00 og lóðin á kr. 200,00. “Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Lögberg [...],” segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. “Suður frá Gleðivíkurtanga er enn einn klettabálkurinn, Brekkuklettur, Lögbergsklettur, upp af honum Háiklettur, Hvíldarklettur við Kaupstaðarklif; í klifinu var gerð sniðgata, [056] þegar bílar komu, var kölluð Ástarbraut,” segir í örnefnaskrá. Lögberg er um 50 m sunnan við bæjarstæði Brekku 077A og rúmum 30 m vestan við götuna Brekku. Ekki var gert túnakort fyrir Lögberg árið 1919, en innan lóðar Lögbergs eru minjar 205, 206, og 223. Þær tengjast mjög líklega búskap í Lögbergi.
Húsið stendur undir klettaborg á grasigrónum mel. Það er í aflíðandi brekku, sem hallar til norðausturs.
Í Húsakönnun í Djúpavogshreppi frá 2014 segir: «Gamla Lögberg var byggt 1914 af Gústaf V. Kristjánssyni og Jónínu Rebekku Hjörleifsdóttur, konu hans.” Síðar í sama riti er greint frá



*Lögberg 101, horft til norðvesturs. Fjær sést yngra íbúðarhúsið í Brekku 077.*

því að " [u]pphaflega var um að ræða tveggja hæða hús á hlöðnum kjallara. Mænisþak var á húsinu en þakhallinn meiri að aftanverðu en þar var vegghæðin minni. Í húsinu var lítill gangur (inngangur í húsið), eldhús, lítið herbergi inn úr eldhúsi ásamt örlitlu búri í eldhúsi. Stigi var upp á baðstofuloft úr eldhúsi. Á baðstofuloftinu voru tveir gluggar, annar í suðausturátt og hinn á gafli og vísaði niður að sjó. Sumarið 1929 var byggt við norðausturgafl hússins eitt herbergi með skúrþaki. Gengið er inn í herbergið úr forstofu andspænis eldhúsi. Aftur var byggt við húsið 1948 en þá var byggð einnar hæðar bygging með skúrþaki meðfram allri norðvesturhlið hússins. Í henni var komið fyrir 2 herbergjum og búri. Við suðvesturgaflinn var sömuleiðis reistur steyptur geymsluskúr með skúrþaki." Húsið Lögberg er 12,5x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru á húsinu á suðausturhlið og þar fyrir framan er malarplan. Austan þess er slegin grasflöt og grasigróin brekka til vesturs. Húsið er lítillega grafið inn í hallla (0,5-1 m). Það er bárujárnsklætt og í sæmilegu ástandi.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Fasteignamat 1916 -1918 SM II, 1; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88 Ö-Búlandsnes, 4; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 36-37

**SM-233:102** *Hvarf* hús bústaður 724778 470550
"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Hvarf [...], segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Þar segir einnig: "Klettarani liggur frá Borgargarðsklifi niður að Berufirðinum og undir klettarananum stóðu húsin, Melar [095], Sólheimar [130], Steinsstaðir [096], Fagrahlíð [078] og Hvarf." Bæjarstæði Hvarfs telst vera nr. 7 við götuna Víkurland, er 160-170 m vestan við bæjarstæði Svalbarðs 103 og 55-60 m norðan við bæjarstæði Fögruhlíðar 078A. Eftirfarandi minjar hafa að öllum líkindum tilheyrt Hvarfi og búskap þar: útihústóft 246, hleðsla 298, garðlag 300, og hleðsla úr undirstöðu vindmyllu 296.



*Hvarf 102, horft til suðurs*

Bæjarstæðið er undir klettum sem eru í sveig umhverfis það frá suðri til vesturs. Norðan við það er Innri-Gleðivík.
Á bæjarstæðinu stendur íbúðarhús sem byggt var 1920 og er það undir þaki og virðist í góðu ástandi. Húsið er um 8,5x8,5 m að grunnfleti. Ekki eru heimildir um að búið hafi verið í Hvarfi fyrir 1920 og ekki er til túnakort fyrir býlið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88, 196

**SM-233:103** *Svalbarð* bæjarstæði býli 724950 470566

“Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Svalbarð [...], segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Þar segir einnig: [...] Við Ytri-Gleðivík á Gleðivíkurtanga eru húsin Svalbarð og Sæbakki [...].” Svalbarð stóð syðst á austanverðum Gleðivíkurtanga við botn Ytri-Gleðivíkur. Húsið hefur verið rifið og umhverfi þess sléttað. Þar stendur nýlegt sumarhús á steyptum sökkli.
Svalbarð var fremst á sjávarbakka.
Engar minjar um húsið sjást lengur vegna niðurrifs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88, 196

**SM-233:104** heimild um leið 725135 469755
Leið lá af vegi 159 að Hammersminni 079A og áfram upp á Brenniklett. Leiðin er sýnd á túnakorti Hammersminnis frá 1919.
Leiðin var skoðuð á lóð Hammersminnis við samnefnda götu og í grasgefnu mýrarsundi ofan við býlið, uppi á Brennikletti.
Ekki sáust skýr ummerki um leiðina en það eru götutroðningar í sundinu vestan við Hammersminni og á loftmynd má greina götur sem liggja frá Hammersminni að Hlíðarhúsi 037 en þessi leið er hluti af þéttu neti gatna sem myndast hafa eftir því sem byggðin þéttist í þorpinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1919


**SM-233:105** *Garðar* hleðsla býli 725197 469834
“Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Garðar [...],” segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Býlið Garðar var austan undir Brennikletti, líklega á bak við bílskúr við Hammersminni 14, um 120 m SSV við Holt/Steinsholt 26 og 65 m NNA við býlið Hammersminni 079.
Brekkan austan í Brennikletti er gróin og í henni trjágróður en mikið rask hefur orðið neðan við klettinn vegna byggingaframkvæmda.
Lítil sem engin ummerki um býlið sjást vegna niðurrifs og byggingaframkvæmda en þó eru hleðsluleifar á þremur stöðum á svæði sem er 54x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst norðaustast. Á lóðamörkum milli Hammersminnis 12 og 14 er hlaðinn garður C sem liggur þvert á brekkuna og ætla má að sé frá því búið var í Görðum. Hann er um 9 m á lengd, 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Í honum má greina grjót en fjöldi umfara sést ekki. Norðan við hann er lítill matjurtagarður sem er í notkun.


*Hleðsla 105A á bæjarstæði Garða, horft til VNV*


*Hleðsla 105B á bæjarstæði Garða, horft til norðurs*

Beggja vegna við hann eru ummerki um niðurgröft. Um 30 m suðvestar, bak við bílskúrinn við Hammersminni 14, eru hleðsluleifar A í brekkunni þar sem hús í tengslum við býlið hafa staðið. Um 14 m suðvestan við þær hleðslur er grjóthlaðinn kantur B í miðri brekkunni sem ætla má að hafi einnig verið í tengslum við býlið Garða. Hann sést á 12 m löngum kafla þar sem hann liggur til NNA af túngarði 079D sem afmarkaði tún Hammersminnis. Allar hleðslur eru hrundar en kanturinn er um 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Líklegt er að hann hafi verið á mörkum lóðar í kringum Garða og að gaddavírsgirðing hafi verið ofan á honum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88

**SM-233:107** *Höskuldsstaðir* bæjarstæði býli 725154 469845
"Höskuldsstaðir og Hvammur [108] stóðu uppi á Brennikletti," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson.
"Upp frá voginum er annar klettarani, öllu lengri. Brenniklettur, Höskuldsstaðaklettur og syðst Sjólystarklettur," segir í örnefnaskrá. Höskuldsstaðir eru í litlu túni 60 m SSA við Hvamm 108





*Kort sem sýnir minjar í túni Höskuldsstaða 107 og Hvamms 108 á Brennikletti.*

og 75 m norðan við býlið Hammersminni 079. Á bæjarstæðinu er enn vel greinileg bæjartóft. Í og við tún Höskuldsstaða eru einnig brunnur 046, útihús 271, túngarður 301, hjallur 295, mannvirki (mögulega leifar af útihúsi) 299 og mögulega einnig hleðsla 297 þar sem útihús kann að hafa staðið. Túnið er um 90x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur en innan þess svæðis eru líka klappir. Ekki er til túnakort fyrir Höskuldsstaði og hefur býlið líklega byggst um eða eftir 1920.
Túnið er mjög lítið og er í halla til suðvesturs. Bærinn var hlaðinn suðaustan undir kletta uppi á Brennikletti eða Höskuldsstaðakletti eins og þessi hluti Brennikletts er einnig kallaður. Grenitré vaxa á milli bæjartóftar og hæstu klettabrúnar.
Bæjartóftin er tvískipt en húsið sem hér stóð var úr blönduðu efni; torfi, grjóti, timbri og bárujárni. Bærinn brann eftir að hann var kominn úr ábúð. Tóftin er 10x11 m að stærð og snýr norðvestur-



*Tóft Höskuldsstaða 107, horft til norðvesturs á ljósmynd*






*Gamla húsið á Höskuldsstöðum 107, ljósmynd í eigu Alberts Geirssonar*

suðaustur. Í vesturhluta tóftarinnar er hólf I sem er 6x4 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Í því miðju er niðurgrafinn kjallari sem er 2x3 m að innanmáli og hefur sömu stefnu. Hann er grjóthlaðinn og talsvert hefur hrunið úr veggjum ofan í hann. Kjallarinn er 0,3-0,5 m á dýpt. Ofan í honum sjást járnrör. Ekki var hlaðinn veggur á suðvesturhlið og líklega ekki heldur á suðausturhlið. Í vesturhorni tóftarinnar er hólf II. Það er 2x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturhlið þar sem hefur verið timbur- og/eða bárujárnsþil með dyrum. Tóftin er að mestu grjóthlaðin. Utanmáls eru hæstu veggir um 0,8 m á hæð en innanmáls eru þeir allt að 1,6 m á hæð. Þar sjást 8 umför. Lítil sem engin uppsöfnun mannvistarlaga er á bæjarstæðinu og ekki sáust ummerki um öskuhaug.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88; Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:108** *Hvammur* bæjarstæði bústaður 725145 469915
"Höskuldsstaðir og Hvammur stóðu uppi á Brennikletti," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Bæjarstæði Hvamms er 70 m norðan við Höskuldsstaði 107 og 100 m suðvestan við býlið Bjarg 073. Þar er bæjartóft og tvær aðrar litlar tóftir sem skráðar eru saman undir einu númeri en fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóftirnar raðast suðaustan undir lágan klapparhrygg á Brennikletti. Aðrar minjar sem tengjast líklega búskap í Hvammi eru kálgarður 272, túngarður 307, kálgarður 303 og mögulega einnig tóft 270 og hjallstóft 215. Ekki sáust ummerki um brunn í nágrenni bæjarstæðisins en líklegt er að Hvammur hafi notað sama brunn og Höskuldsstaðir (sjá brunn 046). Ætla má að Hvammur hafi verið þurrabúð því túnið þar er mjög lítið og rýrt og í því eru ekki augljósar útihúsatóftir. Aldur þess er ekki þekktur en líklegt er að það hafi fyrst byggst um og upp úr 1920.
Grösugt er í kringum tóftirnar en túnstæði lítið og þröngt en það er í grunnu sundi á milli kletta. Minjarnar eru á svæði sem er um 16x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustast er bæjartóft eða húsgrunnur A. Líklegt er að á býlinu hafi staðið hús úr timbri og bárujárni. Tóftin er um 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gólf hennar er niðurgrafið um 0,3 m þar sem ætla má að hafi verið grunnur kjallari. Ekki er greinilegur veggur á suðausturhlið. Mesta hæð utanmáls er 0,2-0,3 m. Grjót hefur hrunið úr hleðslum inn í tóftina. Í innanverðum





*Bæjartóft Hvamms 108, horft til vesturs á ljósmynd*

veggjum má sjá 3 umför í norðvesturvegg. Um 3 m suðvestan við þessa tóft er lítil tóft B. Hún er um 3x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturgafli þar sem hefur verið þil með dyrum. Veggir tóftarinnar eru lágir og mjóir og eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Hlutverk hennar er ekki þekkt en gæti hafa verið lítil geymsla eða hænsnakofi. Veggir eru 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Í suðvesturenda svæðisins er óljóst rými C sem er 0,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Grjóthlaðinn kantur er á norðvestur og norðausturhliðum. Hann er 0,5 m á hæð. Mjög óljóst rými D er austan við það sem er 5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er afmarkað af mjög signum eða óverulegum vegg á suðausturhlið og enn ógreinilegri vegg í suðvesturenda. Lítil uppsöfnun mannvistarlaga er á bæjarstæðinu og engin ummerki um öskuhaug.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88

**SM-233:111** *Fabrikkan* stífla 724834 470486
Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson kemur fram að á hreppsnefndarfundi 27. febrúar 1934 var samþykkt að styrkja Jakob Gunnarsson við uppsetningu á verksmiðju á gúmmískóm. “Jakob stíflaði Fögruhlíðarlækinn, sem var lítil spræna og sást varla í þurrka tíð. Þarna byggði hann sér lítið hús, sem gekk undir nafninu Fabrikkan. Stíflan í læknum nægði til að mynda bunu, sem var nógu kraftmikil til að snúa hjóli með sandpappír. Með þessu hjóli raspaði hann gúmmí áður en lím var borið á það. Undir gólfinu í Fabrikkunni mun hann hafa komið fyrir litlum rafal (dynamó), sem nægði til að hafa ljós á einni lítilli peru, segir í grein eftir Ingimar Sveinsson í Múlaþingi 34-2007. Fabrikkan mun hafa verið á þessum stað innan við áratug þegar hún var flutt að Brekku 077 (sjá umfjöllun um fornleif 254). Minjar þessarar verksmiðju eru á tveimur stöðum sem tengjast þó af lækjarfarvegi. Í fyrstalagi er það stífla sem er við Fögruhlíðarlækinn um 50 m austan við bæjarstæði Fögruhliðar 078A, rúma 80 m norðvestan við tóft 159 og um 70 m sunnan vegar sem nefnist Víkurland. Hin staðsetningin er 54 m norðan við stífluna en þar stóð sjálf verksmiðjan. Hún mun hafa staðið 10-12 m sunnan við nefndan Víkurlandsveg og um 50 m austan við bæjarstæði Hvarfs 102.
Minjasvæðið er grösugt og nokkuð þýft land sem hallar til norðurs og um það rennur lítill lækur, Fögruhlíðarlækur.
Minjasvæðið er 70x20 m að stærð og snýr norður suður. Stíflan er syðst, og er hún ríflega 20 m langt garðlag sem liggur í vinkil yfir farveg Fögruhlíðarlækjar og svo aðeins upp með honum. Lengri armurinn sem er um 11 m og liggur yfir Fögruhlíðarlækinn hefur stefnuna suðaustur og norðvestur en styttri armurinn sem liggur upp með læknum hefur






*Stífla í Fögruhlíðarlæk sem stjórnaði rennsli í læknum. Vatnið úr læknum sneri hjóli með sandpappír sem notað var við smíði gúmmí-skóa í Fabrikkunni 111 litlu neðar. Horft til norðvesturs.*

stefnuna suðvestur og norðaustur. Vatnið hefur því safnast í kverkina á garðlaginu og síðan hefur því verið veitt í gegnum ræsi sem er austarlega á lengri arminum sem liggur yfir lækinn. Garðlagið er 80-100 cm á hæð og um 150 cm á breidd. Það er sennilega að miklu leyti torfhlaðið en þó má vera að einhver grjóthleðsla sé í því þótt hún sjáist ekki. Sjálft verksmiðjuhúsið mun hafa staðið á flötum grasbala um 50 m norðan við stífluna. Engar sýnilegar minjar sjást eftir sjálft verksmiðjuhúsið sem af myndum að dæma var bárujárnsklætt timburhús en stóð einungis á þessum stað í tæpan áratug.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 165; Ingimar Sveinsson: Múlaþing 34-2007, 10

**SM-233:126** *Einbúi* þjóðsaga huldufólksbústaður 723900 470106
"Einbúi (álfaklettur) á gönguleið [128] frá Búlandsnesi til Djúpavogs. Þar var talið reimt og ekki laust við beyg í sumum sem fóru þar hjá," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Einbúi er stakur klettur norðan við Grjónadý, austan við vegamót Þjóðvegar 1 og Djúpavogsvegar, um 80 m suðvestan við kálgarð 245 og 350 m vestan við Borgargarð SM-234:001.
Kletturinn er á mörkum mýrlendis og klettaholta.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur. 400 ár við voginn, 196

**SM-233:127** *Holt* hús bústaður 725270 469936
"Upp úr 1900 stóð lítið hús sem hét Holt austan við Brenniklett [sjá 026] [...]. Þar bjuggu Kristófer Eiríksson og Sigurbjörg Sigurðardóttir auk 7 barna. Um 1930 byggði Sigurður sonur þeirra nýtt hús um 50 m suðaustur af gamla húsinu sem sennilega var rifið um svipað leyti. Nefndist nýja húsið Holt og bjó fjölskyldan þar í mörg ár," segir í Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014. Húsið Holt stendur við Eyjaland 1. Það er ekki nógu gamalt til að teljast til fornminja en er fulltrúi fárra íbúðarhúsa í fábrotnum alþýðustíl frá þeim tíma þegar þéttbýli er að myndast á

Djúpavogi og er því tekinn með á fornminjaskrá.
Slétt grasflöt er á lóðinni í kringum húsið sem er innan íbúðahverfis.
Ítarleg umfjöllun er um Holt í Húsakönnuninni: “Húsið er í einföldum stíl, einlyft með lágu risi á háum sökkli. Upprunalega var það bárujárnsklætt að utan en hefur síðan verið forskalað og múrsléttað að utan. Sömuleiðis hefur verið steypt utan á sökkulinn. Fyrir miðja öldina var húsið lengt og bætt við geymslu og baði. Gengið er upp steyptar útitröppur að inngangi hússins. Gluggar eru flestir krossgluggar en rammar hafa verið fjarlægðir. Ástand hússins er lélegt að utan en ekki er vitað um innviði þess. Það þarfnast endurgerðar og umhverfið aðhlynningar.” Grunnflötur hússins er um 8,5x7,5 m og snýr það NNA-SSV.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 30

**SM-233:128** gata leið 724145 470014
“Einbúi (álfaklettur) [126] á gönguleiðinni frá Búlandsnesi til Djúpavogs. Þar var talið reimt og ekki laust við beyg í sumum sem fóru þar hjá. Þá taka við Borgargarðsskot, klettaranar með grónum dælmum á milli allt að túninu í Borgargarði [SM-234]. Á Háaurunum greindist vegurinn frá Búlandsnesi út á Djúpavog. Venjulega gönguleiðin var um Borgargarðsskot og túnið í Borgargarði, en utan við það komu vegirnir aftur saman,” segir bókinni í Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Leið lá frá Búlandsnesi um Háuaura að túni Borgargarðs, í gegnum það og að þéttbýlinu í Djúpavogi. Leiðin er sýnd á túnakortum Borgargarðs og Borgargerðis 068. Hún liggur 60-100 m norðvestan við Djúpavogsveg og svo til samhliða honum til suðausturs þar til komið er að Einbúa því þar beygir hún til austurs yfir túnið á Borgargarði. Austan við Borgargarð hefur hún sennilega lent undir veg.


*Gata á leið 128 þar sem hún liggur inn í tún Borgargarðs SM-234, horft til austurs*

Leiðin liggur um grösugt mólendi.
Leiðin á milli Búlandsness og gamla kaupstaðarins er um 2,3 km á lengd. Þar sem leiðin var skoðuð, í og við túnið í Borgargarði, sást ein, nokkuð greinileg gata á um 500 m löngum kafla. Hún er um 50 cm á breidd og um 20 cm djúp og víða tekin að gróa. Ekki er von til þess að sjá aðra hluta leiðarinnar vegna rasks af völdum vegagerðar og bygginga.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 196


**SM-233:129** heimild um leið 724262 470276
“Gamla kaupstaðarleiðin, nefnd Norðurgata [056], lá hinsvegar út af Háaurum norður fyrir Borgargarðsklett í krappri beygju þar sem heitir Olnbogi. Þar greindust götur annars vegar inn eftir Norðurlandi að Teigarhorni [SM-239], hins vegar um Kaupstaðarklif [sjá einnig 056] framhjá Hvíldarkletti út og niður að verslunarlóðinni,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Leiðin sem lá af Norðurgötu að Teigarhorni var aðeins skoðuð á stuttum kafla norðan við Olnboga að götunni Víkurlandi í norðurjaðri byggðarinnar. Á þeim kafla er malarvegur en þar sjást ekki götur eða ummerki um elstu vegagerð á leiðinni. Ætla má að þessi leið hafi legið á Prófastagötu SM-239:016 sem skráð er í landi Teigarhorns.
Leiðin liggur á milli kletta og bergganga. Norðan við Víkurland má sjá af loftmyndum að leiðin

lá yfir mýrarsund og er þar upphlaðnar torfbrýr.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** ÁFÍ 2002, 93

**SM-233:130** *Sólheimar* bæjarstæði bústaður 724580 470145
"Klettarani liggur frá Borgargarðsklifi niður að Berufirðinum og undir klettarananum stóðu húsin, Melar [095], Sólheimar, Steinsstaðir [096], Fagrahlíð [078] og Hvarf [102]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Býlið Sólheimar var litlu vestan við yngra hús sem einnig ber heitið Sólheimar, byggt 1985. Það hús er nr. 19 við götuna Borgarland. Ekki er til túnakort fyrir býlið og byggist það að líkindum eftir 1920. Eldra bæjarstæði Sólheima er staðsett eftir skýringarkorti 5 í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 sem sýnir staðsetningu horfinna húsa og mannvirkja og var það um 112 m suðvestan við býlið Mela 095. Aðrar minjar sem tilheyrt hafa Sólheimum eru túngarður 255, hlöðutóft 256, fjárhústóft 257 og útihústóft 208.
Á þessum slóðum er grasigróið flatlendi. Til vesturs er klettarani, en sunnan og austanmegin er íbúðarhús og akvegir.
Engin ummerki um býlið sjást á yfirborði og eru engin uppsöfnuð mannvistarlög greinileg. Líklegt er þó að mannvist sé undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 196; Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020, 60

**SM-233:131** tóft fjárhús 724642 470263
Tóft af fjárhúsum er 5m norðan við bæjarstæði Mela 095 og hefur tilheyrt því býli, um 1m norðvestan við tóft 132 og um 17m beint suður af tóft 250.
Tóftin er ofarlega í brekku milli klettar og tóftar 132.
Tóftin er einföld og grafin inn í brekkuna sem hún er í. Hún er um 7x7m að stærð, alveg opin til suðausturs og því má ætla að þar hafi verið timburgafl. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, 60-130cm á hæð og um 1m á breidd. Norðvesturveggur sem grafinn er inn í brekkuna er þó um






*Tóftir 131 og 132, horft til norðvesturs á ljósmynd*

50cm á breidd. Norðvesturveggur og hluti af norðausturvegg hafa verið styrktir með steypu. Hleðslugrjót er í meðallagi stórt og má telja 5-6 umför.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:132** tóft fjárhús 724645 470258

Tóft af fjárhúsum er 6m norðaustan við bæjarstæði Mela 095 og hefur tilheyrt því býli, rúma 25m norðvestan við íbúðarhús Mela byggt 1965, um 1m suðaustan við tóft 131 og um 17m beint suður af tóft 250.
Tóftin er undir brekkurótum hraunkambs og framan við flatt graslendi.
Tóftin er tvískipt, 11x8m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Veggir eru um 1m á hæð og breidd og þeim sjást um 7 umför. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturhlið og hefur verið timburþil með dyrum þar. Tóftin er grafin inn í brekkuna sem hún stendur undir og er veggurinn á þeirri hlið um 50cm á breidd. Víðir vex í norðaustur hólfi hennar. Norðaustan við tóftina er mosavaxin flöt eða pallur sem er 12x8m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Suðausturhlið þessa palls afmarkast af kanti sem er um 50cm hár.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:133** gerði kálgarður 725443 469814
Kálgarður er norðan við sveigju á veginum sem liggur upp að Bóndavörðu 052 um 180 m suðvestan við hana. Kálgarðurinn er suðaustan undir klettaholti og er grafinn inn í aflíðandi brekku sem hallar til suðausturs. Þetta eru ungar minjar en aldur þeirra er ekki þekktur.


*Kálgarður 133, horft til suðurs*

Grasi gróið er innan kálgarðsins og utan. Fjær eru lúpínubreiður.
Gerðið er torfhlaðið og snýr norðaustur-suðvestur. Það er 32x18 m að stærð. Veggir þess eru greinilegastir og standa hæst í norðausturenda og austurhorni. Norðvestur-langhlið er kantur sem er 0,5-1,5 m á hæð. Aðrar hliðar eru ógreinilegar. Op er í suðurhorni. Mesta veggjahæð er 1,2 m á norðausturhlið en er víðast um 1 m á hæð á þeirri hlið. Fast utan við norðurhorn kálgarðsins er flatur stallur og ummerki um mannvirki, líklega kartöflugeymslu. Stallurinn er um 2x2 m að stærð. Óljós veggjabrot eru í kringum hann úr torfi. Innan gerðis sjást þverrákir sem gefa til kynna hvar beðin voru síðast í garðinum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:146** *Gamli skólinn* heimild um 725045 470114
“”Gamli skólinn” var byggður 1912. Nýtt skólahús var tekið í notkun 1953,” segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.
“Skólahúsið stóð á melnum milli Hlíðarendakletts og Ekrutúnsins [sjá 093]. Það var steinsteypt með timburgólfi og ein kennslustofa fyrir allan hópinn frá tíu til fjórtán ára aldurs. Í kjallaranum var símstöðin, kolageymsla og trésmíðaverkstæði og kamarinn undir tröppunum og gengið inn að utanverðu,” segir í bókinni Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson.
Í Fasteignamati 1916 -1918 segir: «Barnaskólinn. 1. Steinsteypuhús, ekki fullgjört. Stærð 7,88x5,36x5,04+1,26 m með járnþaki[.] 2. Lóðin er grunnlóð með gangrúmi. Eftirgjaldalaus.” Húsið var metið á kr. 2200,00 og lóðin á kr. 300,00. Gamli skólinn var á horni Markarlands og Búlands, um 100 m norðaustan við Ekru 093 og 150 m suðvestan við Löngubúð 109. Þar stendur steinsteypt hús.
Þar sem Gamli skólinn stóð er nú (2016) sléttlendi og íbúðabyggð. Búið er að planta trjám á svæðinu og leggja stíga.
Engin ummerki um Gamla skólann sjást á yfirborði en leifar af grunni hússins kunna að vera

undir sverði. Svæðinu hefur verið umbylt á undanförnum árum og hefur íbúðarhverfi risið þar í kring. Til eru allmargar ljósmyndir af Gamla skólanum, m.a. í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson á bls. 190 sem og myndir frá Hansínu Björnsdóttur á fyrri hluta 20. aldar.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** SJM III, 418; Stefán Jónsson, 122; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 3

**SM-233:148** *Vörðuhraun* varða samgöngubót 724170 469717




*Varða 148 á Vörðuhrauni, horft til NNV*

Stæðileg varða er í Vörðuhrauni um 250 m vestan við mógrafir 285 við Djúpavogskirkju, 320 m sunnan við Borgargarð SM-234:001 og 130 m suðvestan við götu sem ber nafnið Búland og liggur af þjóðvegi 1 inn á Djúpavog.
Varðan er norðarlega á mosavöxnu klapparholti. Blaut mýri er allt í kring.
Varðan er skófum vaxin og er um 1 m í þvermál og 1 m á hæð. Í henni sjást 6-8 umför en þó eru þau ekki mjög regluleg og því ekki gott að telja þau. Neðst eða neðarlega í vörðunni að SSA-verðu er lítið hólf inn í hana sem virðist hlaðið af ásetningi. Hólfið er um 0,2 m á kant og 0,2 m á dýpt. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegt er að hún sé samgöngubót. Lítið hefur hrunið úr vörðunni en laust grjót er ASA við vörðuna sem virðist aðborið.
**Hættumat:** engin hætta

**SM-233:149** þúst hjallur 725272 469633
Ferköntuð grjótþúst er á litlu grjótholti fast austan við mógrafir 025 og 170 m suðaustan við Hammersminni 079, næsta þekkta býli. Þústin er að öllum líkindum er leifar af hjalli.
Mýrlent er í kringum holtið sem er nokkuð vel gróið.
Þústin er um 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er mjórri í norðvesturenda eða



*Leifar af hjalli 149, horft til suðausturs á ljósmynd*





3,5 m á breidd. Í vesturhorni er einn stór steinn, mögulega jarðfastur. Í þústinni er eggjagrjót,

allt nokkuð mosagróið.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:156** heimild um ristu 724895 469745
"Sigurður afi risti mikið af reiðingstofi niðri í Blá. Það var flutt á þurrt á Holtið sunnan og neðan við Hlíðarhús [037] og látið síga úr því. Síðar voru allir tiltækir hestar í þorpinu fengnir að láni og allt flutt heim á Sólhólstún til frekari þurrkunar, áður en það yrði notað til einangrunar í nýja húsið [á Sólhóli 092],» segir í Fólkið í Plássinu eftir Má Karlsson. Ekki er fullvíst hvar torfristan var sem nefnd er hér að framan en af lýsingunni má ætla að hún hafi verið á milli Þórarinshrauns og Hlíðarhúss en þar sjást engin ummerki um ristuna.
Svæðið var áður blaut mýri sem var framræst og ræktuð undir tún fyrir býlin í þorpinu. Túnin eru orðin þýfð og komin í órækt.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Már Karlsson, 46

**SM-233:157** tóft BYRGI 725538 469977
"Í seinni heimsstyrjöldinni, þegar Bretar héldu uppi eftirlitsstörfum um allt land, leigðu þeir aðstöðu hjá Bender í Framtíðinni. Einnig byggðu þeir lítið útsýnisbyrgi uppi á Bóndavörðu [052]. Þetta byrgi var hlaðið úr torfi og grjóti [...]. Byrgið var klætt að innan með kassafjölum, og á því var einnig smá kýrauga eða gluggi sem hafði þann tilgang að veita birtu inn í byrgið," segir í bókinni Fólkið í Plássinu eftir Má Karlsson. Byrgistóftin er um 10 m sunnan við Bóndavörðu






*Byrgistóft 157, horft til suðausturs á ljósmynd*


052 og 470 m suðaustan við Löngubúð 109.
Bóndavörðuhraun er hátt holt sem er gróið á milli klappa. Bratt er niður af því til austurs.
Tóftin er einföld og virðst að mestu torfhlaðin inn á milli kletta. Hún er um 4x4 m að stærð og er innanmál hennar 2x1,5 m, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni í norðvesturenda. Hún er sigin og gróin. Mesta hleðsluhæð er 0,7 m í norðvesturenda en hleðslur eru lægri á öðrum hliðum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Már Karlsson, 72

**SM-233:158** tóft útihús 725123 469743
Greinileg grjóthlaðin tóft er í sundi ofan við býlið Hammersminni 079. Hún er byggð norðaustan undir klöppum þar uppi á Brennikletti. Ætla má að hún hafi tilheyrt býlinu Hammersminni þó að hún sé utan túns þess. Tóftin er fast norðvestan við þúst 079L.
Framan við tóft til norðausturs er deiglent mýrarsund, grasi gróið.

Tóftin er einföld og gróin en grjóthleðslur sjást enn vel. Suðvestur- og norðvestur hliðar tóftarinnar



*Úthústóft 158, horft til norðurs á ljósmynd*




*Á teikningu er tóft 158 ásamt þúst 079L sem er fast suðaustan við hana en er skráð með minjum í túni Hammersminnis*


eru grafnar inn í halla en grjóthleðslur eru engu að síður í innanverðum veggjum eins og annarsstaðar í tóftinni. Tóftin er um 4,5x4 m að stærð. Ekki er veggur á norðausturhlið tóftarinnar þar sem ætla má að hafi verið timbur- eða bárujárnsþil. Nokkuð hefur hrunið úr suðausturvegg inn í tóftina og örlar á járnleifum þar einnig. Mesta hæð veggja er 0,6 m utanmáls. Innanmáls sjást 3 umför hleðslu. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að um leifar af útihúsi sé að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:159** heimild um leið 725105 469594
Á túnakortum Sjólystar 080 og Hammersminnis 079 sem eru austan undir Brennikletti er sýndur vegur sem lá að þessum býlum, meðfram Brennikletti. Hann var litlu ofar en malbikaður vegur við götuna Hammersminni er í dag (2017), eða á sama stað og afleggjari inn að Sjólyst.
Vegurinn lá um nokkuð þurrlent og flatlent svæði sem hefur breyst mikið vegna húsbygginga, vegagerðar og annars konar rasks sem fylgir auknu þéttbýli.
Engin ummerki sjást um elsta veginn og óvíst hvernig þeirri vegagerð var háttað. Líklega var um ruddan veg að ræð en hann kann að hafa verið upphlaðinn þar sem aðstæður kölluðu á það.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-233:160** tóft fjárhús 724957 470601
Fjárhústóft sem tilheyrði Svalbarði 103 eru um 35m norðan við bæjarstæði Svalbarðs og fast vestan við sjávarbakkann. Tóftin er miðsvæðis á austanverðum Gleðivíkurtanga.
Tóftin er í grösugu landi alveg fremst á sjávarbakka.
Tóftin er 17x9m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Tóftin er tvískipt og eru veggir steyptir. Syðra hólfið er um 10x6m að stærð, vegghæð er um 250cm og þykkt veggja 20-30cm. Nyrðra hólfið er steyptur kanntur, 11x9m að stærð og vegghæð 10-30cm. Tóftin er byggð upp við lágan klettarana sem er vestan við hana. Upp við þennan klettarana og 2m sunnan við tóftina sem hér hefur verið lýst er lítil grjóthlaðin tóft sem er 4x3m að stærð, einföld og opin til austurs. Vegghleðslur eru 70-80cm á hæð, 4-5 umför og um 1m á breidd. Hefur væntanlega verið notuð sem lítil kró. Alls er minjasvæðið 22x9m að stærð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 21



*Fjárhústóft 160, horft til suðurs á ljósmynd*





**SM-233:161** tóft naust 724927 470469

"Ég átti heima í Rjóðri [099] ofan við malarkambinn í Gleðivík. Þar áttu þeir skúra Guðjón á Hlíðinni með Lang sinn, Gústi í Lögbergi með Stíganda og Aðalsteinn í Svalbarði með Stellu [sjá einnig 162 og 163]," segir í Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson. Skúrar þessir voru niður við sjó á milli Brekku 077 og Svalbarð 103. Þar standa engir skúrar lengur en ummerki um þá má sjá á tveimur stöðum. Annars vegar tóft þá sem hér er skráð og gryfju, sjá 162. Ekki er vitað



*Tóft af nausti 161 og ummerki um naust 162, horft til vesturs*




*Á teikningu má einnig sjá tóft 161 og leifar af nausti 162*

við hvaða sjóskúr eða naust minjarnar eiga af þeim þremur skúrum sem nefndir voru hér að framan og er því ekki hægt að segja til um það. Tóftin sem hér er skráð er um 10 m suðaustan við meinta hákarlagryfju 210 og 15 m SSA við gryfju 162. Skúrarnir hafa líklega bæði þjónað sem naust og sem veiðarfærageymslur.

Tóftin er í grösugri brekku sem hallar til austurs niður að sjó við götuna Víkurland.

Tóftin er einföld, 6x5m að stærð og snýr austur vestur. Vegghleðslur eru um 1m á hæð og 1-2,5m á breidd. Hún er á kafi í mjög háu grasi og sjást engar grjóthleðslur í henni. Ekki eru vegghleðslur á austurhlið. Á gamalli loftmynd af Djúpavogi frá 1957 sést hús á þessum stað. Þak þess virðist hafa verið úr járni og var skúrinn eflaust einnig úr bárujárn og timbri en hlaðið meðfram grunninum.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Stefán Jónsson, 92

**SM-233:162** gryfja naust 724922 470484
“Ég átti heima í Rjóðri [099] ofan við malarkambinn í Gleðivík. Þar áttu þeir skúra Guðjón á Hlíðinni með Lang sinn, Gústi í Lögbergi með Stíganda og Aðalsteinn í Svalbarði með Stellu [sjá einnig 161 og 163],” segir í Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson. Skúrar þessir voru niður við sjó á milli Brekku 077 og Svalbarð 103. Þar standa engir skúrar lengur en ummerki um þá má sjá á tveimur stöðum. Annars vegar tóft 161 og gryfju sem hér er skráð. Ekki er vitað við hvaða sjóskúr eða naust minjarnar eiga af þeim þremur skúrum sem nefndir voru hér að framan og er því ekki hægt að segja til um það. Gryfjan sem hér er skráð er um 13 m norðaustan við meinta hákarlagryfju 210 og 15 m NNV við tóft 161. Skúrarnir hafa líklega bæði þjónað sem naust og sem veiðarfærageymslur.
Gryfjan er fast undir brattri grösugri brekku við götuna Víkurland.
Gryfjan er rúmlega 4 m á lengd og 2 m á breidd. Framan við hana er til austurs er vottur af veggbleðslu sem er um 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Í dældinni miðri er niðurgröftur sem er 2x1,5 m að innanmáli og 0,5 m á dýpt. Líklegt er að hér sé um að ræða grunn eins af þeim þremur skúrum sem sagt er frá í bókinni Að breyta fjalli. Á gamalli loftmynd af Djúpavogi frá 1957 sést hús á þessum stað. Þak þess virðist hafa verið úr járni og var skúrinn eflaust einnig úr bárujárn og timbri.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Stefán Jónsson, 92

**SM-233:163** heimild um naust
“Ég átti heima í Rjóðri [099] ofan við malarkambinn í Gleðivík. Þar áttu þeir skúra Guðjón á Hlíðinni með Lang sinn, Gústi í Lögbergi með Stíganda og Aðalsteinn í Svalbarði með Stellu [sjá einnig 161 og 163],” segir í Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson. Skúrar þessir voru niður við sjó á milli Brekku 077 og Svalbarð 103. Þar standa engir skúrar lengur en ummerki um þá má sjá á tveimur stöðum. Annars vegar tóft 161 og gryfju 162. Staðsetning þriðja skúrsins er ekki þekkt og ekki reyndist unnt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Skúrarnir hafa líklega bæði þjónað sem naust og sem veiðarfærageymslur.
**Heimildir:** Stefán Jónsson, 92

**SM-233:164** *Hjalli* bæjarstæði bústaður 724820 470178
“Helga [Stefánsdóttir] bjó ein í dálítilli skúrbyggingu austan við Klifið, þar sem vegurinn [056] lá ofan í plássið. Húsið hennar hét Hjalli [...]. Þarna var gengið beint inn í eldhúskytruna hennar og þaðan inn í stofuna, sem jafnframt var svefnherbergi,” segir í bókinni Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson. Að sögn Erlu Ingimundardóttur, heimildamanns, var húsið byggt í kringum 1920-1925 af bræðrum Helgu, Ingimundi og Ólafi. Helga dó um 1960 og var húsið þá rifið í kjölfarið. Hjalli var við Kaupstaðarklif, suðaustan við Háaklett, um 45 m sunnan við Blómsturvelli 281 og um 170 m norðan við Kaupstaðarstekk 041. Minnismerki er fast norðaustan við grunn hússins. Það var reist í tilefni af 70 ára afmæli Kvenfélagsins Vöku en Helga Stefánsdóttir á Hjalla var einn af stofnendum félagsins.
Bústaðurinn var á milli tveggja hraunkamba, fast austan við mosagróinn klettahrygg. Lynggróður er áberandi við hrygginn, en þegar því sleppir tekur við grasivaxið svæði.
Grunnur hússins Hjalls sést enn. Hann er 8x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grjóthleðslur eru í jöðrum grunnsins sem eru hæstar 0,4 m á vesturhlið en lægstar 0,1-0,2 m á norðurhlið. Í hleðslum sjást 1-2 umför. Lítið rof er greinanlegt á miðri norðausturhlið.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Stefán Jónsson, 123




*Bæjarstæði Hjalla 164, horft til vesturs á ljósmynd*

**SM-233:169** tóft skemma 724843 469462
Torfhlaðin mótóft er á flatri gróinni klöpp syðst á Þórarinshrauni norðaustan við mógrafasvæði 288 og 250 m suðvestan við býlið Sjólyst 080.
Mýrlendi er allt í kringum holtið.
Tóftin er um 5x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún kann að hafa verið lengri til




*Mótóft 169, horft til suðurs á ljósmynd*

suðausturs, allt að 10 m að lengd í heildina. Veggir tóftarinnar eru signir og óverulegir, eru 1 m á breidd og 0,1-0,2 á hæð. Tóftin er grasi gróin og eins er grasi gróið inni í henni í norðvesturenda en mosagróður er í suðausturenda.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:170** heimild um fjós 725132 470279
Í fasteignamati frá 1916-1918 eru upplýsingar um fjós og hlöðu á verslunarlóðinni á Djúpavogi: «Eigandi verslunarstjóri Þórhallur Sigtryggsson. Fjós og hlaða. [V]eggir úr torfi og grjóti, timbur þak járnvarið (á versl. lóðinni). Kr. 400,00.” Ekki er ljóst hvar þessi útihús voru og sjást þau ekki gjörla á gömlum ljósmyndum. Helst kemur til greina að þessi hús hafi verið aftan og norðan við Síberíu 110.
Á svæðinu er langur og afgerandi klapparhóll. Malbikuð gata er meðfram hólnum að austanverðu og þar er einnig bílastæði norðan við Löngubúð 109.




*Mynd úr safni Nönnu Þórhallsdóttur með merkingum sem sýna hvar fjós 170 var. Myndasafnið er á vef Djúpavogshrepps (http://djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192).*

Fjósið og hlaðan sem getið er um í fasteignamati voru líklega hlaðin upp við klapparhólinn aftan við Síberíu. Þar sjást engar minjar eða ummerki um þær. Kletturinn gengur inn á 20-30 m löngum kafla þar sem útihúsin kunna að hafa verið.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918
SM II, 3

**SM-233:171** *Stekkakofi* bæjarstæði bústaður
Stekkakofi, þurrabúð, er nefndur í manntali 1880 samkvæmt Ingimar Sveinssyni í bókinni Siglt og róið. Ekki er ljóst hvar þurrabúðin var en ætla má að hún sé innan kaupstaðarlandsins og ekki langt frá Kaupstaðarstekk 041. Ekki reyndist unnt að staðsetja Stekkakofa með innan við 50 m skekkju. Nafnið gefur til kynna að stekkur hafi áður verið á þessum stað.
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 46

**SM-233:185** *Mylluklettur* heimild um myllu 725130 470312
"[...] nokkru síðar var reist upp af steyptum sökkli á Mylluklettinum, ofan við Löngubúðina 15 metra hátt grindarmastur, pýramídalagaður þrífótur [sjá 224]. Þarna hafði Þorleifur Sigurðsson í Fossgerði komið fyrir vindrafstöð sem framleiddi nóg rafmagn til brúkunar fyrir kaupfélagið," segir í bókinni Fólkið í Plássinu eftir Má Karlsson." Mylluklettur er fast NNV við Löngubúð 109 en kornmylla var norðarlega á klettinum og sést á gamalli ljósmynd eftir Nicoline Weywadt frá því fyrir aldamótin 1900.
Mylluklettur er gróinn klapparás, innan Kaupstaðartúns 141.
Engin ummerki sjást lengur um mylluna og ekki er vitað nákvæmlega hvenær hún hvarf af sjónarsviðinu en það hefur verið skömmu eftir aldamótin 1900 ef marka má gamlar myndir af svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Már Karlsson, 90

**SM-233:191** tóft útihús 724372 469613
Tóft úr torfi og grjóti er fast suðvestan við mógrafir 285 við Djúpavogskirkju og 215 m suðvestan við býlið Ás 097. Ætla má að hún sé útihústóft frá Ási.
Tóftin er uppi á grónu klapparholti, hlaðin suðaustan undir klettavegg. Holtið er að mestu gróið en holmói er sunnan við tóftina á litlu svæði. Gamalt girðingarstæði liggur eftir suðvesturlangvegg tóftarinnar og eru hleðslur undir girðingu í framhaldi af þeim vegg til norðvesturs upp á klöpp. Framræst mýri með mógröfum er norðaustan við tóftina.
Tóftin er einföld og að mestu leyti grjóthlaðin. Hún er um 5x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturenda. Tóftin stendur nokkuð vel en er gróin og grjót úr hleðslum er tekið að hrynja inn í hana. Mesta hæð veggja utanmáls er 1,1 m í austurhorni en einn þriðji hluti tóftarinnar er grafinn inn í aflíðandi halla. Mestur fjöldi umfara sést í innanverðum norðvesturgafli þar sem 7 umför sjást. Birkitré eru farin að vaxa í tóftinni.




*Tóft 191, horft til norðvesturs á ljósmynd*

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**SM-233:192** brunnur brunnur 724854 470288



*Brunnur 192, horft til NNA*

Brunnur er tæpa 65 m sunnan við bæjarstæði Brekku 077A, um 40 m vestan við fjárhús 205 og tæpa 90 m norðaustan við bæjarstæði Blómsturvalla 281. Ekki er vitað hvaða býli notuðu þennan brunn. Annar brunnur er 15 m norðaustar, sjá 077G.
Brunnurinn er grunnri hvilft efst á klettarana. Brunnurinn er ferhyrndur og um 1 m á kant. Hann hefur verið fylltur með grjóti en er samt um 30-50 cm djúpur og er mikið vatn í honum. Hann hefur að öllum líkindum verið hlaðinn og þá hefur hugsanlega einnig verið í honum einhvers konar timburgrind en það er þó með öllu óvíst. Að sögn Andrésar Skúlasonar, heimildamanns, var brunnurinn tvær mannhæðir að dýpt eða 3-4 m.


**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:193** garðlag óþekkt 724833 470093
Garðlag liggur milli tveggja klettaveggja rúma 60m vestan við Hraun 070, rúma 90m norðan við Kaupstaðarstekk 041. Það er sambyggt gerði 261 og er 50 m norðaustan við garðlag 194. Garðurinn er að líkindum framhald af garði sem afmarkaði tún Sólhóls og er sýndur á túnakorti frá 1919, sjá 092C.
Garðlagið liggur um gróið en samt nokkuð stórgrýtt svæði milli tveggja klettaveggja.
Garðlagið er 15m langt, 30-40cm á hæð og 40-100cm á breidd. Það er hlaðið úr torfi og grjóti en þó er austurendinn eingöngu grjóthlaðinn. Götuslóði liggur í gegnum garðlagið og upp við klettana vaxa hríslur þétt upp við það.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:194** garðlag óþekkt 724813 470049
Á úrvinnslustigi sást garðlag milli tveggja klettaveggja á loftmynd. Garðlagið er tæpum 50m suðvestan við garðlag 193, rúmum 90m vest-suðvestan við býlið Hraun 070 og 45 m norðan við



*Garðlag 193, horft til norðvesturs*




*Á teikningu sést afstaða garðlaga 193 og 194 og gerðis 261*

Kaupstaðarstekk 041.
Garðlagið liggur um gróið en samt nokkuð stórgrýtt svæði milli tveggja klettaveggja.
Af loftmyndinni má sjá að garðurinn er um 13m langur og liggur frá vestri til austurs. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi garðurinn var hlaðinn.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:196** gerði kálgarður 725013 469571




*Kálgarður 196, horft til norðvesturs*

Lítill kálgarður er tæpa 50 m vest-norðvestan við bæjarstæði Sjólystar 080A, um 6 m austan við tóft 197 og rúmlega 36 m norðan við kálgarð 080D. Ætla má að hann hafi verið nýttur frá Sjólyst en þó er það óvíst.
Kálgarðurinn er í brekkurótum klettaholts sem hallar til suðurs.
Kálgarðurinn er 13x13 m að stærð og eru þrjár hliðar hans afmarkaðar með torf- og grjóthlöðnu garðlagi sem er 30-60 cm á hæð og 120-130 cm á breidd. Efst og nyrst afmarkast garðurinn einungis af kanti sem er um 20 cm hár. Kálgarðurinn er mikið gróinn grasi en einnig mosa.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:197** tóft fjárhús 724999 469566
Tóft er rúma 50 m vestan við bæjarstæði Sjólystar 080A, um 6 m vestan við kálgarð 196 og um 35 m norðan við kálgarð 080D. Af staðsetningu, stærð og lögun tóftarinnar verður að teljast líklegt að hér sé um fjárhústóft að ræða sem nýtt hafi verið frá Sjólyst.
Tóftin er í brekkurótum klettaholts sem er norðan við tóftina.
Tóftin er 10x6 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er tvískipt og eru bæði hólfin opin til suðvesturs og má draga þá ályktun að þar hafi verið timburgafl. Hólfið norðvestan megin er 4x2 m að innanmáli en hólfið suðaustan er 2x1,5 m að innanmáli. Vegghleðslur sem eru úr torfi og grjóti eru 2-3 m á breidd og 60-150 cm á hæð. Ytrabyrði veggja er yfirleitt hærra en innrabyrðið en engu að síður má ætla að tóftin sé að hluta niðurgrafin. Vegghleðslur eru nokkuð vandaðar. Hleðslugrjótið er frekar stórt og má telja 3-4 umför í því. Norðan við tóftina er svo til ferhyrnd gryfja sem er 2 m í þvermál og 30-50 cm djúp.



*Tóft 197, horft til norðausturs*




*Á teikningu sést afstaða milli tóftar 197 og kálgarðs 196*


**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:198** tóft útihús 724971 469518

Tóft er tæpa 50 m suðvestan við tóft 197, tæpa 30 m vestan við kálgarð 080D og rúma 90 m vest-suðvestan við bæjarstæði Sjólystar 080A. Af staðsetningu, stærð og lögun tóftarinnar



*Tóft 198, horft til suðausturs á ljósmynd*




verður að teljast líklegt að hér sé um útihústóft að ræða sem nýtt hafi verið frá Sjólyst.
Tóftin er í mólendi suðvestast á lágu holti sem liggur frá suðvestri til norðausturs. 15 m vestan við tóftina hefur læk verið veitt í skurð og þá hefur barrtrjám verið plantað á svæðinu.
Tóftin er einföld, 6x5 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Veggheðslur eru mjög signar en þær eru úr torfi og grjóti, um 1,5 m á breidd og 30-50 cm á hæð. Á suðvesturgafli er óljóst op og hugsanlega annað á norðvesturhlið en það gæti verið eftir rof sem er gróið núna. Girðing er fast uppvið og meðfram suðausturhlið tóftarinnar og við norðausturgaflinn er jarðlægt bjarg.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:199** gerði kálgarður 724351 469514

Ungt og óverulegt lítið gerði er fast sunnan við túngarð 323, 10 m sunnan við gerði 263 og 290 m suðvestan við Ás 097. Það kann að hafa tengst túngarðinum en þau tengsl eru rofin. Líklegt er að gerðið hafi verið umhverfis kálgarð og að girt hafi verið ofan á veggi þess með gaddavír.





*Meintur kálgarður 199, horft til austurs á ljósmynd*

Gerðið er í smáþýfðu gömlu túni á mörkum holts og mýrlendis sem var til skamms tíma framræst og ræktað en þegar skráning fór fram vorið 2017 var búið að fylla upp í skurðina í þeim tilgangi að endurheimta votlendið á svæðinu.
Gerðið er 3x9 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðinn torfgarður er á norðvesturhlið sem er 0,6-0,7 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð utanmáls. Lágur kantur er á suðausturhlið sem er 0,3 m á hæð. Ekki er nein afmörkun til norðausturs en suðvesturhliðin er grafin inn í mólendi. Flatlent er innan gerðisins. Ógreinilegur kantur er í framhaldi af norðvesturvegg til norðausturs. Mjó rás er til suðausturs frá norðausturenda kants á suðausturhlið, líklega til merkis um jarðrækt og girðingar á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:200** tóft óþekkt 724705 470013
Fremur stæðileg tóft er um 20 m NNV við tóft 201, um 100 m vestan við Kaupstaðarstekk 041 og um 170 m vestan við Sólhól 092A. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er hún af







*Tóft 200, horft til vesturs á ljósmynd*

hjalli sem nefndur er í umfjöllun um Sólhól 092 í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson.
Tóftin er á milli tveggja hraunkamba í aflíðandi brekku til austurs. Kjarrgróður er áberandi við tóftina, en þegar fjær dregur tekur þýft graslEndi við.
Tóftin er 4x4 m að stærð. Hún er einföld og er lítillega grafin í hól, um 0,5 m. Veggir eru allir grasivaxnir og grjóthlaðnir. Er mesta hleðsluhæð 0,8 m og eru veggir 0,5-1 m á breidd. Í

veggjum eru 3-5 umför af stæðilegu grjóti. Ekki sést veggur fyrir austurhlið, en líklega hefur verið timburþil með dyrum þar
áður.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur. 400 ár við voginn, 88

**SM-233:201** tóft óþekkt 724709 469996
Tóft er um 20 m SSA við tóft 200, um 100 m vestan við Kaupstaðarstekk 041 og 170 m vestan við Sólhól 092A. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er hún af hænsnakofa sem nefndur er í umfjöllun um Sólhól 092 í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson.






*Tóft 201, horft til vesturs á ljósmynd*

Tóftin er á milli tveggja mosagróinna hraunkamba til austurs og vesturs. Er hún nær upp við eystri hraunkambinn. Smáþýft graslendi er umhverfis tóftina.
Tóftin er 6x5 m að stærð að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld, ferköntuð og eru veggir grjóthlaðnir. Sjá má 1-2 umför af stórgrýti í veggjum. Hæð veggja er mest 0,4 m á norðurhlið. Ekki mótar fyrir vegg á austurhlið og sennilega hefur þar verið timburþil með dyrum áður.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Djúpivogur. 400 ár við voginn, 88


**SM-233:202** tóft+garðlag útihús 725120 469648
Stakt garðlag, tóft og þrír kálgarðar eru ASA í Brennikletti á milli býlanna Sjólystar 080 og Hammersminnis 079, um 50 m norðvestan við húsið Birkihlíð við Hammersminni 28. Ekki er ljóst hvaðan þessar mannvirki voru nýtt. Allt eru þetta ungar minjar sem geta tæplega talist til fornminja eins og þær eru skilgreindar í lögunum en eru til vitnis um forna byggingarhefð, ræktun og húsdýrahald í vaxandi þéttbýli og því teknar með í fornleifaskrána.
Minjarnar eru í grasi gróinni brekku sem hallar til ASA.
Minjasvæðið er 40x20 m að stærð og snýr NNA-SSV. Innan þess eru fimm mannvirki og er hverju þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar í þessari lýsingu sem hefst syðst, á garðlagi A. Garðurinn er 18 m á lengd og liggur frá efstu brún Brennikletts til suðausturs eftir hlíðum klettsins. Garðurinn er torfhlaðinn og grasi gróinn, 0,4-0,8 m á hæð og 1-2 m á breidd. Hann afmarkar minjasvæðið til SSV en túngarðurinn í Hammersminni 079D afmarkar það til NNA. Tóft B er um 10 m norðaustan við garðlag A. Hún er einföld, er 8x6m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er úr torfi og grjóti og eru veggir hæstir um 0,7 m á norðvesturhlið.



*Kálgarður 202E, horft til suðausturs*



*SSV-endi minjasvæðisins, garður 202A og tóft B, horft til austurs*




*Minjar 202 á SSV-hluta svæðisins, garðlag A, tóftir B og C og gerði D. Kálgarður E er litlu norðan við þessar minjar, í NNA-enda svæðisins.*

Breidd veggja er 1-1,5 m. Tóftin er öll á kafi í grasi og er hún grafin lítillega inn í brekku til norðvesturs. Dyraop er í suðurhorni tóftarinnar. Inni í miðri tóftinni er gamalt vatnsrör sem stendur upp úr jörðinni. Ekki er vitað um hlutverk tóftarinnar, en líklega er um einhvers konar útihús að ræða. Gerði C er tæpum 10 m NNA við tóft B. Það afmarkar kálgarð og er 12x9 m að stærð, snýr NNA-SSV. Gerðið er lítillega grafið inn í brekku til norðvesturs og er kjarrgróður áberandi í norðvesturhluta gerðisins. Veggir eru úr torfi og grjóti, hleðsluhæð er mest 0,4 m og glittir í 1-2 umför af stæðilegu grjóti í þeim. Gerði D er um 20 m ANA við tóft C. Það er 13x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru mikið grónir og mest má sjá 1-2 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Mesta veggjahæð er 0,5 m á norðurhlið. Vesturhlið gerðisins er lítillega grafin inn í brekku. Greina má op á miðjum austurvegg gerðisins. Líklegt er að það hafi einnig afmarkað kálgarð en ekki útilokað að það hafi verið notað sem aðhald eða rétt. Að lokum er svo stór kálgarður E sem er fast NNA við kálgarð C. Hann er 19x9 m að stærð. Kálgarðurinn er grafinn inn í brekku og er kantur fram af honum til ASA sem er 1,5 m á hæð. Mjó torfhleðsla er meðfram ASA- og NNA-hliðum kálgarðsins.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:204** mannvirki skemma 724910 470274

Steinsteyptur húsgrunnur er um 50 m SSA við Lögberg 101 og rúmum 20 m sunnan við götuna Brekku. Mannvirkið er líklega of ungt til þess að geta talist til fornleifa í lagalegum skilningi. Það er hins vegar til vitnis um búskaparhætti við upphaf þéttbýlismyndunar Djúpavogs, menningarlandslag sem er að miklu leyti horfið. Af þeim sökum þótti rétt að taka það með í fornleifaskrána.

Minjastaðurinn er undir hól í aflíðandi brekku sem hallar til norðausturs. Grjót er á víð og dreifð um svæðið og er mosaþemba þar áberandi.

Steinsteypti grunnurinn er 10x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hægt að




*Neðarlega í brekkunni er húsgrunnur veiðarfæra-geymslu og hlöðu 204 frá Lögbergi 101, horft til norðausturs. Í forgrunni er garðlag 223.*

greina herbergjaskipan á grunninum. Mesta veggjahæð 0,5 m og er gengið inn norðanmegin á vesturhlið mannvirkisins. Að sögn Andrésar Skúlasonar, heimildamanns, var hlaða og veiðarfærageymsla frá Lögbergi 101 á þessum stað.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:205** tóft fjárhús 724899 470293



*Neðst í brekkunni er fjárhústóft 205 frá Lögbergi 101, horft til ANA. Í forgrunni er húsgrunnur 207.*




Fjárhústóft er tæpum 30 m SSA við Lögberg 101 og 5-10 m sunnan við Brekkugötu. Hún er innan lóðar sem tilheyrði Lögbergi 101 og tengist búskap á því býli.
Tóftin er í aflíðandi brekku sem hallar til norðausturs. Graslendi og mosaþemba er áberandi og til norðurs er húsaþyrping.
Tóftin er 20x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er lítillega grafin inn í hól og er torf- og grjóthlaðin. Tóftin er tvískipt og fá hólf hennar númer til aðgreiningar í þessari lýsingu sem hefst norðvestast, á hólfi 1. Það er 9x6 m að stærð að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Grjóthrun er áberandi innan hólfsins. Hólf 2 er suðaustan við hólf 1. Það er 7x5 m að innanmáli og snýr eins og hólf 1. Ekki eru hlaðnir veggir á norðausturgöflum hólfanna og má ætla að þar hafi verið timbur- eða bárujárnsþil með dyrum. Veggir tóftarinnar eru 0,4-1 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Telja má 2-3 umför af stæðilegu grjóti í veggjum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:206** mannvirki útihús 724887 470283
Steinsteyptur grunnur er um 40 m sunnan við Lögberg 101 og um 20 m suðvestan við útihús 205. Mannvirkið telst ekki til fornleifa í lagalegum skilningi en það er á hinn bóginn leifar um



*Húsgrunnur 206, horft til austurs*

gamalt búsetulandslag við upphaf þéttbýlis á Djúpavogi sem er að stórum hluta horfið. Af þeim sökun fær það að fylgja með í þessa fornleifaskrá. Grunnurinn er innan lóðar sem tilheyrði Lögbergi og tengist hann líklega búskap á því býli.
Mannvirkið er norðaustan undir stórum hraunkambi, í aflíðandi brekku sem hallar til norðausturs. Gras og mosaþemba er til allra átta og víða má sjá grjót standa upp úr grasinu.
Steinsteypti grunnurinn er 5x5 m að stærð. Hann er nálega ferhyrntur og er mesta veggjahæð 0,3 m. Ekki mótar fyrir opi á veggjum eða herbergjaskipan. Ekki er ljóst hvaða hlutverki mannvirkið þjónaði, en líklegt verður að teljast að það sé leifar af útihúsi.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:207** mannvirki óþekkt 724893 470137




*Steyptur grunnur 207, horft til austurs*

Steinsteyptur grunnur er um 80 m sunnan við bæjarhús Vegamóta 094A og rúmum 70 m suðvestan við Kambsgötu. Hlutverk og aldur mannvirkisins er ekki þekkt og telst það líklega ekki til fornleifa í lagalegum skilningi. Það er hins vegar leifar um gamalt búsetulandslag við upphaf þéttbýlis á Djúpavogi sem er að stórum hluta horfið. Af þeim sökun fær það að fylgja með í þessa fornleifaskrá.
Grunnurinn er ofan á grasi gróinni hraunborg. Stutt er í þverhnípi til austurs og vesturs. Víðsýnt er yfir Djúpavogskaupstað frá minjastaðnum til norðurs og austurs.
Steinsteypti grunnurinn er 8x6m að stærð og snýr austur-vestur. Hvorki mótar fyrir herbergjaskipan á grunninum né opi. Mesta veggjahæð er 0,4 m hæð. Hrúga af voldugu steinlímdu grjóti og allstórum steinklumpum er innan grunnsins og rétt fyrir utan norðurvegg hans. Er líklegra en hitt að það sé hrun frá mannvirkinu.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:208** tóft útihús 724573 470148
Tóft er um 10 m vestan við Sólheima 130 og um 20 m norðaustan við götuna Borgarland. Tóftin er innan heimatúns gömlu Sólheima og tengist búskap á því býli.
Tóftin er í hæl brekku sem hallar til austurs. Svæðið er grasivaxið og kargaþýft til vesturs, en flatt og lítið um gróður eftir því sem norðar dregur. Sunnan við tóftina eru íbúðarhús við götuna Borgarland.
Tóftin er einföld og er 4x4 m að stærð. Hún er byggð upp við 2-2,5 m háan hraunkamb að vestanverðu og afmarkar hann vesturhlið hennar. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Veggir eru hæstir um 0,4 m og eru þeir 0,4-0,6 m breiðir. Op er á tóftinni á miðri austurhlið. Hér er líklega






*Útihústóft 208 við Sólheima 130, horft til vesturs*

um einhvers konar útihús að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks


**SM-233:209** tóftir skemma 724908 469614





*Mótóft 209A, horft til suðurs*

*Mótóft 209B, horft til NNA*




*Mótóftir 209A og B sunnan við mógrafir 221*

Tvær litlar tóftir eru norðaustan undir klettum í Þórarinsholti suðaustarlega í þéttbýlinu á Djúpavogi. Þær eru fast suðvestan við mógrafir 221 og um 160 m norðvestan við býlið Sjólyst 080.
Grasi gróið er undir mosagrónum klettunum og mýrlent er á mógrafasvæðinu til norðausturs.
Minjarnar eru á svæði sem er um 16x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hér fer á eftir. Tóft A er norðvestast á svæðinu. Hún er um 3x6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Tóftin er einföld og torfhlaðin að mestu. Hún er í halla til ANA. Mögulegt op er í ANA-enda en það er ógreinilegt. Veggir eru innan við 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Tóft B er 6 m suðaustan við tóft A og eru veggir hennar mjög ógreinilegir. Ef til vill væri réttara að tala um þúst fremur en tóft. Hún er 6x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í henni eru grjóthleðslur og torf. Ógreinilegir veggir eru á suðvesturhlið og er stórgrýti í honum. Kantur er á norðausturhlið og

stórgrýti í austurhorni. Ætla má að þessar tóftir séu leifar af móstæðum og að mór úr mógröfum 221 hafi verið geymdur í þeim.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:210** gryfja 724911 470473



*Hákarlagryfja 210, horft til ANA*

Gryfja er upp af naustum 161 og 162, um 130 m norðaustan við Brekku 077A og 100 m suðvestan við Svalbarð 103. Að sögn Andrésar Skúlasonar, heimildamanns, voru hákarlagryfjur á þessu svæði og má því ætla að þessi gryfja hafi haft það hlutverk.
Gryfjan er í aflíðandi grasivaxinni brekku sem hallar til austurs. Svæðið er smáþýft og austan við það er deiglendi.
Gryfjan er 4x4 m að innanmáli. Hún er grafin um 0,5 m inn í hæð. Meðfram jöðrum gryfjunnar er jarðvegskragi úr torfi og grjóti sem hefur líklega myndast við útgröftinn frekar en að um hlaðna veggi sé að ræða. Kraginn er 0,3-0,5 m á hæð og 0,4-0,6 m á breidd. Op eða rof er á honum í norðausturhorni.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:211** brunnur brunnur 725172 469982




*Brunnur 211 uppi á Brennikletti, horft til norðausturs*

Ferkantaður brunnur er uppi á Brennikletti sem tilheyrði að öllum líkindum býlinu Bjargi 073. Hann er um 30 m suðvestan við bæinn í Bjargi 073A og fast austan við leið 216.
Gróinn mói er í kringum brunninn uppi á klettinum. Siglingamerki er við norðausturhorn hans.
Brunnurinn er ferkantaður og er 3,6x3,4 m að stærð, snýr norður-suður. Hleðslur í brunninum úr grjóti og ekki sérlega vandaðar. Þær eru 0,4 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð utanmáls. Brunnurinn er um 0,5 m á dýpt og stendur vatn í honum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:215** tóft hjallur 725122 469922

Hrunin grjóthlaðin hjallatóft er uppi á Brennikletti ofan við tjaldstæðið á Djúpavogi, um 20 m norðvestan við Hvamm 108.
Tóftin er ofarlega á klettaholti sem er mosavaxið en víða grýtt. Grasvöxtur er í kringum tóftina. Tóftin er um 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á henni á miðri norðvesturlanghlið. Innanmál hennar er illgreinanlegt vegna grjóthruns. Mesta hæð veggja er 0,2 m og eru allar hleðslur hrundar, ekki stendur steinn yfir steini. Að öllum líkindum er hér um hjallatóft að ræða eða hrundar undirstöður hjalls. Ekki er vitað hvaða býli hjallurinn tilheyrði en líklegt er að hann hafi tilheyrt Hvammi.






*Hjallstóft 215, horft til vesturs á ljósmynd*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:216** gata leið 725175 469991

Greinileg gata liggur frá Höskuldsstöðum 107 sem er uppi á Brennikletti, framhjá Hvammi 108 og áfram til norðurs og niður af Brennikletti. Til norðurs endar leiðin við grjótgarð 090D sunnan við veitingasöluna Við voginn. Leiðin lá hins vegar að Löngubúð 109 og hafnarsvæðinu neðan við hana.


Leiðin liggur úr túni Höskuldsstaða um móa inn á milli klappa. Þar sem leiðin fer niður af Brennikletti liggur hún eftir klettasyllu og niður bratta brekku.

Leiðinni var fylgt á 250 m löngum kafla og liggur hún nokkurn veginn norður-suður. Ein mjög skýr gata sést á leiðinni og er hún enn farin af íbúum Djúpavogs.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:217** brunnur brunnur 725134 469765






*Brunnur 217, horft til norðvesturs á ljósmynd*

Brunnur er í norðaustanverðu sundinu ofan við Hammersminni 079 á Brennikletti, um 30 m vestan við gamla húsið sem tilheyrði býlinu og 23 m norðaustan við útihústóft 158.

Sundið uppi á Brennikletti er deiglent en grasi gróið. Grenitré vaxa norðaustan við brunninn. Votlent er í kringum hann og liggur renna frá brunninum fram á brún sundsins og virðist hún hafa myndast vegna vatnsrennslis.


Hleðsla úr torfi og grjóti er í kringum brunninn sem er um 2x2 m að stærð. Op eða rof er á

hleðslunni til suðurs og úr því liggur áðurnefnd renna. Brunnurinn hefur verið fylltur af grjóti og ekki er því hægt að sjá ofan í hann. Engar upplýsingar fengust um það hvernig brunnurinn var að öðru leyti en hér hefur verið lýst og ekki er ljóst hversu gamall hann er.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:219** tóft óþekkt 725068 469458



*Tóft 219 vestan við Fýluvog, horft til norðurs á ljósmynd*




Stór tóft er hlaðin utan í nokkuð afgerandi hól í mýrlendi vestan við Fýluvog.
Er á þurrum hól í blautri mýri.
Tóftin er um 9x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í fjögur hólf. Í miðri tóftinni er stórt hólf I sem er um 6x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í suðausturenda. Suðvestan við það eru tvö lítil hólf, hvort upp af öðru. Ofar er hólf II sem er þá í vesturhorni tóftarinnar. Það er um 1x3 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í suðurhorni. Neðan við það er hólf III sem er um 1 m í þvermál innanmáls. Óljóst op er á því í norðvesturenda og mögulega var einnig op á milli þessara tveggja hólfa, II og III. Í Norðausturenda tóftarinnar, er hólf sem er grjóthlaðið að innan og er greinilega yngsti hluti tóftarinnar. Það er hlaðið inn í eldra hólf og sjást óljósar veggjaleifar þess framan við hólfið. Hólf IV er 3x1 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Greinilegt op er á því í suðausturenda. Aðrir hlutar tóftarinnar virðast að mestu torfhlaðnir. Mesta hæð veggja er 0,5-0,6 m en í hólfi IV eru veggir nærri 1 m á hæð utanmáls og 1,2 m á hæð innanmáls. Þar sjást 6 umför hleðslu. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hér hafi verið beitarhús og þá líklega frá Sjólyst 080.
**Hættumat:** engin hætta




*Horft til norðurs yfir mógrafir 221*

**SM-233:221** náma mógrafir 724921 469614
Greinilegar mógrafir eru í sundi milli lágra holta. Þær eru suðaustarlega á þéttbýlissvæðinu á Djúpavogi, á milli móstæða 209 og tófta og kálgarða 268.
Mýrlent og þýft er í sundinu en skurður liggur í gegnum svæðið endilangt.
Mógrafasvæðið er 72x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er samfellt og er yfir 1

m upp á bakka þess. Vatn stendur í gröfum næst bakkanum en miklar vorrigningar voru þegar skrásetjarar voru á vettvangi (2017). Allt svæðið er vel gróið.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:222** tóft útihús 724755 469640






*Útihústóft 222 við Þórarinshraun, horft til suðausturs*

Greinileg grjóthlaðin tóft er norðvestan undir klettavegg við Þórarinshraun sem er mitt á milli býlanna Áss 097 og Sjólystar 080, um 130 m austan við þúst 316 og 25 m norðaustan við tóft 287.
Tóftin er í þýfðu sundi milli kletta á holti. Þar er búið að planta grenitrjám nærri tóftinni og stafar henni hætta af trjáræktinni.
Tóftin er 5x5 m að stærð og er tvískipt. Lítil hleðsla skiptir henni í tvö hólf og er mögulega ung viðbót en er þó mosavaxin. Mikið er af stórgrýti í hleðslum og má sjá 4 umför þar sem hleðslur eru hæstar. Tóftin er hlaðin upp við bergvegg sem myndar suðausturgafl hennar. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturgafli en þar hefur verið þil með dyrum á. Sjá má einfalda röð jarðlægra steina í norðvesturenda tóftarinnar og grjót hefur hrunið úr langveggjum í norðvesturenda. Mesta hæð veggja er 0,5 m utanmáls en þeir eru yfir 1 m á hæð innanmáls þar sem þeir eru hæstir í suðurhorni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega hefur hér verið útihús. Ekki er ljóst hvaða býli notaði það útihús.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**SM-233:223** garðlag túngarður 724890 470266

Garðlag er um 60 m sunnan við Lögberg 101 og um 90 m vestan við götuna Markarland. Garðlagið er innan lóðarinnar sem tilheyrði Lögbergi og tengist að öllum líkindum búskap þar.
Garðlagið er í aflíðandi brekku sem hallar til norðausturs. Lítil gróðurhula er í brekkunni, en mosagróið grjót er á víð og dreif um svæðið.
Garðlagið liggur norðaustur-suðvestur og er 20 m á lengd og 0,5 m á breidd. Suðvesturendi þess er hlaðinn upp við klett og þaðan liggur það í beinni línu í norðaustur átt. Það er hlaðið úr stóru og smáu grjóti og er mesta hleðsluhæð 0,4 m. Telja má 1-2 umför í hleðslum. Hleðslur eru hrundar í suðvesturenda garðsins. Þar er hleðsluhæð mest 0,1-0,2 m á þeim kafla og ekki unnt að greina nein umför. Garðurinn er á mörkum túnbletts í kringum Lögberg og óræktað svæðis og hefur að líkindum gegnt hlutverki túngarðs.



*Túngarður 223 sem tilheyrði Lögbergi 101, horft til ANA*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:224** mannvirki VINDMYLLA 725123 470257




*Steyptur sökkull vindmyllu á 224, horft til norðurs*

"[...] nokkru síðar var reist upp af steyptum sökkli á Mylluklettinum [185], ofan við Löngubúðina 15 metra hátt grindarmastur, pýramídalagaður þrífótur. Þarna hafði Þorleifur Sigurðsson í Fossgerði komið fyrir vindrafstöð sem framleiddi nóg rafmagn til brúkunar fyrir kaupfélagið," segir í Fólkið í Plássinu e. Má Karlsson." Stöpull undan vindmyllu er um 25 m vestan við Síberíu 110, rúma 170 m suðaustan við Rjóður 099 og um 15 m norðvestan við Löngubúð 109. Ekki eru þekktar nákvæmar upplýsingar um það hvenær vindmyllan var sett upp en í bók Ingimars Sveinssonar Djúpivogur 400 ár við voginn kemur fram að byrjað hafi verið að nýta vindmyllur til rafmagnsframleiðslu á Djúpavogi í byrjun seinna stríðs í kring um 1939-1940.
Stöpullinn er grösugum flötum kletti nærri höfninni á Djúpavogi.
Stöpullinn er liggjandi þríhyrningur sem mjókkar örlítið upp. Hver hlið er um 3 m að lengd og er hæðin um 100-120 cm. Ofan á stöplinum út við hvert horn eru járnfestingar sem hafa verið steyptar með stöplinum og munu fætur vindmyllugrindarinnar hafa verið áfastir við þessi járnstykki.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Már Karlsson, 90; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur 400 ár við voginn, 178

**SM-233:226** gerði kálgarður 724895 470190



*Kálgarður 226, horft til VNV*




*Kálgarður 226*

Kálgarður er um 30 m suðvestan við bæjarstæði Vegamóta 094A og rúmum 60 m VNV við Kambsgötu.
Nálægð kálgarðsins við bæjarstæði Vegamóta bendir til þess að ábúendur þess býlis hafi notað

garðinn. Frekari heimildir þarf þó til þess að staðfesta það.
Kálgarðurinn er í lítilli dæld milli tveggja hraunkamba. Hann er í aflíðandi brekku sem hallar til austurs.
Kálgarðurinn er 12x6 m á stærð og snýr nálega austur-vestur. Garðurinn er grjóthlaðinn og sjá má 1-2 umför af stórgrýti í mosagrónum hleðslum. Mesta hleðsluhæð er 0,4 m og eru hleðslur 0,2-0,4 m á breidd. Austurhlið kálgarðsins er útflött og er mesta hleðsluhæð þar 0,1-0,2 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:227** heimild um útihús 724961 470191
Á ljósmynd eftir Guðna Þórðarson frá 1951 og sjá má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, sést stórt útihús sem líklega hefur tilheyrt Mörk 100. Það var fast austan við veg sem lá til norðurs að Brekku 077 á milli Merkur og Vegamóta 094 (þar sem gatan Kambur liggur inn að húsi nr. 2). Einnig sést ofan á þak hússins á loftmynd Landmælinga Íslands frá 1957.
Útihúsið var byggt austan undir lágum hraunkambi á vesturmörkum lóða milli Markarlands 3 og 5.
Engin ummerki um útihúsið sjást lengur á yfirborði og var það að öllum líkindum rifið. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um það hvert nákvæmt hlutverk þess var. Sunnan við staðinn þar sem ætla má að húsið hafi staðið er grjóthlaðinn kantur sem er um 15 m langur og gæti hann hafa verið hlaðinn úr grjóti úr húsinu.


*Grjóthlaðinn kantur þar sem úthús 227 var, horft til suðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1697764; Loftmynd LMÍ (Li2-5246)

**SM-233:228** heimild um brunn 725032 470182
Á ljósmynd eftir Guðna Þórðarson frá 1951 og sjá má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, er gamall brunnur í forgrunni (þó ekki vitað hversu gamall hann var). Ætla má að brunnurinn hafi verið á milli húsa nr. 4 og 6 við Markarland, um 40 m ANA við Mörk 100 og 100 m norðvestan við Geysi 106, rétt utan við Kaupstaðartún 141. Andrés Skúlason hefur það eftir staðkunnugum að vatn hafi m.a. verið sótt í brunninn frá Geysi.
Sléttuð grasflöt er í húsagörðum þar sem brunnurinn var.
Engin ummerki sjást lengur um brunninn og hefur líklega verið fyllt upp í hann þegar byggð þéttist í þorpinu og húsin við Markarland voru byggð. Á ljósmyndinni sést að stórri ámu hefur verið komið fyrir í brunninum og er lok ofan á honum og farg á því.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1697764


**SM-233:229** garðlag vörslugarður 724748 470034
Lítilfjörlegt garðlag er um 10 m austan við kálgarð 042 og rúmum 50 m norðaustan við tóft 200. Garðlagið er á lítt grónu sléttlendi inn á milli hraunkamba.
Garðlagið er 25 m á lengd og liggur nálega norður-suður. Norðurendi þess er byggður upp við klett að norðan. Þaðan liggur garðurinn í beinni línu til suðurs og endar upp við annan hraunklett. Garðlagið er grjóthlaðið, mesta hleðsluhæð 0,4 m og er það 0,5 m á breidd. Garðurinn er hlaðinn



*Garðlag 229, horft til norðurs*

úr stórum grjóthnullungum og eru 1-2 umför greinanleg. Garðlagið skilur að sléttlendi til vesturs og þverhnípi til austurs og er hér líklega um vörslugarð að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:230** gryfja skemma 724459 469617






*Gryfja 230 sem líklega er leifar af kartöflugeymslu, horft til SSA*

Lítil gryfja er við norðausturhornið á suðvestasta gerðinu sem tilheyrir gerði 262 og er líklega leifar af kartöflugeymslu.
Gryfjan er í aflíðandi brekku í suðaustanverðu holti, upp undir klettum sem eru efst í því. Grasi gróið er neðan við gryfjuna en holtagróður ofan við.
Grunnflötur gryfjunnar er um 1,2x1 m að stærð og snýr NNV-SSA. Op ofan í gryfjuna er í suðvesturhorni. Grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum á SSA- og VSV-hliðum. SSA-hlið er 0,5-0,6 m á dýpt og NNV-hlið er 1,5 m á dýpt.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:238** varða samgöngubót 724589 470884
Tvær innsiglingavörður eru við vestanverða Innri-Gleðivík (sjá einnig 240). Sú varða sem hér er skráð er frammi á sjávarbakka og 85 m norðaustan við hina vörðuna, sjá 240. Á milli varðanna eru ummerki um yngri gerð innsiglingarmerkis 239.
Varðan er í grónum klapparmóa rétt innan við háan og þverhníptan sjávarbakkann. Landfylling er austan við vörðuna í víkinni. Þar eru hafnarmannvirki og listaverkið Eggin í Gleðivík.
Varðan er hringhlaðin, á klöpp. Hún er um 1,5 m í þvermál og 1,8 m á hæð. Efst og austast í vörðunni, næst sjó, er lítið hólf þar sem hægt hefur verið að setja lugt. Það er 0,4 m á hæð og 0,25 m á breidd. Í vörðunni er steinlím í hleðslunni til að halda henni saman. Í henni eru 10-12 umför. Hún mjókkar lítilllega upp en þar er hún um 1 m í þvermál. Vestan í vörðunni er hlaðið og steypt mannvirki sem hefur brotnað og losnað frá henni. Það er í tveimur hlutum. Ekki er

ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gegnt. Austurhluti vörðunnar sem snýr að hafi er gulmálaður.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Innsiglingavarða 238, horft til suðurs. Á myndinni sést hvar steypustyrkt hleðsla aftan við vörðuna hefur losnað frá henni og oltið um.*



*Grjóthleðsla 239 sem hlaðin var í kringum staur með innsiglingamerki, horft til vesturs*

**SM-233:239** hleðsla samgöngubót 724555 470858
Grjóthleðsla er í kringum staur sem hefur verið sagaður niður og var að öllum líkindum innsiglingarmerki. Hleðslan er mitt á milli innsiglingarvarða 238 og 240 norðvestan við Gleðivík. Þetta eru ungar minjar en þar sem þær eru til vitnis um áhugaverða þróun í gerð innsiglingamerkja eru þær teknar með á fornminjaskrá.
Hleðslan er í mólendi inn á milli klappa.
Hleðslunni er haldið saman með sementslími og er hún rúmlega 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Púkk meðfram henni eða hrun úr henni er allt í kring.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:240** varða samgöngubót 724519 470833




*Innsiglingavarða 240, horft til suðvesturs. Efst í vörðunni sést lítið hólf þar sem hægt var að setja ljós.*

Tvær innsiglingavörður eru við vestanverða Innri-Gleðivík. Sú varða sem hér er skráð er inni í landi, um 85 m suðvestan við hina vörðuna, sjá 238. Á milli varðanna eru ummerki um yngri gerð innsiglingarmerkis 239.
Varðan er á klöpp og næst henni er ógróinn melur. Sunnan við hana er stórt svæði sem hefur verið grafið út og er einhvers konar athafnasvæði. Jarðvegi frá því svæði virðist hafa verið mokað upp suðvestan við vörðuna og er þar gróið og grösugt svæði sem sker sig frá umhverfinu þar sem er lítill jarðvegur og rýr gróður.
Varðan er keimlík vörðu 238. Hún er gulmáluð og með hólfi efst. Varðan er 1,5 m í þvermál en litlu lægri en varða 238 eða 1,6-1,7 m á hæð. Aftan við hana eða VSV við hana er hlaðinn og steyptur stallur sem er 1 m á lengd, 0,6 m á breidd og 0,6 m á hæð. Í honum eru leifar af sverum staur eins og í hleðslu 239 sem hefur verið sagaður niður. Hér hefur þá verið yngra innsiglingarmerki. Í vörðunni sjást 10 umför hleðslu og er steinlím í henni.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:241** tóft óþekkt 724540 470656



*Tóft 241 við Innri-Gleðivík, horft til suðausturs*




*Tóft 241 og kálgarður 242*

Tóft er uppaf Innri-Gleðivík, rúma 8m norðaustan við gerði 242 og fast vestan við götu sem nefnist Víkurland. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi né hvaðan hún var nýtt. Næsta býli við tóftina er Berg 243 sem var 130 m SSV við hana.
Tóftin er í grösugri brekku sem snýr mót austri, fast vestan við götu sem liggur milli hennar og strandarinnar.
Tóftin er einföld, 5x3m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er byggð upp að klettum og er grafin inn í brekkuna undir þeim. Ytra byrðið er um 60cm á hæð en innra um 120cm og er hægt að telja um 5 umför í veggjum. Breidd veggja er um 1m. Þó að vegghleðslurnar standi tiltölulega vel ennþá þá eru þær teknar að svigna inná við og svo er gólf tóftarinnar þakið grjóti sem hefur að öllum líkindum hrunið úr hleðslunum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:242** *Antoníusargarður* gerði kálgarður 724530 470641



*Antoníusargarður 242, horft til SSA*

Gerði sem er að öllum líkindum afmarkaði kálgarð er uppaf Innri-Gleðivík, rúma 8m suðvestan við tóft 241 og fast vestan við götu sem nefnist Víkurland. Ekki er ljóst hvaðan kálgarðurinn var nýttur en næsta býli við hann er Berg 243 sem var 130 m SSV við hann.
Gerðið er í grösugri brekku sem snýr mót suðaustri, fast vestan við götu sem liggur milli hennar og strandarinnar.
Gerðið er tvískipt, 25x14m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Það er í halla mót suðaustri. Umhverfis norðaustur hólfið liggur garðlag en hólfið suðvestan megin hefur bara garðlag meðfram suðvesturhliðinni því til norðvesturs afmarkast það af kanti sem grafinn er inn í brekkuna en til suðausturs afmarkast það af skarpri brún. Garðlagið umhverfis norðaustari hlutann virðist eingöngu torfhlaðið, um 80cm á hæð og um 1m á breidd. Op er á miðri suðausturhlið. Garðlagið sem afmarkar suðvesturhlið suðvestur hólfsins er 30cm á hæð og um 1m á breidd. Engar grjóthleðslur sjást í því heldur. Norðaustan við kálgarðinn er hringlaga


þúst með djúpri dæld í miðjunni og er líklegt að þar hafi verið kartöflukofi. Þá er önnur þúst suðaustan við kálgarðinn framan við opið á norðausturhólfinu.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:243** *Berg* bæjarstæði bústaður 724501 470527



*Bæjarstæði Bergs 243 þar sem enn sést húsgrunnur, horft til suðausturs*

Bæjarstæði Bergs er rúma 115 m suðvestan við Bræðsluna við Víkurland 6 og 15-30 m sunnan og suðaustan við tóftir og óljósar minjar um útihús 290-293 sem tilheyrt hafa býlinu. Staðsetning þess er sýnd á skýringakorti 5 í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 sem sýnir horfin hús og mannvirki. Alfreð Ágústsson byggði húsið árið 1948 og bjó þar með konu sinni Birnu Björnsdóttur og fjórum börnum þeirra. Húsið brann árið 1953 og var ekki byggt þar aftur. Þessar minjar eru ungar og teljast ekki til fornminja en rétt þótti að skrá þær engu að síður til þess að halda upplýsingum um þær til haga en annars væri hvergi fjallað um þær, hvorki í fornleifaskrá né húsaskrá.
Bæjarstæðið er í grösugu landi innan þéttbýlis á Djúpavogi undir lágum hamri við rætur grösugs holts á milli tveggja iðnaðarlóða.
Á bæjarstæðinu er steyptur kantur sem er 6x5m að stærð og liggur svo til vestur austur. Meðfram allri suðurhliðinni er grunn ferhyrnd dæld sem er um 1,5x6m. Samtals er því mannvirkið um 7x6m að stærð og snýr svo til norður suður. Á steypukantinum, sem er um 10cm á þykkt og 30-60cm á hæð, hefur örugglega hvílt timburhús með timburgólfi því engin ummerki sjást eftir steypta gólfplötu. Landið umhverfis tóftina hallar lítið eitt til norðausturs og því stendur norðausturhornið af kantinum þar hæst. Í þetta horni kantsins er farið að molna úr veggnum, sennilega vegna þess að þar virðist hafa verið notað nokkuð stórt grjót í steypuna. Svo er suðvesturhorn kantsins óljóst og yfirgróið.





*Á teikningu er húsgrunnur Bergs 243 auk mannvirkja sem tilheyrðu býlinu og voru næst því, gryfju 291 og tóft 293.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020, 60

**SM-233:244** tóft rétt 724308 470446
Lítið aðhald eða rétt er hlaðin upp að klettarana sem liggur á milli tveggja gatna sem nefnast







*Rétt 244 suðaustan undir Steinsstaðakletti, horft til suðurs á ljósmynd*

Víkurland og Langalág, um 170m norður af Olnboga og tæpa 190m suðvestan við býlið Berg 243.
Réttin er hlaðin austan megin við stóran klettarana sem liggur frá suðri til norðurs.
Réttartóftin er 30x15m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún er tvískipt og skiptist í aðhald sem er 20x14m að innanmáli og kró sem er 3x2m að stærð. Aðhaldið er byggt upp að klettum til austurs og norðurs sem mynda jafnframt austur og norður hliðar þess. Vegghleðslurnar, sem eru um 1m á breidd, eru að stærstum hluta hlaðnar úr stóru grjóti, 3-4 umför. Ofan á vegghleðslunum og að innanverðu er torf. Ytra byrðið er um 1m á hæð en innra byrðið um 70cm á hæð. Við norðausturenda aðhaldsins er lítil kró á hlaðin milli tveggja kletta sem mynda norðvestur- og suðausturhliðar hennar. Þessi kró liggur 2-2,5m ofar en aðhaldið og er brött brekka á milli. Á krónni er tvær grjóthlaðnar hliðar. Þær eru hlaðnar úr stóru grjóti og er sú suðvestari um 60cm á hæð og 60cm á breidd en sú norðaustari 60-90cm á hæð og um 1m á breidd.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:245** gerði óþekkt 723959 470154







*Gerði 245, horft til norðvesturs á ljósmynd*

Stórt einfalt gerði er 260 m norðvestan við Borgargarð SM-234:001 og 650 m suðvestan við Berg 243. Hlutverk gerðisins er ekki þekkt en líklegt er að það hafi verið hlaðið í kringum kartöflugarð eða kálgarð.
Gerðið er á gróinni jarðvegstorfu í holmóa eða móa þar sem talsvert rof er vegna vatnsaga. Ekki

útilokað að mógrafir hafi verið á svæðinu í kringum tóftina.
Tóftin er 14x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er í vesturhorni. Talsvert rof er í norðausturvegg og eins í suðausturenda tóftarinnar en hún virðist hafa verið grafin að hluta inn í mjög aflíðandi halla. Greinilegir veggjahleðslur eru á suðvestur og norðvesturhliðum. Þar eru þeir hæstir um 0,4 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:246** tóft útihús 724790 470529






*Útihústóft 246, horft til SSV á ljósmynd*

Tóft af útihúsi er 25m suðaustan við Hvarf 102 og 5-10m vestan við gömul uppistandandi fjárhús sem sennilega eru frá Hvarfi og hefur tóftin einnig tilheyrt því býli.
Tóftin er á milli tveggja húsa inn í þéttbýli tæpa 80m sunnan sjávarbakka.
Tóftin er einföld, 6x6m á stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún er að hluta niðurgrafin með suðvesturgaflinn byggðan upp að klettum. Innrabyrðið sem er um 2m á hæð er hærra en ytra byrðið sem er um 160cm á hæð. Hún er hlaðin úr frekar stóru grjóti og hefur gaflinn að innanverði verið styrktur með steypu. Hún er opin til norðausturs, hefur þar væntanlega verið timburgafl, en þar er lág hleðsla sem er um 30cm á hæð og um 80cm á breidd. Vegghleðslur eru um 2m á breidd og grónar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:247** garðlag túngarður 724708 470382




*Túngarður 247 sem afmarkaði tún Steinsstaða 096, horft til suðvesturs*

Garðlag sem er 6m norðvestan við tóft 249 og rúma 40m norðan við íbúðarhús Steinsstaða 096 er sennilega túngarður frá Steinsstöðum.
Garðlagið liggur á mörkum túns og klettaholts.
Garðlagið er að stærstum hluta einföld hleðsla, 2-5 umför og 20-70cm á hæð. Það er 30-50cm á breidd og um 35m á lengd. Það liggur á milli kletta, hlaðið úr frekar stóru grjóti og er hleðslan nokkuð gisin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:248** hús 724690 470388



*Reykkofi 248 frá Steinsstöðum 096. horft til vesturs*




*Reykkofi 248 undir þaki*

Tæpa 40m norðan við íbúðarhús Steinstaða 096 er reykkofi frá Steinstöðum. Hann er tæpa 30m vest-suðvestan við tóft 249 og þá liggur garðlag 247 til norðausturs frá honum.
Vestan og norðan við kofann eru klettar en að sunnan og suðaustan graslendi. Reykkofinn er hlaðinn upp að klettavegg sem myndar jafnframt vesturgafl hússins og hallar landið frá honum til austurs.
Kofinn, sem er 6x3m að stærð, snýr svo til norður suður og er hann undir þaki. Hann hefur grjót og torfhlaðna veggi sem eru um 50-90cm á hæð og um 1m á breidd. Í vegghleðslunum eru stór jarðföst björg og hefur lega þeirra greinilega stjórnað hönnun kofans. Kofinn hefur bárujárnsþak og er mænirinn sennilega í 250cm hæð. Hann er kominn að hruni og þá lítur einnig út fyrir að hann hafi sviðnað nokkuð mikið. Innanmál gæti verið um 4x2m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:249** gerði kálgarður 724721 470379



*Kálgarður 249 frá Steinsstöðum 096, horft til norð-vesturs*


Lítið gerði sem afmarkaði að öllum líkindum kálgarð er 3m suðaustan við garðlag 247, rúma 25m norðaustan við reykkofa 248 og tæpa 60m norð-norðaustan við Steinsstaði 096. Ætla má að hann hafi verið notaður frá Steinsstöðum.
Kálgarðurinn er á mörkum túns og Klettaholts. Kálgarðurinn er 10x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvesstur. Hann hefur þrjú beð sem eru aðskilin með tveimur garðlögum sem eru mögulega orpin. Þau eru um 40cm á hæð og 70-100cm á breidd. Garðurinn hefur mjög ógreinilega afmörkun til suðvesturs en til suðvesturs, norðvesturs og norðausturs er garðurinn afmarkaður með niðurgröfnum kanti. Kálgarðurinn er allur á kafi í grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:250** tóft óþekkt 724645 470281



*Tóft 250 sem tengist búsetu á Melum 095, horft til vesturs*




Lítil tóft er um 30 m norðaustan við bæjarstæði Mela 095 og um 8m austan við hleðslu 322. Ætla má að tóftin hafi tengst búsetu á Melum.
Tóftin er fast undir brekku sem liggur til austurs frá klettum sem eru vestan megin við tóftina. Að austan verðu er grösugt flatlendi.
Tóftin er einföld, 3x2m að stærð og er alveg opin til suðausturs. Hún er inngrafin í brekkuna sem myndar norðvesturgaflinn. Frá þessum inngrafna gafli liggja tvær vegghleðslur sem eru um 50cm á breidd. Ytra byrði þeirra er 20-30cm á hæð er innrabyrði er 60-70cm á hæð. Í tóftinni er upprúlluð netagirðing. Hlutverk er óþekkt en vera má að þetta hafi verið brunnur sem núna er búið að fylla upp í.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:251** heimild um fiskreitur 724942 470430
Á skýringakort 5 í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 sem sýnir staðsetningu horfinna húsa og annarra eldri mannvirkja er merktur fiskreitur á horni Víkurlands og Brekku, um 40m sunnan við naust 161 og 115m norðaustan við bæjarstæði Brekku 077A.
Fiskireiturinn hefur verið mjög nálægt sjó og hefur sennilega lent undir vegaframkvæmdum.
Ekkert sér til minja.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020, 60



*Gryfja 252, horft til norðausturs*

**SM-233:252** gryfja óþekkt 725059 469672
Lítil ferköntuð gryfja er sunnarlega á Brennikletti/Sjólystarkletti, um 115 m norðan við býlið Sjólyst 080 og 38 m sunnan við gerði 268. Um ungar minjar er að ræða en aldur gryfjunnar er ekki þekktur.
Gryfjan er á grasi grónu svæði sem er inn á milli lágra klappa.

Gryfjan er 1,6x1,3 m að innanmáli og 0,2-0,3 m á dýpt. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Gryfjan er gróin og vex birkitré í henni. Í kringum gryfjuna eru óveruleg ummerki um gerði, líklega aðeins girðingu, í kringum lítinn túnblett eða kálgarð. Ætla má að gryfjan sé í tengslum við geymslu á heyi eða kartöflum/rótargrænmeti sem þarna hefur verið ræktað.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:254** *Fabrikka (yngri)* frásögn 724875 470375
Samkvæmt Andrési Skúlasyni heimildarmanni var Fabrikkan (111) hans Jakobs Gunnarssonar færð frá Fögruhlíð 078 að Brekku 077 og stóð hún vestan megin við núverandi íbúðarhús Brekku sem er nr. 8 við samnefnda götu. Fabrikkan var flutt eftir seinna stríð og telst því þessi staður ekki til fornminja en mikilvægt þótti að skrásetja staðsetningu þessa merkilega skósmíðaverkstæðis.
Sléttur grasbali er milli íbúðarhússins Brekku og klettarana.
Engin greinileg ummerki sjást þar sem Fabrikkan stóð eftir að hún var færð.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:255** garðlag túngarður 724592 470196



*Túngarður 255 sem afmarkaði tún Sólheima 130, horft til norðurs*

Garðlag sem afmarkaði tún Sólheima 130 er um 50m norðaustan við bæjarstæði Sólheima og fast norðvestan við hlöðutóft 256.
Garðlagið liggur niður brekku til suðausturs, frá bröttum klettarana og að túni.
Garðlagið er grjóthlaðið, rúmlega 25m langt, 40-80cm breitt og 30-60cm hátt. Það nær frá klettum og langleiðina að sléttu graslendi þar sem það fjarar út. Það er hlaðið úr frekar stóru grjóti, það er gisið og tekið að síga, hefur sennilega ekki verið vandað til þess. Efst við klettavegginn er eins og það sé klofið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:256** tóft hlaða 724615 470177



*Útflött hlöðutóft 256 í túni Sólheima 130, horft til norðvesturs*


Útflött hlöðutóft er 50m norðaustan við bæjarstæði Sólheima 103, tæpa 10m suðaustan við túngarð 255 og 7 m norðan við fjárhústóft 257. Hlaðan var notuð frá Sólheimum.
Tóftin er á kafi í grasi á mörkum túns og lágs holts.
Hlöðutóftin hefur verið sléttuð að einhverju marki og eru veggjahleðslur mjög ógreinilegar. Tóftin er um um 20x10m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún virðist vera einföld og er utanmál hennar aðeins greinilegra en innanmálið. Þar sem veggir eru greinlegastir eru þeir grjóthlaðnir, 0,4 m á hæð og í þeim sjást 2 umför hleðslu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:257** tóft fjárhús 724612 470170



*Leifar af fjárhústóft 257 í túni Sólheima 130, horft til norð-austurs*




Leifar af fjárhúsum eru 3-5m sunnan við hlöðu 256 og um 40 m norðaustan við bæjarstæði Sólheima 130. Fjárhúsin voru notuð frá Sólheimum.
Minjarnar eru á mörkum túns og lágs holts.
Sléttað hefur verið yfir fjárhúsin en enn sjást leifar af niðurgröfnum hluta fjárhúsanna og sést að húsið hefur verið gert úr blönduðu efni. Niðurgrafin tóftin er 15x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Tóftin er grafin inn í brekkuna sem hún stendur undir og liggur hún að stórum flötum klettavegg sem hefur verið hluti af norðvesturlanghlið hússins. Í tóftinni er steyptur kantur sem er um 30cm hár og má vera að hann hafi skipt fjárhúsunum í tvö rými. Steypuveggurinn er um 9cm á þykkt. Hann er alveg jarðlægur og næstum yfirgróinn að suðvestanverðu en um 30cm hár að norðaustanverðu eins og áður sagði. Samhliða honum og 2m norðaustar er jarðlægar viðarleifar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:258** hleðsla vörslugarður 724550 470175



*Ein af fjórum hleðslum 258 ofan við tún Sólheima 130, horft til suðausturs*


Tveir berggangar liggja til norðausturs frá Borgargarðsrétt SM-234:031. Í þeim suðaustari eru 4 hleðslur sem hljóta að hafa verið hlaðnar sem fyrirhleðslur við rekstur í og úr réttinni og til þess að verja tún Sólheima 130 sem er þarna fyrir neðan. Það er líklegt að hleðslurnar hafi verið fleiri því ætla má að sumar hafi verið rofnar til að auðvelda aðgengi gangandi vegfarenda inn á milli bergganganna.
Hleðslurnar eru hlaðnar á milli kletta.
Hleðslurnar fjórar eru á rúmlega 65m löngum kafla sem liggur norðaustur-suðvestur. Sú sem er norðaustast er um 4m löng, 60cm há og 70cm breið. Í hennieru 2-3 umför nokkuð stórs grjóts.

Rúma 23m suðvestan við þessa hleðslu er önnur sem er um 3m á lengd, 120cm á hæð og í henni eru 3-5 umför. Rúma 15m suðvestan við hana er þriðja hleðslan sem hefur verið rofin en grjótið liggur við opið sem er á milli tveggja kletta. Rúma 15m sunnan við þriðju hleðsluna er svo fjórða hleðslan sem er suðvestast. Hún er um 1m á lengd, 60cm á hæð og í henni eru 3-4 umför.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:260** gerði kálgarður 724602 470254



*Kálgarður 260 sem ætla má að hafi tengst búsetu á Melum 095, horft til suðvesturs*




*Kálgarður 260 og þúst 320, minjar um búsetu á Melum 095*

Kálgarður er tæpa 30m vestan við bæjarstæði Mela 095 og 5-10m norðan við þúst 320. Ætla má að kálgarðuinn hafi tengst búsetu á Melum.
Kálgarðurinn er þétt undir klettarana sem liggur frá suðvestri til norðausturs og er garðurinn í halla til suðausturs.
Kálgarðurinn hefur tvö hólf. Hann er 18x11m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hann er afmarkaður með garðlögum sem eru um 50cm á breidd og 30-50cm há. Garðlögin eru nokkuð ósjáleg og kæmi ekki á óvart að þau væru orpin jarðvegi frekar en torfhlaðin. Í kálgarðinum vex trjágróður en í norðausturhorni hans rabbabari.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:261** gerði óþekkt 724828 470097

Lítið gerði er sambyggt garðlagi 193, rúma 40 m norðan við garðlag 194 og um 75 m vestan við bæjarstæði Hrauns 070. Ekki er ljóst hvaða hlutverki það gegndi en kann að hafa verið notað sem lítil heimarétt.
Gerðið er í grunnu klettagili sem er nokkuð grýtt en vel gróið grasi og kjarrgróðri.
Gerðið er 17x6 m að stærð og snýr svo til norður suður. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og eru þær 1-2 m á breidd og 30-40 cm á hæð. Þær eru á kafi í grasi og signar. Vegghleðslurnar liggja að kletti sem myndar alla vesturhlið aðhaldsins. Syðsti hluti hólfsins er breiðastur eða rúmir 4 m en svo þrengist hólfið til norðurs.



*Gerði 261, horft til norðurs*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:262** gerði kálgarður 724457 469606
Suðaustan í grónu holti og suðvestan við tún býlisins Áss 097 er mikið kerfi ungra garða og kanta sem mynda lítil gerði. Þau hafa að líkindum verið notuð fyrir matjurtarækt en ef til vill einnig sem litlir túnskikar og tengjast búskap í Ási.
Hlíðar holtsins eru grasi grónar og fremur aflíðandi en í stöllum. Efst á holtinu eru klappir og suðaustan við það er mýrlendi.


*Gerði 262B, horft til norðausturs*


*Gerði 262C og D, horft til vesturs*

Minjarnar eru á svæði sem er 66x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hverju gerði verður lýst fyrir sig og fá þau bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst í norðausturenda, upp við túngarð 317. Gerði A er afmarkað af túngarði 317 til norðausturs, klettum á holtinu til norðvesturs, torfhlöðnum kanti til suðausturs og torfhlöðnum garði til suðvesturs. Það er 26x22 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Neðan við þetta gerði til suðausturs er jarðvegsrof. Suðvestan við norðurhorn þess er gerði B. Það er afmarkað af torfhlöðnum köntum og görðum sem eru víðast 0,5 m á breidd og 0,4 m á hæð. Það er 24x13 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Í suðurhorni þess eru ummerki um mannvirki eða hús sem hefur verið rifið. Þar eru grjóthleðslur og yfirgróið hrun. Einnig er gryfja í því, nærri suðvesturenda, sem er 1x1 m að innanmáli og 0,3 m á dýpt. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var grafin. Gerði C og D eru suðvestan við gerði B. Gerði C er ofan við gerði D. Torfhlaðinn garður skilur á milli gerðis B annars vegar og gerða C og D hins vegar og standa tréstaurar upp úr honum sem sýna að girt hefur verið ofan á gerðin. Gerði C er 12x8 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Gerði D er 10x12 m að innanmáli og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Aðeins er kantur sem skilur á milli þessara gerða og mætti líka telja þau sem eitt gerði. Þeir garðar sem mynda gerðin ásamt köntum eru ekki miklir um sig, hæstir um 1 m en víðast lægri og garðar víðast 0,5 m á breidd og mjórri.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:263** gerði kálgarður 724346 469528



*Kálgarður 263, horft til ASA*

Hlaðið gerði er nærri suðvesturenda þess holts sem minjar um býlið Ás 097 eru suðaustan í. Gerðið er um 300 m suðvestan við Ás, fast norðvestan við garðlag 323 og 10 m norðan við gerði 199. Líklegast er gerðið hafi verið hlaðið í kringum kálgarð frá Ási og má ætla að girt hafi verið ofan á gerðið með gaddavír.
Talsvert jarðvegsrof er í kringum gerðið en mýrlent er til suðausturs.

Gerðið er bæði torf- og grjóthlaðið og er 25x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Norðvestur-langhlið er að mestu leyti grafin inn í aflíðandi halla. Suðaustur-langhlið, og að hálfu leyti á norðausturhlið, er kantur sem er 0,6 m á hæð. Torfhlaðinn veggur er svo á suðvesturhlið. Hann er 0,4 m á hæð og 0,3 m á breidd.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:264** gerði kálgarður 724680 469485






*Kálgarður 264, horft til SSV á ljósmynd*

Lítið ferhyrnt torfhlaðið gerði er suðvestan undir litlum klapparhól í mýrlendi rétt sunnan við mörk þéttbýlisins á Djúpavogi, um 70 m norðvestan við tóftir og gerði 265.
Gróið er í kringum gerðið. Unnið var að því að fylla upp í skurði í mýrinni þegar vettvangskráning fór fram (vor 2017) til þess að endurheimta votlendi á svæðinu.
Gerðið er um 10x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er litlu mjórra í suðvesturenda en í norðausturenda. Veggir þess eru mjóir og lágir; 0,3-0,4 m á hæð og breidd. Innan þess er mosagróður og gras næst klöppum en grasgróður nær mýri. Líklega var gerðið hlaðið í kringum kartöflugarð eða kálgarð. Innan þess vex eitt lítið sjálfsáð birkitré. Norðvesturhlið þess er grafin inn í aflíðandi halla undir klapparhól.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:265** tóftir útihús 724755 469456
Tvær tóftir og lítið gerði eru suðaustan í lágu holti í mýrlendi sem hefur verið ræst fram fast sunnan við mörk þéttbýlis á Djúpavogi. Minjarnar eru um 265 m sunnan við tóft 287 og 75 m suðaustan við gerði 264.




*Horft til til norðausturs yfir tóftir og gerði 265*



*Tóftir 265A, horft til norðurs*

Þýft og grasi gróið svæði. Miklir skurðir eru í mýri suðaustan við minjarnar en unnið var að því að fylla upp í þá (2017) til þess að endurheimta votlendi á svæðinu.
Minjarnar eru á svæði sem er um 20x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóftirnar (A) eru norðaustast á svæðinu. Þær eru mjög þétt saman en virðast ekki vera sama mannvirkið. Vestari tóftin og sú sem er greinilegri er um 5x5 m að stærð og er hlaðin sunnan undir klettavegg sem myndar norðurgafl hennar. Op er á henni í suðvesturhorni og hún er einföld. Norðurhluti tóftarinnar er lítillega niðurgrafinn. Veggir tóftarinnar standa, eru 1,5 m á hæð og 0,5-0,6 m á hæð. Í þeim sjást 4 umför. Spýtnabrak er inni í tóftinni. Fast austan við þessa tóft er lítil niðurgrafin tóft sem einnig er einföld. Hún er um 4,5x3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er sýnilegt op á tóftinni en ógróin og óvönduð grjóthleðsla er fyrir SSV-enda hennar. Þar hefur verið op inn í hana og líklega timbur og/eða bárujárnsþil frekar en hlaðinn veggur. Veggir tóftarinnar eru úr torfi og grjóti, 0,8 m á breidd og 0,5 m á hæð. Þessar tóftir eru vafalaust útihúsatóftir en ekki er vitað með vissu hvert nákvæmt hlutverk þeirra var, hversu gamlar þær eru eða hvaða hús/býli notaði þær. Fáum metrum suðvestan við tóftirnar er lítið gerði B sem er um 10x10 m að stærð og er það torf- og grjóthlaðið. Líklegt er að innan gerðisins hafi verið kálgarður. Veggir þess eru torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru víðast um 1 m á breidd og hæstir um 0,4 m. Ekki er greinanlegt op á gerðinu.



*Tóftir og gerði 265*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:266** tóft+garðlag útihús 724853 469547


*Horft til norðurs yfir minjasvæði 266 á Þórarinshrauni*

Tóft, kálgarðar og túngarður eru saman á holti sem heitir Þórarinshraun um 50 m norðvestan við kálgarða 267, 70 m norðaustan við mógrafir 288 og 210 m vestan við býlið Sjólyst 080.




*Tóft 266A og kálgarður D á miðri mynd, fjær sést túngarður C, horft til suðausturs*

Minjarnar eru í sléttri grasbrekku í holti mót suðvestri. Mikil mýri er suðvestan við minjarnar. Holtið er mosagróið á klöppum og víðast grasgefið á milli klappa.
Minjarnar eru á svæði sem er um 46x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan svæðisins eru tvö gerði sem eru líklega kálgarðar, ein tóft og svo túngarður með áföstu litlu gerði. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Innan túngarðs C er tóft A og lítið gerði D. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 40x28 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á norðvesturhlið svæðisins er garðurinn aðeins á stuttum kafla nærri suðvesturenda en að öðru leyti eru það klettar sem afmarka þá hlið. Túngarðurinn er torfhlaðinn en hann hvorki breiður né hátt hlaðinn og því afar sennilegt að girt hafi verið ofan á hann með gaddavír. Suðvestast er eingöngu torfkangur, neðarlega í halla til suðvesturs. Þar er hann allt að 1 m á hæð. Annarsstaðar er hann nokkuð heillegur og er 0,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Utan og neðan við austurhorn svæðisins sem garðurinn afmarkar er lítið gerði áfast honum en það er stungið út og hlaðið upp. Gerðið er 7x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan túngarðsins, 8 m norðvestan við áfasta gerðið, er lítilfjörlegt gerði D sem girti af kálgarð. Það er 10x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í austurhorni þess eru leifar af afmörkuðu beði eða litlum kofa á svæði sem er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess eru spýtnaleifar. Ferkantaður niðurgröftur er svo í suðurhorni gerðisins sem er 1,5x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Lítilfjörlegir veggir eru í gerðinu og er það að mestu leyti grafið inn í aflíðandi halla. Tóft A er fast norðvestan við gerði D. Hún er einföld og torf- og grjóthlaðin. Norðvesturhlið hennar er grafin inn í aflíðandi halla og er nánast allur grunnflötur tóftarinnar niðurgrafinn. Hún er um 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðjum suðvesturgafli hennar. Mesta hæð veggja er 0,5 m utanmáls í suðurhorni. Mesta hæð veggja innanmáls er í norðausturenda þar sem veggir eru 1,5 m á hæð og sjást þar 3 umför hleðslu.Veggir tóftarinnar standa grónir en þeir eru farnir að síga saman. Gerði B hefur afmarkað kálgarð og er það 4 m norðvestan og utan við túngarð C. Það er nánast eingöngu grafið inn í bratta brekku en það eru lítilsháttar hleðslur á öllum hliðum. Gerðið er um 11x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það mjókkar lítillega til norðvesturs. Um 2 m eru úr botni kálgarðsins upp á brún í norðausturenda hans. Ljóst er að þetta eru ungar minjar en aldur þeirra er ekki þekktur, né heldur hvaðan í þéttbýlinu þær voru nýttar.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:267** gerði kálgarður 724908 469503
Kálgarðar og lítil tóft eru suðvestan í Þórarinshrauni 160 m vestan við Sjólyst 080, skammt frá Fýluvogi.




*Kálgarðar 267B, horft til norðurs*



*Tóft 267A, horft til ASA*

Mýrlent er frá minjunum til suðausturs að voginum. Holtið er grasi gróið neðst en mosavaxið ofar. Hér og hvar er holmói eða rofflekkir á svæðinu.
Minjarnar eru á svæði sem er um 40x22 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ofan (norðvestan) við norðaustasta kálgarðinn er lítil tóft (A). Hún er einföld og ungleg, líklega af kartöflukofa. Tóftin er um 3x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru torfhlaðnir og útflattir, 0,2-0,3 m á hæð. Ekki er skýrt op á henni en mögulega var það þó í austurhorni. Kálgarðarnir (B) eru þrír talsins og allir sambyggðir. Saman afmarka þeir svæði sem er 37x14 m að stærð. Þeir eru torfhlaðnir og standa nokkuð vel. Efst eru þeir stungnir inn í hallann og neðst er víðast hlaðinn kantur sem farinn er að síga. Veggirnir sem liggja þvert á hlíðina og skilja á milli hólfa eru greinilegir, sérstaklega þeir sem eru í kálgarðinum lengst til norðausturs og þeim sem er í miðjunni. Hæsti veggurinn er á milli þessarar tveggja hólfa og er hann 0,5-0,6 m á breidd og allt að 1 m á hæð. Suðvestasti kálgarðurinn er ógreinilegastur og er jarðvegsrof ofarlega í honum. Þar í norðurhorninu er moldarflag þar sem ekki er ólíklegt að hafi staðið hús sem hefur verið rifið (C).
**Hættumat:** hætta, vegna rasks




*Tóft 267A*

**SM-233:268** tóftir útihús 724960 469690
Þrjár tóftir og tvískipt gerði eru suðaustan undir lágu holti, norðaustan við mógrafir 221 og 240 sunnan við Hlíðarhús 037. Minjarnar eru ungar en ekki er ljóst hvenær þær voru í notkun eða hvaðan í þéttbýlinu þær voru nýttar. Tóftirnar eru að öllum líkindum leifar af útihúsum og innan gerðisins hafa verið kálgarðar.
Þýft og deiglent sund er framan við minjarnar til suðausturs. Ógróið flag er norðaustan við minjarnar en að öðru leyti er svæðið í kring gróið.
Minjarnar eru á svæði sem er um 40x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir sem hefst suðvestast á svæðinu. Þar er lítil tóft D. Hún er einföld, er 4x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturgafli þar sem hefur verið þil með dyrum. Veggir er að mestu leyti grjóthlaðnir og hefur hrunið úr þeim inn í tóftina en innanmál hennar er enn skýrt. Hún er lítillega niðurgrafin í norðvesturenda. Veggir tóftarinnar eru um 0,5 m á hæð. Tvískiptur, stór kálgarður er norðaustan við tóft D. Hann er 17,5x6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvesturhlið hans er grafin inn í halla. Ekki er hlaðinnn veggur á norðvesturlanghlið og mjór veggur eða kantur er á suðausturlanghlið. Þverveggir eru hlaðnir og standa grónir eru eru farnir að síga. Tóft B er sambyggð norðausturenda kálgarðs C. Hún er lítillega niðurgrafin inn í halla og eru veggir að mestu grjóthlaðnir og grónir.




*Tóft 268A, horft til norðvesturs*



*Kálgarður 268C, horft til ANA*



*Tóft 268D, horft til norðvesturs*




*Tóftir og gerði 268*


Tóftin er einföld, 4x4 m að stærð. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturgafli þar sem hefur verið þil með dyrum. Mesta hæð veggja er 0,6 m. Ekki sést fjöldi umfara. Tóft A er 2 m norðaustan við tóft B og er mjög áþekk að gerð en er þó stærri. Hún er 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er heldur hlaðinn veggur á suðausturgafli hennar þar sem hefur verið þil með dyrum. Grjót hefur hrunið inn í tóftir A og B úr veggjum. Mesta hæð veggja í tóft A er 0,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:269** gerði kálgarður 725060 469721




*Kálgarður 269, horft til suðurs á ljósmynd*



Lítilfjörlegt gerði með tveimur sambyggðum tóftum er í sléttlendum móa á sunnarlega á Brennikletti, 38 m norðan við gryfju 252 og 120 m suðvestan við býlið Hammersminni 079. Minjarnar eru á grasi grónu og tiltölulega flatlendu svæði inn á milli klappa. Eitt greintré vex innan gerðisins og fleiri norðvestan við það.
Gerðið er um 17x15 m að stærð og snýr ASA-VNV. Veggir eru 0,3-0,4 á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Ætla má að það hafi girt af kálgarð en einnig kemur til greina að þarna hafi verið lítið tún. Nærri innanverðu norðurhorni gerðisins eru tvær litlar tóftir sem eru sambyggðar því. Tóft A er við innanverðan norðausturvegg og tóft B er við innanverðan norðvesturvegg. Þær eru mjög áþekkar og eru um 2x2 m að stærð. Veggir þeirra eru allt að 0,5 m á breidd og 0,2,-0,3 m á hæð. Þeir virðast aðallega vera úr torfi en eitthvað af grjóti kann að vera í þeim líka. Óljós op eru inn í tóftirnar og var gengið inn í þær utan við gerðið. Ætla má að tóftirnar séu leifar af kartöflugeymslum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:270** tóft óþekkt 725104 469858






*Tóft 270 uppi á Brennikletti, horft til norðvesturs á ljósmynd*

Uppi á Brennikletti/ Höskuldsstaðakletti er lítil tóft í sundi á milli kletta um 60 m suðvestan við Hvamm 108. Tóftin hefur líklega tilheyrt því býli þó að það sé utan við meintan túngarð 307 sem afmarkaði tún Hvamms.
Sundið sem tóftin er í er grasi vaxið og smáþýft.
Tóftin er um 2x2 m að stærð. Ekki er hlaðið fyrir suðausturenda tóftarinnar þar sem þil með dyrum hefur verið. Tóftin er grjóthlaðin og gróin. Hún er hlaðin ofan í náttúrulega skoru í klettinum. Hlutverk hennar er óþekkt en líklegt er að þarna hafi verið hænsnakofi eða geymsla. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,5 m á breidd.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks


**SM-233:271** tóftir útihús 725124 469826
Þrjár útihúsatóftir og hluti af þeirri fjórðu sem tilheyrðu Höskuldsstöðum 107 eru í röð suðaustan undir sömu klettum og bærinn á Höskuldsstöðum, uppi á Brennikletti (Höskuldsstaðakletti). Tóftirnar eru mjög þétt saman og eru skráðar undir sama númeri en fá bókstafi til aðgreininar í lýsingu. Þær eru 10 m vestan við bæinn og fast suðaustan við minjar um hjall 295.
Tóftirnar eru hlaðnar upp við kletta í norðvesturjaðri lítils túns sem er grasi vaxið og smáþýft.
Tóftirnar eru á svæði sem er 22x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Allar eru tóftirnar hlaðnar úr torfi og grjóti og eru einfaldar. Lýsingin hefst í suðvesturenda á tóft A. Hún er



*Útihúsatóftir 271 frá Höskuldsstöðum 107, horft til norðvesturs*



*Útihúsatóftir 271 frá Höskuldsstöðum 107, horft til suðvesturs*





*Útihúsatóftir 271*

um 5x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er í suðurhorni tóftarinnar. Klettaveggur er á norðvesturgafli hennar en múrhúð er á honum innanverðum. Mikið hefur hrunið inn í tóftina af grjóti. Möl hefur verið notuð í fyllingu í veggjunum. Veggir tóftarinnar eru hæstir suðaustast um 0,8 m en lægri annarsstaðar. Tóft B er fast norðaustan við tóft A. Hún er um 6x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturgafli hennar og hefur þar verið þil með dyrum. Klettaveggur er á norðvesturgafli tóftarinnar. Mesta hæð veggja er 1 m í suðausturenda. Hleðslur standa nokkuð vel en farið er að hrynja úr þeim. Möl er einnig notuð sem fylling í veggi í þessari tóft. Lágur grjóthlaðinn bálkur er nærri norðausturvegg tóftarinnar sem liggur samsíða honum. Ætla má að hann sé undirstaða garða. Lítil tóft C er fast norðaustan við tóft B. Hún er um 4x3 m að utanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki er veggur á SSA-hlið þar sem hefur verið þil með dyrum. Mesta hæð veggja er um 0,5 m. Tóftarbrot D er fast NNA við tóft C. Hún virðist hafa verið áþekk tóft D að stærð og gerð en þó minni. Innanmál hennar er 2x1 m og snýr NNV-SSA. Ekki hefur verið hlaðinn veggur á SSA-hlið og NNA hlið sést nánast ekki neitt, er útflött. Mesta hæð veggja er 0,6 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:272** gerði kálgarður 725180 469875
Lítið gerði er uppi á Brennikletti/Höskuldsstaðakletti sem líklega hefur verið hlaðið umhverfis kálgarð frá Hvammi 108. Það er um 40 m norðaustan við Höskuldsstaði 107 og 50 m suðaustan við Hvamm.
Gerðið er uppi á grónu klapparholti, í mjög aflíðandi halla til suðvesturs.
Gerðið er 12x8 m að utanmáli og snýr norðvestur-suaðustur. Op er á því í vesturhorni. Norðausturveggur er grafinn inn í halla og því eingöngu kantur. Það sama má segja um suðausturhlið en innri brún hennar sést ekki. Sú hlið er alveg frammi á suðausturbrún holtsins og er snarbratt þar fram af því. Suðvestast í gerðinu er grasgróður en norðaustast er móagróður. Þar er lyng, mosi og grjót og ekki ræktarlegt. Grunn lægð er innan gerðisins nærri norðurhorni. Veggir gerðisins eru að miklu leyti hlaðnir úr grjóti og eru hleðslur signar og hrundar en þær



*Kálgarður 272, horft til norðausturs*




eru 0,2-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:279** frásögn óþekkt 725016 470379
Samkvæmt Andrési Skúlasyni, heimildamanni, stóð kofi fyrir miðri Ytri-Gleðivík, 10-20m ofan við sjávarbakkann og um 30m norðan við Rjóður 099. Lítið annað er vitað um kofann; hvenær hann var reistur, hvaða hlutverki hann þjónaði og hvenær hann hvarf af sjónarsviðinu.
Á minjasvæðinu er akvegur og húsagarður.
Ekkert sér til minja og hafa öll ummerki eftir kofann horfið vegna framkvæmda á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:280** frásögn óþekkt 724942 470251
Samkvæmt Andrési Skúlasyni, heimildamanni, stóðu kofar 80-90m suð-suðvestan við Rjóður 099 og um 10m vestan við íbúðarhús nr. 9 við Markarland. Lítið annað er vitað um kofana; hvenær þeir voru reistir, hvaða hlutverki þeir þjónuðu og hvenær þeir hurfu af sjónarsviðinu. Líklegt verður að teljast að um útihúsakofa hafi verið að ræða sem ekki eru nógu gamlir til að geta talist til fornminja.
Minjastaðurinn er milli klettaholts og íbúðarhúsa inni í húsagarði.
Ekkert sér til minja og hafa öll ummerki eftir kofana horfið vegna framkvæmda á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:281** *Blómsturvellir* bæjarstæði bústaður 724797 470218
Á skýringakorti 5 í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 sem sýnir staðsetningu horfinna húsa og annarra eldri mannvirkja er íbúðarhúsið Blómsturvellir sýnt tæpa 60m vestan við tóft 282 og rúma 160m austan við bæjarstæði Mela 095, norðvestan við Háaklett. Að sögn Ingimundar Sveinssonar og Hlífars Ákasonar, heimildamanna, var búið á Blómsturvöllum á árunum 1940-1950 og var húsið rifið þegar búsetu lauk. Maðurinn hét Albert (föðurnafn ekki þekkt) sem byggði húsið. Þessar minjar eru ungar og teljast ekki til fornminja en rétt þótti að skrá þær engu að síður til þess að halda upplýsingum um þær til haga en annars væri




*Bæjarstæði Blómsturvalla 281, horft til vesturs*

hvergi fjallað um þær, hvorki í fornleifaskrá né húsaskrá. Minjar 312 og 314 tengjast búsetu á Blómsturvöllum.
Bæjarstæðið er norðan undir klettum og hallar land til norðvesturs. 10-15m vestan við bæjarstæðið liggur vegarslóði.
Bæjarstæðið er mjög óljóst, gróið grasi og sér í raun lítið sem ekkert til minja. Norðan við það er malarbingur sem er 7x5m að stærð og snýr austur-vestur og eru í honum steypubrot þar sem leifar hússins gætu verið grafnar. Allt minjasvæðið gæti verið um 15x10m að stærð.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020, 60

**SM-233:282** tóft óþekkt 724856 470214



*Tóft 282, horft til norðausturs á ljósmynd*





Tóft er í þröngu gili tæpa 50m vestan við bæjarstæði Vegamóta 094 og tæpa 30m norðaustan við bæjarstæði Hjalla 164.
Tóftin er neðarlega í klettagili sem opnast til norðausturs. Það liggur gönguslóði um gilið sem hefur þó verið ekinn af bifreið. Þó nokkuð af trjám hefur verið gróðursett í gilinu.
Tóftin er einföld, 5x3m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Suðvesturhlið tóftarinnar ásamt gaflinum er grjóthlaðin og grafin inn í brekku sem liggur frá klettaveggnum norðvestanmegin í gilinu. Norðausturhliðin er aftur á móti grjót- og torfhlaðin. Vegghleðslur eru nokkuð signar en þær eru um 70cm á hæð og um 1m á breidd. Framan við op tóftarinnar er grjót sem lítur út eins og þrep eða þröskuldur og því má kannski gera ráð fyrir að þar hafi verið timburgafl og þá að tóftin hafi verið þakberandi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-233:283** tóft útihús 724505 469713
Vel greinileg tóft sem að öllum líkindum hefur tilheyrt býlinu Ási 097 er uppi á stóru holti um 65 m austan við Djúpavogskirkju. Tóftin er um 50 m suðvestan við Ás og fast norðvestan við túngarð 317.
Tóftin er hlaðin suðaustan undir lága klöpp sem er á mýlendu og grösugu svæði uppi á stóru holtinu.
Tóftin er einföld og virðist að mestu grjóthlaðin en hún er gróin og grasi vaxin. Hún er 6x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturenda þar sem ekki er hlaðinn veggur en þar hefur verið þil með dyrum. Nokkuð hefur hrunið inn í tóftina af grjóti. Veggir eru lítillega signir og eru víðast hvar 0,5 m á hæð en þeir eru þó allt að 0,8 m á hæð í norðurhorni. Mest sjást 2 umför grjóts í hleðslum. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en ætla má að hún hafi verið

útihús.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks







*Tóft 283, horft til norðvesturs á ljósmynd*

**SM-233:284** tóft útihús 724508 469684






*Útihústóft 284, horft til norðvesturs á ljósmynd*

Ungleg tóft er á stalli milli kletta í túni býlisins Áss 097, suðaustan í stóru holti. Tóftin er 70 m suðvestan við Ás 097 og 30 m sunnan við tóft 283. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hún sé af útihúsi.
Tóftin er á flötum og grasi grónum stalli.
Tóftin er einföld og að miklu leyti grjóthlaðin en einnig er torf í hleðslum. Hún er 3,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Rof er komið í suðausturenda langveggja og sést þar í grjót. Ekki er hlaðinn veggur í suðausturenda tóftarinnar og má ætla að þar hafi verið þil með dyrum. Veggir eru hæstir 0,6 m og í innanverðum veggjum sjást 4-5 umför hleðslu. Innanmál tóftarinnar er vel greinilegt og lítið er hrunið inn í tóftina en suðvestur-langveggur hefur sigið inn á við.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:285** náma mógrafir 724413 469654
Á gömlum loftmyndum af þéttbýlinu á Djúpavogi má sjá mógrafir allt í kringum núverandi kirkju sem þá var ekki búið að byggja, í mýrarsundi uppi á lágu klapparholti sem býlið Ás

097 stendur undir. Ummerki um mógrafirnar sjást í kringum kirkjuna, um 30 m vestan við Ás. Svæðinu hefur verið talsvert raskað vegna kirkjubyggingarinnar og framræsluskurða. Það grasi gróið og er enn deiglent þrátt fyrir framræslu.



*Hluti af mógröfum 285, horft til norðurs*


Brúnir mógrafasvæðisins sjást á stöku stað í jaðri mýrarsundsins, fast austan við tóft 191 og vestan við Ás 097, á svæði sem er 200x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan svæðisins er þýft en nokkuð jafnlent. Ekki er ólíklegt að fyllt hafi verið upp í dýpstu grafirnar. Þar sem brúnir mógrafanna sjást er ekki meira en 0,5 m niður í botn grafanna.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:286** gerði kálgarður 725392 469734



*Kálgarður 286, horft til norðvesturs á ljósmynd*




Stórt ungt gerði, hlaðið í kringum kálgarð, er um 60 m suðvestan við gerði 133, suðvestan við veg að Bóndavörðu 052, og 215 m austan við býlið Hammersminni 079. Gerðið er suðaustan undir klapparholti í lægð milli tveggja holta eða ása.

Gerðið er í grónum móa. Mikið af lúpínu vex innan þess og þar eru trékassar sem hafa afmarkað stök upphækkuð beð.

Gerðið er um 30x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það samanstendur af einu stóru hólfi og öðru minna sem er sambyggt við suðvesturenda. Gerðið er í halla mót suðaustri. Suðaustast á suðvesturhlið er 4 m breitt op. Þar utan við er jarðvegstunga sem gengur til suðvesturs á 6x4 m stóru svæði. Suðvestast í henni er dæld sem er 2x2 m að innanmáli. Mögulega hefur þar verið kartöflugeymsla. Veggir gerðisins að mestu torfhlaðnir og standa grónir en norðvesturhlið er sigin undan halla. Þar hafa veggir verið lægstir en hæstir eru þeir 0,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks




*Útihústóft 287, horft til norðvesturs á ljósmynd*


**SM-233:287** tóft útihús 724738 469619
Grjóthlaðin tóft er hlaðin suðaustan undir klettavegg í Þórarinshrauni sem er mitt á milli býlanna Áss 097 og Sjólystar 080, um 120 m austan við þúst 316 og 25 m suðvestan við tóft 222.
Tóftin er í þýfðu sundi milli kletta á holti. Þar er búið að planta nokkrum grenitrjám og þar vex einnig birki. Tóftinni stafar hætta af trjáræktinni.
Tóftin er einföld og er 3x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðið fyrir suðausturhlið tóftar þar sem ætla má að hafi verið þil með dyrum. Ekki er heldur hleðsla í norðvesturgafli þar sem klettaveggurinn er nýttur sem gaflveggur. Lítillega er farið að hrynja inn í tóftina og ekki er hægt að greina fjölda umfara. Veggirnir í tóftinni eru 0,4-0,5 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hér hafi verið útihús. Ekki er ljóst hvaða býli notaði það útihús.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**SM-233:288** náma mógrafir 724804 469415
Á gömlum loftmyndum af Djúpavogi má sjá miklar mógrafir suðvestan við Sjólyst 080, um 30 m austan við tóftir 265 og fast suðvestan við mótóft 169. Búið er að grafa skurði þvers og kruss um svæðið en verið er að fylla í skurðina aftur (2017) til þess að endurheimta votlendi á svæðinu. Mógrafirnar hafa raskast af þessum sökum en sjást enn að miklu leyti.
Mógrafirnar eru í þýfðri mýri og grösugri innan um klapparhóla og holt.
Mógrafasvæðið er um 100x70 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grafirnar eru grónar og nokkuð jafndjúpar en eru dýpri næst jaðrinum. Þær eru 0,3-1 m á dýpt. Víða næst jaðrinum sjást litlar afmarkaðar grafir sem vatn stendur í og eru sumar þeirra alldjúpar, a.m.k. 0,5 m undir vatnsborði.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Mógrafir 288, horft til vesturs*







*Útihústóft 290 frá Bergi 243, horft til norðvesturs á ljósmynd*

**SM-233:290** tóft útihús 724493 470562
Tóft sem hefur líklega verið útihús frá Bergi 243 (byggt 1948) er austan undir klapparási nærri gömlu bræðslunni í Innri-Gleðivík og 30 m norðan við Berg. Tóftin er ung og telst ekki til fornminja en rétt þótti að skrá hana engu að síður til þess að halda upplýsingum um býlið Berg til haga.
Tóftin er grafin inn í brekkuna austan í ásnum. Grasi gróið er í kringum hana.
Tóftin er þrískipt og er hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er um 9x9 m að stærð. Í norðausturenda hennar eru tvö hólf. Minna hólfið I er um 3x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Grjót í veggjum þess hefur hrunið inn í það. Framan við það er hólf II í halla til suðausturs. Ekki er veggur í suðausturenda þess. Þar er líklegt að hafi verið timbur- eða bárujárnsþil en ekki er útilokað að sá endi hafi raskast vegna sléttunar. Suðvestan við hólf I er ógreinilegt hólf III sem er 1,2x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á því. Þessi hluti tóftarinnar er mjög óskýr en í brekkunni ofan við hólf III eru ummerki eru um niðurgröft. Neðan við hólf III og suðvestan við hólf II er veggur eða stallur sem er 3 m á breidd. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,6 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Gryfja 291, horft til suðausturs*




*Á uppdrætti má sjá húsgrunn á bæjarstæði Bergs 243, gryfju 291 og tóft 293*

**SM-233:291** gryfja óþekkt 724484 470538
Gryfja er tæpa 15m norðvestan við bæjarstæði Bergs 243, um 7m austan við tóft 293 og rúma 100m suð-suðvestan við kálgarð 242. Þessar minjar eru að öllum líkindum í tengslum við

búskap og búsetu í Bergi (byggt 1948). Þær eru því ungar og teljast ekki til fornminja en rétt þótti að skrá þær engu að síður til þess að halda upplýsingum um þær til haga.
Gryfjan er ofarlega í brekku á smá bakka undir lágum klettum. Landið hallar nokkuð bratt til norðausturs.
Gryfjan er 5x4m að stærð, slétt í botninn og snýr norðvestur og suðaustur. Frá henni liggur gangur eða renna til norðurs sem er um 2m breiður og 2m langur. Kantur gryfjunnar er vel brattur og um 60cm á hæð. Ekkert ytra byrði sjáanlegt. Mögulega er þetta ummerki eftir kofa sem þarna hefur staðið.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:292** tóft útihús 724493 470552
Illgreinileg tóft er grafin inn í brekku austan undir klapparási fast sunnan við tóft 290, 6 m norðaustan við gryfju 291 og 20 m norðvestan við Berg 243. Ætla má að tóftin sé leifar af útihúsi frá Bergi (byggt 1948). Tóftin er ung og telst ekki til fornminja en rétt þótti að skrá hana



*Útihústóft 292 frá Bergi 243, horft til norðvesturs á ljósmynd*

engu að síður til þess að halda upplýsingum um býlið Berg til haga.
Brekkan er grasi gróin.
Heildarstærð tóftarinnar er 15x9 m að stærð og snýr hún norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda hennar og neðst í henni er greinilegasta hólfið I sem er um 4x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Upp af því til vesturs ganga tvö óljós hólf eða undirstöður annarra húsa. Þau eru í talsverðum halla, sér í lagi það sem er norðar. Ekki sjást neinir hlaðnir veggir í tóftinni ef frá er talin mjó og lág torfhleðsla í norðausturenda hennar. Innan við þá hleðslu í greinilegasta hólfinu er lítill matjurtagarður sem gerður hefur verið eftir að húsin sem ætla má að hér hafi staðið voru rifin. Hann er 2x1,5 m að innanmáli og eru mjóar hleðslur umhverfis hann.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:293** tóft óþekkt 724471 470535
Lítil tóft er um 7m vestan við tóft 291, tæpa 25m vestan við bæjarstæði Bergs 243 og tæpa 170m norðaustan við rétt 244. Ætla má að hún hafi verið notuð frá Bergi (byggt 1948). Tóftin er ung og telst ekki til fornminja en rétt þótti að skrá hana engu að síður til þess að halda upplýsingum um býlið Berg til haga.
Tóftin er efst í brekku milli lágra kletta nyrst á klettaholti og hallar landið nokkuð bratt til norðausturs.
Tóftin er óljós, einföld og er um 10x8m að stærð. Hún snýr norðaustur og suðvestur og er alveg opin til norðausturs. Vegghleðslur eru um 2m á breidd og 30-50cm á hæð. Ekkert grjót



*Tóft 293 frá Bergi 243, horft til suðurs*

sést í þeim og má vera að veggirnir séu bara úr orpnum jarðvegi. Hún er grafin inn í brekkuna og því er engin gafl á tóftinni til suðvestur aðeins kantur.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:295** tóft hjallur 725124 469841
Hjallstóft er fast norðan við útihús 271 og 30 m vestan við Höskuldsstaði 107 á flata uppi á Brennikletti/Höskuldsstaðakletti. Hún er innan túngarðs Höskuldsstaða (sjá 301) og hefur tilheyrt því býli.




*Hjallstóft 295, horft til suðurs á ljósmynd*

Tóftin er á grónu klapparholti og er grasi gróið í kringum hana.
Tóftin er grjóthlaðin en allar hleðslur eru hrundar. Veggir eru 0,2 m á hæð og sjást 2 umför á stöku stað. Hún er um 5x5 m að stærð og er op á henni á miðri norðurhlið. Innanmál hennar er 1x4 m og snýr norður-suður. Sjá má að stórt grjót var notað yst í veggjum og smærra grjót í fyllingu. Langveggir á austur- og vesturhlið eru helmingi breiðari en suðurveggur.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:296** hleðsla VINDMYLLA 724758 470557
Hleðsla undan vindmyllu sem nýtt var frá Hvarfi 102 er um 9 m norðvestan við Hvarf og 20 m norðan við hleðslu 298.
Hleðslan er efst á kletti sem er stendur vestan við íbúðarhúsið Hvarf en húsið er í hvarfi við þennan klett sem liggur umhverfis húsið að vestan og sunnanverðu.
Undirstöðuhleðslan er fremst á kletti og er að hluta til steypt plata. Erfitt er að átta sig að fullu




*Undirstöður vindmyllu 296 frá Hvarfi 102, horft til vesturs*

á umfangi hennar þar sem hún er mikið til yfirgróin og svo er búið að koma steinfígúrum fyrir á henni en hún gæti hafa verið um 2x2m að stærð. Hleðsluhæð gæti verið um 30-40 cm fremst og nyrst en að sunnanverðu sjást svo til engin ytrimörk.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:297** hleðsla útihús 725129 469781
Stutt grjóthleðsla og leifar af mannvirki sem byggt var inn í náttúrulega bolla í klapparhrygg eru uppi á Brennikletti/Höskuldsstaðakletti, um 70 m suðvestan við Höskuldsstaði 107, fast vestan við hleðslu 318 og fast suðaustan við mannvirki 299.
Umræddar minjar eru á gróðurlitlum klapparhrygg, þar sem hallar fram af honum til suðausturs. Minjarnar eru á svæði sem er um 9x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Í vesturenda svæðisins er hrunin grjóthleðsla sem er 0,2 m á hæð, 1x2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Norðvestan við






*Hleðsla 297 í meintu útihúsi við túnjarðar Höskuldsstaða 107 uppi á Brennikletti, horft til norðvesturs á ljósmynd*

hana er nokkuð regluleg, ferhyrnd lægð sem er 3x2,5 m að innanmáli. Ekki er nein afmörkun á henni til suðurs. Frá suðvesturhorni hennar heldur kantur áfram til vesturs á 3 m löngum kafla og beygir svo til suðurs á 2 m löngum kafla. Þá er komið fram á brún klapparhryggjarins og er laust grjót á brúninni austan við kantinn. Ekki er fullljóst hvers konar mannvirki hér er um að ræða en mögulega eru það leifar af útihúsi sem hefur verið úr blönduðu efni, aðallega timbri og bárujárni.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:298** hleðsla óþekkt 724748 470537




*Hleðsla 298 á lóð Hvarfs 102, horft til suðurs*

Hleðsla er um 16 m suðvestan við Hvarf 102 og 35-40 m vestan við tóft 246. Hún er inni á lóð sem tilheyrir Hvarfi og tengist að öllum líkindum búsetu þar.
Hleðslan er í grösugri brekku sem hallar til norðvesturs.
Hleðslan er þríhyrnd, um 5x4 m að stærð og myndar upphlaðinn pall í brekkunni. Þar af leiðandi eru ytri mörk hans til suðausturs óljós en norðvesturhornið er hæst og er það um 80 cm á hæð. Í hleðslunum má telja 3-4 umför en þæt eru töluvert farnar að síga. Erfitt er að átta sig á hlutverki þessa mannvirkis og kom þá undirstaða fyrir vindmyllu fyrst upp í hugan sem hefði þá hugsanlega verið hlaðin sem tilraun sem hefði mistekist en það er þó óþekkt.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:299** mannvirki útihús 725126 469787
Í túni Höskuldsstaða 107 uppi á Brennikletti/Höskuldsstaðakletti er manngerður stallur þar sem hefur mögulega verið kálgarður eða útihús úr timbri og bárujárni. Mannvirkið er 60 m suðvestan við bæjarstæði Höskuldsstaða og fast norðaustan við grjóthleðslu í suðvesturenda túnsins sem var að öllum líkindum hluti af túngarði 301 en kann einnig að hafa verið hluti af mannvirkinu.






*Ummerki um mannvirki 299 í túni Höskuldsstaða 107, horft til austurs*

Minjarnar er á mörkum ræktaðs túns og klappa.
Stallurinn er um 8x13 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustur- og suðausturhliðar eru lítillega niðurgrafnar en ekki er að sjá að norðvesturhliðin hafi verið hlaðin upp og er stallurinn í lítilsháttar halla til þeirrar áttar. Grjóthleðsla er úr túngarði 301 er svo við suðausturenda stallsins.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:300** garðlag túngarður 724745 470521



*Brotakenndar leifar af túngarði 300 sem afmarkaði tún/lóð Hvarfs 102, horft til norðurs*

Slitrur af grjóthlöðnu garðlagi liggur rúma 40 m vestan við tóft 246 og rúma 20-25 m norðavestan við Hvarf 102. Garðlagið afmarkaði lóð í kringum Hvarf 102 og var líklega girðing eða gaddavírsstrengir ofan á því. Garðlagið liggur um slétt graslendi sem er beggja megin við það og því hugsanlega að það hafi átt að aðgreina lóðir.
Garðlagið liggur um slétt graslendi sem hallar til norðurs.
Garðlagið er um 65 m að lengd, liggur frá suðri til norðurs, en er nokkuð slitrótt. Syðst er 30 m langur kafli sem er svo til alveg samfelldur og svo er 6 m langur bútur nyrst en á milli þessara tveggja hluta er um 30 m löng eyða. Stefna þessara hluta er samt alveg sú sama og því vel trúlegt að þeir séu hluti af sama mannvirki. Garðlagið er grjóthlaðið, um 30 cm hátt og víðast sést bara í eitt umfar en þykkur gróðurkragi hefur safnast umhverfis grjótið og því er garðlagið um 80-100 cm á breidd. Á tveimur stöðum við garðlagið eru grjóthrúgur sem eru frá 1-2 m í þvermál. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar hrúgur hafa þjónað nema að þær séu bara afrakstur grjóttínslu af nærliggjandi túnum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:301** garðlag túngarður 725108 469807



*Túngarður 301 sem afmarkaði tún Höskuldsstaða 107, horft til suðvesturs*

Tún Höskuldsstaða 107 er uppi á Brennikletti/Höskuldsstaðakletti og var það afmarkað af túngarði sem enn sést á köflum. Greinilegastur er garðurinn í norðaustur- og norðvesturendum túnsins. Lítilfjörlegar hleðslur eru á köflum á norðvesturhlið en engar hleðslur sjást á suðausturhlið og óvíst að þar hafi verið hlaðinn garður.
Túnstæðið er lítið og inn á milli klappa uppi á klettinum eða holtinu. Garðurinn sést bæði uppi á klöppum og á grasi grónum svæðum inn á milli þeirra.
Leifar af túngarðinum sjást á svæði sem er um 90x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hlaðinn úr grjóti en á kafla er hann úr torfi. Í norðausturenda túnsins er grjóthlaðinn veggur sem er 9 m á lengd og liggur til suðausturs frá klettaborg. Hann er að mestu hruninn og er 1-1,5 m á breidd. Greinilegur grjóthlaðinn veggur er aftur suðvestast á norðvesturhlið. Hann er allur hruninn og orðinn jarðlægur en sést á 12 m löngum kafla þar sem hann liggur norðaustur-suðvestur. Veggurinn er 0,6-1,5 m á breidd þar sem mest hefur hrunið úr honum. Norðvestast er hann 0,6 m á hæð og þar sjást 4 umför. Frá suðvesturenda þessa veggjar liggur torfhlaðinn kantur til suðausturs í grónum hluta túnsins á 12 m löngum kafla. Kanturinn er

víðast 0,2-0,3 m á hæð en 0,5 m í norðvesturenda. Fast suðaustan við hann er svo aftur hrunin grjóthleðsla sem ætla má að hafi verið hluti af túngarðinum en ekki er útilokað að hafi einnig tilheyrt mannvirki 299. Hún er 4 m á lengd og 2 m á breidd en 0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:302** hleðsla óþekkt 725109 469847



*Hleðsla 302 utan við túnið á Höskuldsstöðum 107, horft til vesturs*

Jarðlæg grjóthleðsla er í suðausturjaðri mjós sunds uppi á Brennikletti/Höskuldskletti utan við túnið á Höskuldsstöðum, 11 m suðaustan við tóft 270 og 27 m norðaustan við brunna 305.
Hleðslan er á mörkum grasi gróins sundins og klapparhryggs. Hleðslan er hrunin og jarðlæg. Hún er um 5 m á lengd og 1 m á breidd, snýr austur-vestur. Grjótið í henni er fremur smátt. Hlutverk hennar er ekki þekkt og ekki er útilokað að hún hafi myndast við grjóthreinsun út slægju.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:303** gerði kálgarður 725149 469871




*Kálgarður 303 sem hefur líklega tilheyrt Hvammi 108, horft til suðurs*

Uppi á Brennikletti/ Höskuldsstaðakletti er lítið gerði hlaðið norðaustan undir klettavegg um 40 m sunnan við Hvamm 108 og 30 m VSV við kálgarð 272. Ætla má að gerðið hafi afmarkað kálgarð sem tilheyrði Hvammi en ekki er útilokað að það hafi verið lítil rétt.
Gerðið er á nokkuð grónu svæði uppi á holtinu en komið er rof í gróðurþekjuna hér og hvað vegna vatnsaga.
Gerðið er um 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Klettaveggurinn myndar suðvesturvegg þess. Grjóthleðslur í veggjum eru allar hrundar og eru um 1 m á breidd. Ekki sést op á gerðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:304** hús óþekkt 724698 470334
Grjót- og torfhlaðið hús með bárujárnsþaki er 15m norð-norðaustan við Steinsstaði 096 og tæpa 25 m sunnan við reykkofa 248. Húsið mun hafa tengst búsetu á Steinsstöðum.
Húsið er við brekkurætur suðaustan undir klettahrygg sem liggur frá suð-suðvestri til norð-norðausturs.
Húsið er 7x5 m að stærð og snýr norður suður en innanmál þess er 3x2 m og snýr austur



*Hús 304 í túni Steinsstaða 096, horft til vesturs*




*Hús 304*

vestur. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti en suðurlanghliðin er klettur. Vegghleðslurnar eru 150-160 cm á hæð, 6-7 umför og 1-1,5 m á breidd. Vesturendi hússins er niðurgrafinn inn í brekkuna og þar er vegghæðin ekki mikið meira en 40-50 cm en austurgaflinn er bárujárnsklædd timburgrind og er þar ennfremur dyr hússins. Í húsinu er timburgrind og svo er þakið klætt bárujárni. Mænishæð er sennilega um 2 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:305** brunnur brunnur 725087 469829
Uppi á Brennikletti, syðst í sundinu suðvestan við Hvamm 108 eru tveir brunnar. Að sögn Ágústs Guðjónssonar, heimildamanns, var vatn m.a. leitt úr þeim að Hlíðarhúsi 037. Brunnarnir eru 140 m suðaustan við Hlíðarhús og 70 m suðvestan við Höskuldsstaði 107.




*Brunnar 305, horft til norðvesturs*

Brunnarnir eru suðvestast í mjóu og grónu sundi sem er nokkuð votlent á því svæði en sundinu hallar til suðvesturs.
Brunnarnir eru á svæði sem er 10x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Efri brunnurinn sem er í norðausturenda svæðisins er um 2 m í þvermál en fyllt hefur verið upp í hann og í honum er gróin malarþúst. Vatn rennur frá honum eftir rennu til suðveseturs í annan brunn eða gryfju sem er einnig um 2 m í þvermál innanmáls. Ekki sést til botns í honum og stóð vatn í honum þegar skráningarmaður var á vettvangi eftir miklar vorrigningar (2017). Vatnsrás liggur frá honum til suðvesturs í mýrarpoll. Minjarnar eru ungar en ekki er ljóst hvenær brunnarnir voru grafnir.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:306** hús fjárhús 724665 470311
Fjárhús frá Steinsstöðum 096 standa um 10 m suðvestan við bæjarstæði þess, um 12 m suðaustan við brunn 324 og um 45 m norðan við tóft 132.
Fjárhúsin standa í brekkurótum klattarana sem liggur frá suðvestri til norðausturs.
Fjárhúsin eru undir þaki en vegghleðslur eru úr torfi og grjóti. Ekki var hægt að skoða inní húsin en þau eru að öllum líkindum tvískipt. Þau eru um 12x8 m að stærð og snúa norðaustur og suðvestur og er sennilegt að þau séu að hluta niðurgrafin inn í brekkuna sem þau standa í. Vegghleðslur eru um 180 cm á hæð og er í þeim frekar stórt hleðslugrjót sem í má telja 6-7 umför. Mænishæð er ríflega 2 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Fjárhús 306 í túni Steinsstaða 096, horft til suðvesturs*




**SM-233:307** garðlag túngarður 725130 469876



*Leifar af meintum túngarði 307 sem ætla má að hafi afmarkað lóð/tún Hvamms 108, horft til norðausturs*

Uppi á Brennikletti/ Höskuldsstaðakletti er stuttur grjóthlaðinn veggur um 30 m suðvestan við Hvamm 108. Hefur hann líklega afmarkað tún þess býlis eða lóð sem því tilheyrði en lítið er eftir af honum.
Leifarnar af meintum túngarði Hvamms eru við norðausturenda mjós, gróins sunds á milli klapparhryggja.
Garðurinn sést aðeins á um 9 m löngum kafla. Hann er um 0,6 m á breidd og 0,3 m á hæð þar sem hann er hæstur. Mest sjást 2-3 umför. Mögulega var garðurinn eingöngu þarna í sundinu en hann nær aðeins yfir hluta þess og hefur því verið rifinn þar sem hann sést ekki. Þess má geta að jarðlæg, einföld hleðsla sem hefur verið undir girðingu er frammi á suðausturbrún Brennikletts sem liggur frá suðurhorni kálgarðs 272 til suðvesturs á 15 m löngum kafla. Sú girðing hefur að líkindum einnig afmarkað tún Hvamms.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:308** hleðsla samgöngubót 725172 469826




*Hleðsla 308, líklega undirstaða innsiglingar-merkis, horft til suðurs*

Grjóthleðsla er frammi á austurbrún Brennikletts um 25 m suðaustan við Höskuldsstaði 107A.
Hleðslan er á gróinni klöpp í túnjaðri.
Hleðslan er styrkt með múrlími eða steypu. Í henni miðri er sívalningslaga holrými. Má ætla að þar hafi verið sver staur sem innsiglingamerki var fest við. Minjar sem þessar eru ekki nógu gamlar til að teljast til fornminja en eru engu að

síður teknar með á fornminjaskrá því þær eru til vitnis um aðferðir við rötun á sjó sem ekki eru lengur notaðar. Hleðslan er 0,5-0,6 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Laust grjót eða púkk er í kringum hana.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:309** tóft óþekkt 724405 469588
Einföld grjóthlaðin tóft er hlaðin upp við klettavegg á litlu holti um 40 m suðaustan við tóft 191 og 210 m suðvestan við býlið Ás 097. Ætla má að hún tengist búskað í Ási en nákvæmt hlutverk






*Óþekkt tóft 309, horft til suðurs á ljósmynd*

tóftarinnar er ekki þekkt.
Mýrarsund er í holtinu suðvestan við tóftina en annars er gróinn holtamói og gras í kringum hana.
Tóftin er um 5x4,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún virðist ekki hafa verið undir þaki, til þess eru veggir of lágir og klettaveggurinn er miklu hærri en hlaðnir veggir. Tóftin er sem fyrr segir að mestu leyti úr grjóti og hefur mikið hrunið úr hleðslum inn í tóftina. Op er á henni í suðurenda. Mesta hæð veggja er 0,3 m og sjást 3 umför í hleðslum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks


**SM-233:310** hleðsla óþekkt 724643 470234
Grjóthlaðinn kantur er tæpa 15 m suð-suðaustan við Mela 095 og 12 m vestan við núverandi íbúðarhús Mela sem er byggt 1965. Ætla má að hann tengist búsetu á Melum.
Kanturinn er fast vestan við sléttaða grasflöt sem liggur umhverfis núverandi íbúðarhús Mela.
Kanturinn er 30 cm á hæð og 9 m á lengd. Austan megin við hann er eins og upphlaðinn hóll sem er um 6 m á breidd. Kanturinn er mikið til yfir gróinn og er erfitt að greina hleðslugrjót með vissu en miklar breytingar hafa orðið á þessu svæði í tengslum við byggingu yngsta íbúðarhússins sem stendur nærri.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Hleðsla 310 á lóð Mela 095, horft til norðausturs*

**SM-233:311** tóft 724451 469654
Lítil torfhlaðin tóft er hlaðin norðvestan undir klöpp á stóru holti, fast austan við mógrafir 285 og 130 m suðvestan við býlið Ás 097. Líklegt er að mór hafi verið geymdur í tóftinni.
Í kringum tóftina er mýrlendi á holtinu sem hefur verið ræst fram með skurðum. Netagirðing







*Leifar af tóft 311, horft til suðausturs á ljósmynd*

liggur yfir norðvesturhluta tóftarinnar og hefur sá hluti verið sléttaður.
Tóftin er 4 m á breidd og það sem eftir er af henni er 1,5 m á lengdina en hún hefur líklega verið um 4 m á lengd og op verið á henni í norðvesturenda. Veggir eru torfhlaðnir, nokkuð signir en 0,3-0,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:312** kantur óþekkt 724805 470239
Kantur sem mögulega gæti hafa afmarkað kálgarð frá Blómsturvöllum 281 er rúma 10m norðan við bæjarstæði Blómsturvalla, 50-55m vest-norðvestan við tóft 282 og tæpa 140m austan við íbúðarhús Mela sem er byggt 1965. Þessar minjar eru ungar en búið var á Blómsturvöllum á



*Kantur 312 skammt frá Blómsturvöllum 281, horft til austurs*





*Uppdráttur sem sýnir afstöðu minja í grennd við Blómsturvelli 281; kant 312 og kant 314*

árunum 1940-1950. Þær teljast því ekki til fornleifa.
Kanturinn er í brekkurótum klettarana og er hann allur á kafi í grasi.

Kanturinn myndar 90° horn, er 30-50cm hár og er opinn til vesturs. Hvor armur er um 10m á lengd og við nyrðri arminn er mótar fyrir óljósu garðlagi sem gæti alveg eins verið uppmokstur jarðvegs. Inn í horni þessa kants mótar fyrir palli sem er 30-50cm hár og um 8x4m að stærð. Hann snýr norðaustur og suðvestur. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um tilgang þessa mannvirkis en helst má ætla að það hafi verið notað sem kálgarður.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:313** tóft útihús 724553 469761






*Útihústóft 313 sem tilheyrði Ási 097, horft til vesturs á ljósmynd*

Ungleg og illa farin tóft er nærri norðausturenda Móhrauns, holtsins sem Ás 097 stendur undir, og er skammt frá því býli (húsi). Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en líklegt er að hún hafi verið útihús eða skemma frá Ási.
Holtið er gróið og gras er á flatanum í kringum tóftina á milli klappa. Sléttuð grasflöt er til norðvesturs og bratt er fram af klettum til suðausturs niður á heimreið að Ási.
Tóftin er einföld, 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturend þar sem ekki er hlaðinn veggur. Þar hefur verið þil með dyrum. Rof er í báðum langveggjum. Í því sést hleðslugrjót en líka, og að miklu leyti, mold og möl. Greinilegar grjóthleðslur eru í norðvesturenda tóftarinnar og hefur grjót hrunið inn í hana. Um miðja tóft eru skil og er hún grasi grónari í suðausturhlutanum en í norðvesturhlutanum. Mögulega bendir það til hólfaskiptingar innan tóftarinnar en það er óljóst. Járnarusl er í tóftinni, rör og annað. Veggir eru útflattir, hæstir um 0,2 m. Mest sjást 3 umför hleðslu í innanverðum norðvesturgafli.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:314** kantur óþekkt 724802 470253

Óljós hlaðinn kantur er rúma 30 m norðan við bæjarstæði Blómsturvalla 281 og rúma 65 m norðvestan við tóft 282. Þessar minjar eru ungar en búið var á Blómsturvöllum á árunum 1940-1950. Þær teljast því ekki til fornleifa.
Kanturinn er í jaðri mels sem er að verða algróinn lúpínu.
Hleðslan er um 5x4 m að stærð og myndar upphlaðinn pall í landi sem hallar til norðvesturs. Ytri mörk hans til suðausturs eru óljós en norðvesturhliðin er hæst og er 30-50 cm á hæð



*Kantur 314 skammt frá Blómsturvöllum 281, horft til vesturs*

og 1-2 umför. Jarðvegur innan hleðslunnar er opin og lítt gróinn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki kanturinn þjónaði.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:315** mannvirki óþekkt 724537 469725
Ógreinilegt, ungt mannvirki er 15 m suðvestan við íbúðarhúsið í Ási 097, undir klettavegg í holtinu Móhrauni. Ekki leikur vafi á því að það tengist búsetu í Ási en hlutverk þess er ekki þekkt.
Holtið er grasi gróið en klappir standa upp úr því hér og hvar.




*Óljóst mannvirki 315 í túni Áss 097, horft til norðurs á ljósmynd*

Lágur og ógreinilegur veggur sést í suðvesturenda óskilgreinds mannvirkis. Hann er torfhlaðinn og er 0,2 m á hæð. Veggurinn liggur til suðausturs frá klöpp á 4 m löngum kafla og beygir þá til norðausturs á 3 m kafla. Í framhaldi af honum sést óljós lágur kantur sem er 6 m langur og liggur að netagirðingu þar sem mannvirkið virðist enda. Niðurgröftur er í miðju mannvirkinu sem er 3x3 m að innanmáli. Hann er 0,1 m á dýpt. Hér gæti verið um að ræða grunn skúrbyggingar en það er óljóst.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:316** þúst heystæði 724619 469638
Torfhlaðin þúst er suðvestan í lítilli klöpp á flatlendi suðaustan við býlið Ás 097 og suðvestan




*Heystæði 316, horft til austurs á ljósmynd*

við íþróttasvæðið á Djúpavogi.
Birki vex á klöppinni sem þústin er við. Allt í kringum þústina eru þýfð tún sem eru í órækt. Þarna var áður votlendi mikið sem var ræst fram með skurðgreftri og tún ræktuð. Nú hafa skurðirnir verið fylltir í þeim tilgangi að endurheimta votlendi á svæðinu.
Þústin er um 3x3 m að stærð og 0,3-0,4 m á hæð, hæst í suðvesturenda. Óljóst mótar fyrir innanmáli sem er 2x1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Út frá staðsetningu og gerð má ætla að þústin sé leifar af heystæði.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:317** garðlag túngarður 724513 469713
Grónir en ungir garðar afmarka að hluta tún býlisins Áss 097 sem er suðvestan við það. Túnið er í hlíðum holtsins Móhrauns, um 70 m suðaustan við Djúpavogskirkju. Þessir garðar tengjast garðakerfi 262 sem er í beinu framhaldi til suðvesturs.
Hlíðar holtsins eru grasi grónar og fremur aflíðandi en í stöllum. Uppi á holtinu er einnig grasgróður inn á milli klappa sem standa upp úr því.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 90x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er greinilegur uppi á holtinu á norðvesturhliðinni en einnig á suðvesturhlið og að litlu leyti á suðausturhlið. Túngarðurinn er ekki gamall og hefur verið girt ofan á hann með gaddavír.


*Túngarður 317 uppi á holtsbrún, horft til SSV*


*Fast norðaustan við túngarð 317 er stallur C sem skráður er með garðinum, horft til suðvesturs*

Lýsingin á garðinum hefst norðaustast á norðvesturhlið. Þar er garðurinn að mestu torfhlaðinn á 28 m löngum kafla en svo tekur við gisin grjótdreif eftir holtsbrún á 60 m kafla. Þessi hluti er ekki alveg samfelldur og eru eyður á tveimur stöðum þar sem ekkert grjót sést. Garðurinn er 0,6 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð þar sem hann er torfhlaðinn. Frá suðvesturenda garðsins á norðvesturhlið beygir hann niður hlíðina til suðausturs á 15 m löngum kafla að klöpp í hlíðinni. Þar er hann grjóthlaðinn en hruninn. Neðan við klöppina er greinilegur stallur C í brekkunni sem hefur verið grafinn inn í brekkuna og er fast norðaustan við garðinn sem heldur áfram til suðausturs á 20 m löngum kafla þar til hann beygir til norðausturs. Þar er hann torfhlaðinn og er 0,6 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Þar sem garðurinn beygir til norðausturs er gróinn grjótkantur á 23 m löngum kafla sem endar við nýlegan gróinn ruslahaug. Hann er 0,2-0,5 m á hæð. Stallurinn sem áður var nefndur er um 4x11 m að innanmáli, breiðari í suðvesturenda en í norðausturenda. Þar hefur líklega staðið eitthvert mannvirki eða verið matjurtagarður. Enn er ónefnd grjóthleðsla B sem er lítilfjörleg og virðist hafa verið hlaðin undir girðingu. Hún liggur þvert yfir mitt túnið og skiptir því í tvo hluta. Hleðslan liggur á milli tófta 284 og319.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:318** þúst óþekkt 725146 469779




*Grjóthrúgur 318, horft til SSA*

Tvær grjóthrúgur eru uppi á Brennikletti ofan við býlið Hammersminni 079A og 65 m sunnan við bæjartóft Höskuldsstaða 107. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þær hafa þjónað. Mögulega var grjótinu hlaðið í kringum staura í girðingu eða innsiglingarmerki.
Minjarnar eru á mosagrónum klöppum frammi á brún Brennikletts. Trjágróður er neðan við þær í brekkunni.
Grjóthrúgurnar eru á svæði sem er um 6x1 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Á milli þeirra eru um 4 m. Hvor grjóthrúga um sig er um 0,6 m í þvermál og 0,2 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:319** tóft útihús 724529 469704

Ungleg tóft og ummerki um hús eru í túni sem tilheyrði býlinu Ási 097, við norðausturenda kletta sem mynda stall í túninu. Minjarnar eru 20 m suðaustan við túngarð 317, 20 m norðaustan við tóft 284 og 40 m suðvestan við íbúðarhúsið í Ási. Ætla má að hér sé um leifar af útihúsum að ræða.
Túnið er suðaustan í stóru holti, Móhrauni. Það er ekki lengur í rækt. Mikill grasvöxtur er í tóftinni og í kringum hana.
Saman eru minjarnar á svæði sem er 11x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er






*Útihústóft 319 í túni Áss 097, horft til vesturs á ljósmynd*

norðaustast á svæðinu. Hún er einföld og grjóthlaðin en að miklu leyti grafin inn í aflíðandi halla. Hún er um 5,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er í suðausturenda hennar. Mesta hleðsluhæð í austurhorni er 0,6 m, þar sjást 3-4 umför hleðslu. Tóftin er vel grasi gróin en innanmál tóftarinnar er greinilegt. Ógreinileg ummerki um hús sem að öllum líkindum var úr timbri og bárujárni eru fast suðvestan við tóftina. Grunnur þess er 7x4 m að innanmáli og er lítillega niðurgrafinn (0,3 m). Óverulegar hleðslur eru meðfram suðaustur- og norðausturhliðum. Húsið virðist hafa tengst tóftinni og er fast við hana.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:320** þúst óþekkt 724600 470235



*Þúst 320 nærri Melum 095, horft til suðausturs*

Óljós þúst er um 6 m sunnan við kálgarð 260, tæpa 30 m suðvestan við bæjarstæði Mela 095 og um 50 m vestan við núverandi íbúðarhús Mela byggt 1965. Ætla má að þústin sé í tengslum við búsetu á Melum.
Þústin er í grýttu mólendi sem hallar til suðausturs.
Þústin er 13x4 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Suðvesturhluti hennar er torfhlaðinn en í norðausturhlutanum sést einungis jarðlægt stórt grjót. Torfhleðslan er um 50 cm á hæð og um 1 m á breidd. Þústin er í smá halla til norðausturs. Erfitt er að áætla hvert hlutverk þústarinnar hefur verið en hugsanlega má horfa til nálægðar hennar við kálgarðinn og þá að hún hafi verið notuð samhliða honum.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:321** mannvirki VINDMYLLA 725004 469974



*Leifar af vindmylllu 321, horft til SSV*

Steyptur stöpull undan vindmyllu er tæpa 45 m norð-norðaustan við bæjarstæði Hlíðarhúsa 037A, rúma 40 m sunnan við Hlíðarhúsahala 038 og um 30 m austan við íbúðarhús númer 3 við Steina.
Minjastaðurinn er á klettarana sem er við mörk húsagarðs sem liggur umhverfis Steina 3.
Stöpullinn er um 170 cm á hæð og um 50 cm á kant. Á stöplinum er járngrind sem er álíka há og stöpullinn en efst á henni mun mylluhjólið hafa verið.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-233:322** hleðsla brunnur 724634 470285

Grjóthrúga og hleðsla eru um 30 m norðan við Mela 095 og 8 m vestan við tóft 250. Þessar minjar tengjast búsetu á Melum og var brunnur þar sem grjóthrúgan var að sögn Andrésar Skúlasonar, heimildamanns.
Minjarnar eru á hjalla ofan við Mela 095 og undir klettarana sem snýr frá suðvestri til norðausturs.
Grjóthrúgan er greinilega manngerð en ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var sett saman. Hún er um 4 m í þvermál og suðvestan við hana er einföld 12 m löng grjótröð sem liggur frá norðvestri til suðausturs. Hrúgan er um 20 cm á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Brunnur 322 var þar sem grjóthrúgan er, horft til suðausturs*

**SM-233:323** garðlag túngarður 724377 469518
Ungur torfhlaðinn túngarður sem girt hefur verið ofan á liggur á milli gerða 263 og 199 og er um 250 m suðvestan við Ás 097. Garðurinn afmarkaði tún norðvestast í Stekkjarblánni.
Garðurinn er á mörkum holts og mýrlendis sem var til skamms tíma framræst og ræktað en þegar skráning fór fram vorið 2017 var búið að fylla upp í skurðina í þeim tilgangi að endurheimta votlendið á svæðinu. Talsvert jarðvegsrof er ofan við garðinn til norðvesturs.


*Ungur túngarður 323 afmarkaði tún í Stekkjarblánni, horft til austurs*

Garðurinn sést á um 70 m löngum kafla. Frá gerði 263 liggur hann í sveig frá suðvestri til suðausturs á 40 m löngum kafla. Þar er rof á garðinum á stuttum kafla vegna vatnsrennslis. Þá heldur hann áfram til norðausturs á 26 m löngum kafla en hættir að sjást við þvergirðingu sem liggur upp að og yfir tóft 191. Garðurinn er torfhlaðinn, 0,3-0,4 m á breidd og 0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**SM-233:324** gryfja brunnur 724653 470317
Brunnur er um 25 m vestan við Steinsstaði 096 og um 6 m suðaustan við gerði 326.
Brunnurinn er fremst á hjalla sem er norðvestan við Steinsstaði 096 og undir klettarana sem snýr frá suðvestri til norðausturs.
Brunnurinn er um 1 m í þvermál og um 20 cm á dýpt því það er búið að fylla hann af grjóti. Ekki sést hvort hann hafi verið hlaðinn að innan en hann er fallega kringlóttur og barmafullur af vatni.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks


*Brunnur 324 sem tilheyrði Steinsstöðum 096, horft til austurs*

**SM-233:325** tóft útihús 724527 469675
Lítil niðurgrafin tóft er í brekku í suðaustanverðu holti, í túni sem tilheyrði býlinu Ási 097. Tóftin er um 18 m austan við tóft 284 og 60 m suðvestan við Ás.
Tóftin er grafin inn í brekku þar sem stallur er í henni. Neðan við eru ummerki um að hafi verið útihús frá nútíma sem hafa verið rifin. Mikill grasvöxtur er þar og illgresi. Þar stendur enn einn lítill bárujárnskofi.
Tóftin er einföld og er um 1 m í þvermál innanmáls en er 2,5x2,5 m að stærð utanmáls. Hún er torfhlaðin og mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m. Op er inn í hana úr suðaustri. Hlutverk tóftarinnar





*Útihústóft 325 í túni Áss 0979, horft til norðvesturs á ljósmynd*

er ekki þekkt en þar sem hún er í túni er líklegt að um útihús sé að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks


**SM-233:326** gerði kálgarður 724649 470328
Gerði sem er að öllum líkindum kálgarður er rúma 20 m vestan við íbúðarhús Steinsstaða 096 og tæpa 20 m norðvestan við torf og grjóthlaðið hús 304. Kálgarðurinn hefur verið notaður frá Steinsstöðum.
Kálgarðurinn er á hjalla undir klettabelti sem liggur frá suðvestri til norðausturs.
Kálgarðurinn er um 34x8 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Gerðið sem afmarkar kálgarðinn er einföld grjótröð sem er 1-2 umför, 30-50 cm á hæð og 50-100 cm á breidd.






*Kálgarður 326, ,horft til norðausturs á ljósmynd*

**Hættumat:** hætta, vegna rasks




## SM-234 Borgargarður

4 hdr 1847. Hjáleiga Búlandsness (SM-233). JJ, 379. "Býlið var norðan við mitt nesið og Djúpivogur (þorpið) að einhverju leyti í landi þess." SJM III, 427. 1916-1918: "Mannvirki: Túnslétta 4788 m2 - Girðing forn um tún 734 m[.] Sáðreitur 89 m. 4. a. Túnið er talið 2,4 ha. og taða a.m.k. 58 hestar. ¾ þess er slétt [...]. b. Engjarnar gefa af sér a.m.k. 46 hesta hey. Nærtækar mýrar í Gilshaga. Heyið er talið óhægt af leirryki, sem mætti bæta með söltun [?] í heystæði [...]," Fasteignamat 1916-1918 SM I, 394.
1919: Tún 2,18 ha, garðar 550 m2.

**SM-234:001** *Borgargarður* bæjarhóll bústaður 724243 470035
"Býlið var norðan við mitt nesið og Djúpivogur (þorpið) að einhverju leyti í landi þess," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Ekki er ólíklegt að Borgargarður sé yngra nafn á Búlandsneshjáleigu SM-233:012 sem nefnd er í heimildum frá 1760, sjá Jarðatal Johnsens. Í fasteignamati 1916-1918 segir: «Íbúðarhús - 6,93x3,78x2,21+1,89 m. Byggt 1917.» Býlið Borgargarður er 1,2 km austan við Búlandsnes SM-233:001. Ekkert hús stendur á bæjarhóli Borgargarðs sem er um 60m vestan við íbúðarhúsið í Borgargarði (hefur húsnúmerið Borgargarður 3) byggt 1951 og 70m suðvestan við húsið Borgarhól (hefur húsnúmerið Borgargarður 5) byggt 1960.
Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni sem hallar til suðurs. Norðan við túnið er klettaborg og



*Bæjarhóll Borgargarðs 001, horft til suðvesturs*

hafa grenitré verið gróðursett upp við borgina.
Bæjarhóllinn er um 35x30m að stærð, snýr austur vestur og mun framhlið húsa hafa snúið til suðurs. Hóllinn hefur verið sléttaður en mikið er af dældum í honum og þá er hann töluvert þýfður. Upphleðsla hans er 50-150cm.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; SJM III, 427; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 394; JJ, 379 nmgr. 1

**SM-234:002** heimild um brunn 724227 470046
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var lítið ferhyrnt mannvirki um 10 m norðvestan við bæjarhól 001. Ekki er fullvíst hvaða hlutverkið mannvirkið gegndi en líklegt er að þarna hafi verið brunnur. Meintur brunnur var þar sem er sléttað tún.
Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði vegna fyllingar og sléttunar. Líklegt er að leifar af honum hafi varðveist undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919


**SM-234:003** heimild um útihús 724228 470034
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús fast vestan við bæjarhólinn 001.
Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.
Ekkert sér til minja um útihúsið vegna sléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-234:004** þúst kálgarður 724246 470019
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast sunnan við bæjarhól 001. Í Fasteignamati 1916-1918 er getið um sáðreit sem er 89 m. Sökum ónákvæmra upplýsinga var ekki hægt að staðsetja þann sáðreit með vissu. 3 sáðreitir eru sýndir á túnakorti en flatarmál þeirra er stærra en sem nemur þeirri tölu sem gefin er upp í fasteignamatinu. Mögulega hefur þó verið átt við sáðgarðinn sem næst var íbúðarhúsinu.
Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.
Syðst á bæjarhólnum má sjá tvær óljósar totur liggja frá honum og má vera að þær séu ummerki eftir kálgarðinn. 15m breið geil er á milli þeirra sem gæti gefið til kynna breidd garðsins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 394

**SM-234:005** heimild um útihús 724259 470025
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast austan við kálgarð 004 og fast suðaustan við bæjarhól 001.
Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.
Ekkert sér til minja vegna sléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-234:006** tóft útihús 724300 469962
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 90m suðaustan við bæjarhól 001, rúmlega 70m suð-suðvestan við íbúðarhús byggt 1951 og 140-150m norðvestan við Djúpavogsveg. Þar er tóft sem virðist frekar vera leifar af rétt eða aðhaldi en útihúsi.
Tóftin er upp við og á milli kletta sem eru fast austan við sléttað tún.
Tóftin er ferhyrnd, 10x10m að stærð og er hlaðin úr torfi og grjóti. Vegghleðslur eru um 150cm






*Útihústóft 006, horft til suðvesturs*

á hæð og um 2m á breidd. Í veggjum sjást 6 umför hleðslu og eru þeir grasi grónir. Op er á suðausturhlið tóftarinnar. Klettur sem tóftin er byggð upp við myndar svo til alla suðvesturhlið hennar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-234:007** þúst útihús 724295 470068

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 50m norðaustan við við bæjarhól 001, rúma 30m norðvestan við íbúðarhús byggt 1951 og 5-10m austan við útihús 008. Óveruleg ummerki um útihúsið sjást enn.
Sléttað hefur verið yfir útihúsið en leifar af því eru fremst á lágum bakka ofan við túnið við endann á lágum klettarana.
Það eina sem sést enn af útihúsinu er pallur sem er 12x7m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Upphleðsla hans er um 60cm og í jörðum hans glittir í grjót.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919



*Þúst 007, horft til norðurs*

**SM-234:008** þúst útihús 724280 470073

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40m norðaustan við bæjarhól 001, rúma 40m norðvestan við íbúðarhús byggt 1951 og 5-10m vestan við útihús 007.
Minjastaðurinn hefur verið sléttaður en hann er fremst á lágum bakka ofan við túnið. Tæpa 10m norðvestan við hann er lítið klettabelti og undir því hefa barrtré verið gróðursett.
Á minjastaðnum sést ferhyrndur pallur sem er um 12x7m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Upphleðsla hans er um 50cm og má sjá grjót kíkja upp úr sverði.




*Þúst 008, horft til suðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-234:009** tóft útihús 724245 470088







*Útihústóft 009, horft til austurs á ljósmynd*

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40m norðan við bæjarhól 001, 25-30m suðvestan við kálgarð 019 og um 35m vestan við útihús 008 og má þar enn sjá einfalda tóft.
Tóftin er fyrir ofan tún, í nokkrum slakka sem hallar til suðurs. Hún er á mörkum túns og móa, fast undir lágum klettum.
Tóftin er 8x6m að stærð og snýr norður suður. Vegghleðslur eru mjög rúnaðar, 20-40cm á hæð og 2m á breidd. Vegghleðslurnar eru úr torfi en ekkert hleðslugrjót sést í þeim. Norðurgaflinn hefur hugsanlega verið grafinn inn í brekkuna sem tóftin liggur upp að. Ekkert op sést á henni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-234:010** tóft útihús 724308 470101






*Útihústóft 010, horft til suðurs á ljósmynd*


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 80m norðaustan við bæjarhól 001, um 10m vestan við útihús 011 og 50-60m norðan við íbúðarhús byggt 1951. Þar stendur enn grjót- og torfhlaðin tóft.

Tóftin er á bakka fyrir ofan núverandi íbúðarhús byggt 1951 þétt upp við barrtrjálund sem er undir bröttum klettum.
Tóftin er einföld, 11x7m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Vegghleðslur eru 1-1,5m á breidd og frá 10-100cm á hæð. Hleðslugrjótið er nokkuð stórt og er hægt að telja um 3 umför. Suðausturhliðin er mun signari en norðvesturhliðin. Skýrt op er á suðvestur gafli. Púfa eða þúst er inni í miðri tóftinni gæti bent til þess að þar hafi verið garði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-234:011** tóft útihús 724330 470103
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 95-100m norðaustan við bæjarhól 001, um 10m austan við útihús 010 og 50-60m norðan við íbúðarhús byggt 1951. Þar stendur enn grjót- og torfhlaðin tóft.



*Útihústóft 011, horft til suðvesturs á ljósmynd*




Tóftin er á nokkuð breiðum bakka fyrir ofan núverandi íbúðarhús byggt 1951 þétt upp við barrtrjálund sem er undir bröttum klettum.
Tóftin er tvískipt, 9x5m að stærð og snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur. Vegghleðslur eru 1-1,5m á breidd og frá 50-120cm á hæð. Vegghleðslur milli hólfa eru 50-60cm á hæð og 30cm á breidd. Op er á milli hólfa og svo er op á tóftinni sjálfri til suðurs. Tóftin er að stærstum hluta grjóthlaðin en vel gróin og er hægt að telja 3-6 umför í veggjum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-234:012** brunnur brunnur 724276 469992
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 40m suðaustan við bæjarhól 001. Hann er tæpum 60m suðvestan við íbúðarhús byggt 1951 og um 35m norðvestan við tóft 006.
Brunnurinn er í jaðri túns og við brekkurætur lágs klettarana. Brunnurinn er 90-100cm í þvermál og hefur verið fylltur með steinum. Hann er fallega kringlóttur og fullur af vatni en lætur lítið yfir sér.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919




*Brunnur 012, horft til norðausturs*

**SM-234:013** garðlag túngarður 724240 470093
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá garðlag eftir hluta af norðurhlið túnsins. “Girðing forn um tún 734 m,” segir í Fasteignamati 1916-1918. Slitrur af túngarði sjást um 45m norðan bæjarhóls 001 á svipuðum slóðum og sýnt er á túnakortinu og liggur hann þar hjá útihúsi 008 og meðfram tóft 009. Óljós ummerki eftir gerði er sambyggt þessum hluta túngarðsins og er það rúma 50m norðan við bæjarhól 001. Það er um 15m austan við tóft 026. Hluti túngarðsins er einng að finna vestan við túnið þar sem hann liggur upp við Drang (afgerandi klett). Syðst og áfast þessari vesturhlið túngarðsins er gerði. Það er rúma 120m suðvestan við bæjarhól 001 og um 60m



*Gerði 013B áfast túngarði, horft til suðausturs*




sunnan við tóft 029.
Garðlagið er á mörkum sléttaðs túns og grýtts móa. Tvö gerði eru sambyggð túngarðinum, er annað þeirra efst á bakka, ofan túns og undir lágum klettum og hefur barrtrjám verið plantað í nágrenni þess, en hitt er í þýfðu mólendi sem er tiltölulega flatt.
Nyrst liggur túngarðurinn (A) þvert á brekku sem snýr mót suðri. Þar er garðlagið um 50m langt og liggur frá aust-suðaustri til vest-norðvesturs og er norðvestur-endi þess skýrastur. Það hefur hugsanlega aðeins verið sléttað en þar sem það er skýrast er það um 60cm á hæð og um 1m á breidd. Það er uppmjótt, á kafi í grasi og í því finnst fyrir hleðslugrjóti. Sambyggt túngarðinum mótar fyrir gerði eða aðhaldi (B) sem virðist vera um 13x9m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Suðurhlið þess er sambyggt túngarðinum. Að norðan afmarkast það af klettum og



*Hluti af túngarði 013A, horft til suðurs*



*Gerði 013C áfast túngarði, horft til norðvesturs*

inngröfnum bakka. Hugsanlega má greina op á austurgafli. Vegghleðslur eru um 1,5m á breidd, toppmjóar og um 60cm á hæð. Í vesturjaðri túnsins er greinilegur hluti túngarðsins (A). Þar sést hann á um 78 m löngum kafla þar sem hann liggur norður-suður, ofan á berggangi sem hann nýtur góðs af. Á þessum kafla er hann nær eingöngu grjóthlaðinn. Hann er 50-100cm hár og í honum sjást 1-2 umför. Gerði (C) er vestan við suðurenda túngarðsins og því áfast ytri hlið hans. Það er þríhyrningslaga og er um 13x14m að stærð. Gerðið er sennilega ekki samtíða túngarðinum sem er að öllum líkindum eldri. Garðlagið sem afmarkar gerðið er 60-70cm á hæð, strýtulaga og er um 1,5m á breidd. Það gæti verið orpið en ekki hlaðið. Á loftmynd sést líklega framhald af túngarðinum þar sem hann liggur um mýrlent og grasgefið svæði suðvestan við túnið. Þar eru tveir samsíða, torfhlaðnir garðar á um 100 m löngum kafla. Rof er í þeim miðjum vegna vatnsaga.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM I, 394

**SM-234:014** renna áveita 724242 469988
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tveir samtengdir skurðir 20-30m suður af bæjarhól. Þar er enn að finna skurð sem er 25-30m vestan við brunn 012 og rúma 70m suðvestur af íbúðarhúsi sem byggt var 1951.
Skurðurinn er í sléttuðu túni.
Skurðurinn er um 45m langur og liggur frá norð-norðaustri til suð-suðvesturs. Í skurðinum sem er 50-60cm djúpur og 80-120 á breidd rennur bæjarlækurinn. Skurðinum hefur verið breytt að hluta miðað við það hvernig hann er sýndur á túnakortinu. Samkvæmt því hefur hann verið styttur, þ.e. fyllt hefur verið upp í norðurenda hans og einnig í annan skurð sem lá frá honum til suðausturs.


*Skurður 014 í túni, horft til suðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**SM-234:015** *Stöðull* örnefni kvíar 724306 470136
“Innan við Jónstanga er Erlendarvör [045] og Erlendartangi og þar upp af Langalág, ofar er Borgargarðsklettur, utan undir klettinum var Stöðull, seinna var þar Nátthagi fyrir sláturfé,” segir í örnefnaskrá. Stöðullinn er utan túns í Borgargarði, um 20 m vestan við íbúðarhúsið Borgarhól og um 110 m norðaustan við bæjarhól Borgargarðs 001. Upplýsingar um staðsetningu Stöðulsins bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og var svæðið því ekki kannað á vettvangi. Þar er lundur með barrtrjám og ekki vitað hvort sýnileg mannvirki séu á svæðinu; tóftir eða garðlög.
**Heimildir:** Ö-Búlandsnes, 4

**SM-234:016** heimild um kálgarð 724280 470085
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast vestan við útihús 008 og rúma 50m norðaustan við bæjarhól 001.
Minjastaðurinn er utan túns og fast við hann er barrtrjálundur.
Kálgarðurinn var í brekku sem snýr mót suðri og í henni sést móta fyrir L-laga kanti sem hefur sennilega verið grafinn inn í brekkuna. Kanturinn er 50-60cm hár og hefur kálgarðurinn snúið

mót suðvestri. Vesturhlið kantsins er um 8m á lengd en norðurhliðin um 6m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919


**SM-234:017** *Borgargarðsstekkur* bæjarstæði bústaður
"Borgargarðsstekkur er einhverntímann byggður í landi Borgargarðs. Óljóst hvar hann var. Eiríkur Sigurðsson, skólastjóri á Akureyri, leitaði að rústum Borgargarðsstekks um 1965 en fann ekki fyrir víst. Eldra fólk á þeim árum giskaði á sunnan eða vestan við Borg," segir í bók Ingimars Sveinssonar, Siglt og róið. Í bókinni Djúpivogur 400 ár við voginn eftir sama höfund segir: "Talið er að Borgargarðsstekkur hafi verið sunnan eða suðaustan við túnið í Borgargarði. Sjást þar enn tóftarbrot." Ekki er fullljóst hvaða tóftir er verið að tala um hér að framan og er of mikil óvissa um staðsetningu Borgargarðsstekkjar til þess að hægt sé að staðsetja hann með vissu. Á manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands er hægt að fletta upp í þrettán manntölum og þar má sjá að Borgargarðsstekkur var grasbýli og að þar var fólk skráð til heimilis í manntölum 1855, 1860 og 1880. Eftir það virðist búsetu í stekknum hætt. Á örnefnakort sem unnið hefur verið af þéttbýlinu er skrifað «tóft (Borgargarðsstekkur)» ofan við Bensagarð 033. Er það eina heimildin sem fundist hefur um að stekkurinn hafi verið á þeim slóðum. Það er ekki ósennilegt að stekkurinn og seinna bæjarstæðið hafi verið á sama stað og kálgarðurinn var síðar. Þó eru ekki augljós ummerki um eldri minjar á svæðinu.
**Heimildir:** Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 43; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 55; www.manntal.is; Örnefnakort-Djúpivogur þéttbýli

**SM-234:018** tóft óþekkt 724300 470091
Hlaðinn pallur er 65m norðaustan við bæjarhól 001, 8m suðvestan við tóft 010 og 10-12m norðan við útihús 007.
Tóftin er á bakka fyrir ofan núverandi íbúðarhús byggt 1951 þétt upp við barrtrjálund sem er undir bröttum klettum.
Pallurinn er ferhyrndur, 3x3m að stærð og um 1m á hæð. Hann er sennilega grjót og torfhlaðinn en hann er á kafi í grasi og því sér ekki í neinar grjóthleðslur. Landið umhverfis hann er nokkuð blautt. Það er ekki augljóst hvaða hlutverki hann hefur gegnt en þar sem stutt er frá honum í útihús 010 og 011 þá má helst ætla að hann hafi verið notaður sem heystæði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*Tóft 018, horft til suðurs*

**SM-234:019** gerði kálgarður 724271 470113
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður utan túns og um 70m norðan við bæjarhól 001. Þar er enn að finna gerði sem hlaðið var umhverfis kálgarðinn rúma 40m vestan við tóft 010 og um 25m norðan við tóft 009.
Kálgarðurinn er á þröngum bakka fast undir klettum í brattri brekku sem snýr mót suðri.
Gerðið er 30x7m að stærð og snýr austur vestur. Það má segja að það sé tvískipt því að austurhluti þess virðist hafa upphlaðinn kant en það hefur vesturhlutinn ekki. Hann er meira eins og flatur pallur sem þó er afmarkaður af vegghleðslu vestast. Vegghleðslur eru um 1,5m á breidd og 20-50cm á hæð. Minjastaðurinn er á kafi í grasi og svo hefur trjám verið plantað þétt upp við hann.






*Kálgarður 019, horft til austurs*

Milli vestur- og austurhlutans er lítið bjarg.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar


**SM-234:020** heimild um skemmu
"Geymsluhús úr timbri með járnvörðu þaki," segir í Fasteignamati 1916-1918 fyrir Borgargarð. Ekki var hægt að staðsetja þetta hús sökum ónægra upplýsinga.
**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918 SM I, 394

**SM-234:021** heimild um hesthús
"Hesthús f. 2 hross og hlöður með járnvörðu þaki er taka 110 hesta hey," segir í Fasteignamati 1916-1918 fyrir Borgargarð. Ekki var hægt að staðsetja þetta hús sökum ónægra upplýsinga.
**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918 SM I, 394

**SM-234:022** heimild um fjárhús
"Einnig fjárhús er rúma 250 kindur," segir í Fasteignamati 1916-1918 fyrir Borgargarð. Ekki var hægt að staðsetja þetta hús sökum ónægra upplýsinga.
**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918 SM I, 394

**SM-234:023** tóft óþekkt 724203 470042






*Gríðarstór tóft 023 er í slegna hluta túnsins, horft til suðvesturs á ljósmynd*


Tóft er rúma 15m vestan við bæjarhól 001, 3m sunnan við tóft 024 og tæpa 10 norðan við tóft

027.
Tóftin er í sléttuðu túni.
Tóftin er einföld, 34x21m á stærð og snýr austur vestur. Hún er skálalaga og gæti því verið fornar leifar bæjarhúsa eða fjóss. Tóftin hefur verið sléttuð og því eru vegghleðslur mjög rúnaðar en þær eru samt um 1m á hæð og 7-10m á breidd. Óljós dæld er vestarlega á syðri langvegg og þar kann inngangurinn að hafa verið. Hvorki finnst fyrir né sést í grjóthleðslur. Í suðausturhorni tóftarinnar er dæld sem er ummerki eftir ruslaholu sem hefur verið fyllt og tyrft yfir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:024** tóft óþekkt 724214 470055



*Útflött tóft 024 í túni, horft til austurs á ljósmynd*




Tóft er rúma 20m norðvestan við bæjarhól 001, 3m norðan við tóft 023 og 40-45m sunnan við tóft 026.
Tóftin er í sléttuðu túni.
Tóftin er einföld, 11x8m á stærð og snýr austur vestur. Hún hefur verið sléttuð og því eru vegghleðslur mjög rúnnaðar en þær eru um 2-3m á breidd og 10-50cm á hæð. Henni svipar mjög til tóftar 023 og gæti hafa verið samtíða henni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:025** hleðsla vörslugarður 724161 470196




*Hleðsla 025, horft til vesturs*

Hleðsla sem hefur líklega þjónað sem vörslugarður er um 14m vestan við Bensagarð 033 og rúma 70 m norðvestan við hleðslu 034.
Hleðslan er á milli tveggja kletta sem eru hluti af stærra klettabelti sem liggur frá norðaustri til suðvesturs.
Hleðslan er um 3 m löng, 3-4 umför og 90-100 cm á hæð. Hleðslan er einföld og ekki mikið meira en 30-40 cm á breidd.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**SM-234:026** tóft óþekkt 724221 470099







*Tóft 026, horft til norðurs á ljósmynd*

Tóft er rúma 50m norð-norðvestan við bæjarhól 001, rúma 20m vest-norðvestan við tóft 009 og um 35m suðvestan við tóft 019.
Tóftin er á sléttri klöpp í stórgrýttum móa undir lágum klettum.
Tóftin sem er alveg grjóthlaðin, er 6x4m að stærð og snýr norður suður. Hleðslugrjótið í henni er frekar stórt og í veggjum sjást 3 umför. Veggir eru um 1 m á hæð og breidd og eru þeir mosavaxnir að utanverðu. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegt er að hún sé leifar af einhvers konar útihúsi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:027** tóft óþekkt 724193 470020






*Hóll með tóft 027, horft til suðurs á ljósmynd*

Stór hóll með tóft er um 25m suðvestan við bæjarhól 001, rúma 10m sunnan við tóft 026 og 25-40m austan við gerði 028.
Hóllinn er í sléttuðu túni.
Hóllinn er um 28x14m að stærð, snýr norðaustur og suðvestur og er örugglega manngerður. Upphleðsla hans er um 2m. Á suðvestur enda hans er lítil óljós tóft sem er 8x5m að stærð og snýr hún eins og hóllinn. Hún er einföld og opin til suðausturs. Vegghleðslur hennar eru um 1,5m á breidd og 20-30cm á hæð. Sunnan við tóftina, frá suðausturhlið hólsins liggja tvö óljós garðlög eins og óljósar leifar kálgarðs eða aðhalds. Hafa þau hugsanlega afmarkað svæði sem er

16x14m að stærð en það er alveg opið til suðausturs. Þessi garðlög eru hlaðin úr torfi og grjóti, um 1m á breidd og 20-50cm á hæð. Alls eru því minjarnar á svæði sem er um 34x30m að stærð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:028** gerði kálgarður 724173 470065




*Kálgarður 028, horft til suðvesturs*

Fjögur samtengd gerði sem hafa að öllum líkindum verið notuð sem kálgarðar eru tæpa 60m vestan við bæjarhól 001, um 12 m norðan við tóft 030 og 35-40m vestan við tóft 026.
Gerðin liggja meðfram klettarana fast utan við tún sem hefur verið sléttað.
Gerðin eru fjögur og liggja öll hvert upp af öðru frá suð-suðvestri til norð-norðausturs og eru samtals 64x7m að stærð. Tvö nyrstu gerðin eru um það bil 10x6m að innanmáli en þau tvö syðri eru um það bil 17x6m að innanmáli. Þau liggja öll upp að klettarana sem myndar jafnframt vesturhlið þeirra. Þau halla til austurs en að austan afmarkast þau af kanti sem er 70-80cm hár. Vegghleðslurnar á milli gerðanna eru um 150cm á breidd og 60-70cm á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:029** tóft óþekkt 724137 470021



*Tóft 029, horft til norðurs*




*Á uppdrætti sést afstaða tófta 029 og 030*

Tóft er 85-90m vestan við bæjarhól 001 og rúma 50m vestan við tóft 027. Hún er byggð upp að innrihlið túngarðs 013 og þétt við hlið tóftar 030.
Tóftin er í mólendi sem hallar aðeins til suðurs. Norðan og ofan við tóftina eru klettaranar og beint sunnan við tóftina er stór klettadrangur sem nefnist einmitt Drangur.
Tóftin er einföld, 6x5m að stærð og snýr austur vestur. Hún er grafin inn í brekkuna og er ytra byrði hennar 50-60cm á hæð en innra byrðið er grjóthlaðið og um 130cm á hæð. Í því má telja 4-5 umför. Tóftin er alveg opin til suðurs, þ.e. hefur engan suðurgafl. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að um einhvers konar útihús sé að ræða þar sem hún er í heimatúni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:030** tóft óþekkt 724143 470024




*Tóft 030, horft til norðurs*

Tóft er 85-90m vestan við bæjarhól 001 og rúma 40m vestan við tóft 027. Hún er þétt við hlið tóftar 029.
Tóftin er í mólendi sem hallar aðeins til suðurs. Norðan og ofan við tóftina eru klettaranar og beint sunnan við tóftina er stór klettadrangur sem nefnist einmitt Drangur.
Tóftin er einföld, 6x5m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er grafinn inn í brekkuna og er ytra byrði hennar 10-50cm á hæð en innra byrðið sem er grjóthlaðið er um 60-120cm á hæð. Hún er á kafi í grasi og er því ekki hægt að telja umför í hleðslum. Op er á suðurhlið tóftarinnar. Hlutverk hennar er ekki þekkt en ætla má að um einhvers konar útihús sé að ræða þar sem hún er innan heimatúns.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:031** *Borgargarðsrétt* tóft rétt 724461 470060



*Borgargarðsrétt 031, horft til SSV á ljósmynd*





“Utan við Borg var Borgarmýri og ofar Aurtjörn. Innan undir Miðmorgunsþúfu er Borgargarðsrétt,” segir í örnefnaskrá. Borgargarðsrétt er rúma 210m austan við bæjarhól 001, rúma 65m norðaustan við Borgargerði SM-233:068 og rúma 35m vestan við íbúðarhús nr. 9 við Borgarland.
Réttin er á milli þéttrar byggðar sem er austan megin við hana og túns Borgargarðs.
Réttin er 44x14m að stærð og hlaðin á milli tveggja bergganga sem liggja samsíða frá norðaustri til suðvesturs. Berggangarnir mynda þannig norðvestur og suðaustur langhliðarnar en á milli þeirra eru 5 grjóthlaðnar hleðslur sem mynda 4 hólf. Grjóthleðslur eru einnig á milli og ofan á klettaveggjum berggangana þar sem þeir eru lágir eða þar sem í þeim eru skörð. Almennt

eru hleðslurnar 120-140cm á hæð, 4-5 umför og um 1-1,5m á breidd. Grjóthleðslurnar eru vel hlaðnar úr flötu grjóti.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Búlandsnes, 4

**SM-234:032** gerði rétt 724119 470056







*Rétt 032 í Borgargarðsskotum, horft til norðausturs á ljósmynd*

Gerði sem líklega hefur verið notað sem einhvers konar aðhald eða rétt er í Borgargarðsskotum rúma 100m vestan við bæjarhól 001 og rúma 20m vestan við túngarð 013 og tóft 029.
Réttin er hlaðin milli tveggja bergganga sem hafa stefnuna norð-norðaustur og suð-suðvestur. Réttin er tvískip, um 36m á lengd og 8-11m á breidd. Hún er hlaðin á milli tveggja bergganga sem mynda vestur og austur langhliðarnar. Nyrðra hólfið er 12x7m að innanmáli en syðra hólfið er 18x11m að innanmáli. Nyrst er op á miðjum norðurgaflinum, það er einnig op vestast á hleðslunni sem er á milli hólfanna og svo er þriðja opið vestast á suðurgaflinum. Austast við utanverðan suðurgaflinn er grjóthlaðin kró sem er 4x4m að stærð. Grjóthleðslurnar eru 30-100cm á hæð og um 1m á breidd. Það hefur ekki verið vandað til þeirra og grjótið í þeim mjög misjafnt að stærð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:033** *Bensagarður* gerði kálgarður 724197 470225
"Efst í Borgargarðsskotum átti Björgvin Björnsson kartöflugarð, Bensagarð, þar hjá er Klessuklif," segir í örnefnaskrá. Bensagarður er um 160m norðan við bæjarhól 001, um 140m norð-norðaustan við rétt 032 og 85-90m norðvestan við vörðu 035.
Kálgarðurinn er byggður suðaustan undir klettavegg og fast suðaustan við garðinn er ruddur vegur, sjá SM-233:056. Umhverfis minjastaðinn eru háir klettadrangar og gróðurlaust hraun.
Kálgarðurinn er 56m langur og 18m breiður. Hann liggur frá norðaustri til suðvesturs og skiptist í fjögur hólf. Vegghleðslur garðsins eru mjög ólíkar að gerð. Norðaustast eru þær grjóthlaðnar að utan en torfhlaðnar að innan, um 120cm á hæð og 1m á breidd. Víða annarsstaðar er sennilega ekki um eiginlegar hleðslur um að ræða heldur bara orpin garðlög, þau eru uppmjó, um 30cm



*Bensagarður 033, horft til norðvesturs á ljósmynd*




á breidd og 20-30cm á hæð. Hér verður hólfunum gefnir bókstafir til aðgreiningar í lýsingu. Hólf a er norðaustast og er 14x8m að innanmáli. Í því miðju vottar fyrir kanti sem skiptir því í tvo hluta. Hólf b er suðvestan við það og er það 12x4m að innanmáli. Hólf c er suðvestan við hólf b og er það 7x7m að innanmáli og virðist sem það sé einnig skipt um miðju með kanti. Hólf d sem er suðvestast er svo stærst, um 27x7m að innanmáli. Suðaustan við miðjum kálgarðinn er ferhyrndur grjóthlaðinn pallur sem er 1,5x1,5m á stærð. Hann er 40cm á hæð og 3 umför. Liggur grjóthleðslan uppað litlu bjargi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SM-234:034** hleðsla vörslugarður 724208 470142

Hleðsla er tæpa 100m norðan við bæjarhól 001, tæpa 50m norðvestan við kálgarð 019 og tæpa 40m norðan við tóft 026.
Hleðslan er milli kletta í jaðri úfinnar hraunhæðar.
Hleðslan er um 12m löng og liggur austur vestur. Hún er 70-80cm á hæð og um 1m á breidd. Hleðslugrjótið er frekar stórt og má telja 3-4 umför. Hleðslan er líklega fyrirhleðsla til að hindra að búfénaður færi upp í hraunhæðina.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Hleðsla 034, horft til austurs*

**SM-234:035** varða óþekkt 724264 470157

Varða er rúma 30m norðan við kálgarð 019, tæpa 90m suðaustan við kálgarð 033 og rúma 50m aust-norðaustan við hleðslu 034.
Varðan stendur á kletti miðsvæðis á úfinni hraunhæð.
Varðan er 90-100cm á hæð og 50-60cm í þvermál. Hún er hlaðin úr nokkuð flötu grjóti og má telja 12-14 umför í henni. Enginn gróðurkragi er umhverfis vörðuna.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Varða 035, horft til NNA*

## 5. Niðurstöður

Gríðarlegur fjöldi minja var skráður innan þéttbýlisins og skýrist það af mörgu. Þegar þéttbýli fer að myndast á Djúpavogi upp úr aldamótunum 1900 voru nýbýli í kaupstaðnum í flestum tilvikum reist suðaustan og austan í klapparholtum, sem einkenna landslagið á Búlandsnesi, og upp í brekkur. Þar hafa margar minjar varðveist þar sem ekki hefur verið hægt að koma stórvirkum vinnuvélum að til að slétta og byggja yngri mannvirki. Þá eru heimildir um sögu svæðisins umtalsverðar og mikill áhugi er hjá heimamönnum á minjum í kaupstaðnum sem hefur skilað sér í fyllri og nákvæmari skráningu.

Alls voru skráðar 211 fornleifar í þéttbýlinu utan verndarsvæðis en skráðar minjaeiningar eru mun fleiri eða um 350 talsins.[3] Þessi munur skýrist að mestu leyti af því að mannvirki sem teiknuð voru inn á túnakort býla sem ekki eru lögbýli voru skráð undir einu númeri en hver eining þó aðgreind með bókstaf. Önnur mannvirki innan túna þessara býla voru einnig skráð undir sama númeri. Mörg dæmi eru því um að 5-13 minjaeiningar séu skráðar undir einu fornleifanúmeri (en nokkrum undirnúmerum).


Um fjölda skráðra minja gildir að aldur þeirra er ekki þekktur en ljóst er að margar þeirra eru á mörkum þess að geta talist til fornminja eða jafnvel of ungar til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilningi. Sú stefna var hins vegar tekin þegar verndarsvæði í byggð var skráð á miðbæjarsvæðinu að skrá allar minjar frá því fyrir árið 1930. Þáttaskil verða í sögu Djúpavogs árið 1920 þegar Kaupfélag Berufjarðar er stofnað og meira en 300 ára sögu danskrar verslunar á staðnum lýkur. Um svipað leyti eða skömmu síðar eykst vélbátaútgerð. Talið var nauðsynlegt að skrá hús og aðrar minjar sem tilheyra þeim tíma þegar uppbygging eykst á Djúpavogi í upphafi 20. aldar og byggð þéttist og var því miðað við að skrá flest mannvirki og minjar sem voru frá því fyrir 1930. Örfáar minjar sem eru enn yngri er að finna í fornleifaskránni. Það eru heimildir og óljósar minjar um iðnað, bústaði og útihús sem að öðrum kosti hefðu fallið milli skips og bryggju; þar sem þær eru ekki nógu gamlar til að teljast til fornminja og eru ekki lengur uppistandandi hús (og þar af leiðandi er ekki fjallað um þau í húsakönnun sem gerð var fyrir sveitarfélagið og kom út 2014).

### Byggðaþróun innan þéttbýlisins

Verslunarstaðurinn við Djúpavog (og síðar þéttbýlið í kringum hann) byggist úr jörðinni Búlandsnesi en innan þéttbýlisins eins og það er skilgreint nú er einnig lögbýlið Borgargarður sem áður var hjáleiga frá Búlandsnesi. Búlandsnes er fornt lögbýli og var bænhús þar en jörðin hefur verið í eyði frá 1944. Enn er búið í Borgargarði en íbúðarhúsið er ekki lengur á bæjarhólnum og hefur húsnúmerið Borgargarður 3.

Miklar samfélagsbreytingar verða á Íslandi í kjölfar þess að verslun var gefin frjáls árið 1855. Á Djúpavogi var verslun stofnuð í Suðurkaupstað strax árið 1860 auk gömlu

3 Í fornleifaskránni hér framar í skýrslunni eru birtar upplýsingar um leið SM-233:216 sem hafa fallið út úr skýrslu um verndarsvæði í byggð (FS637-16301).




*Kort sem sýnir byggðaþróun innan Djúpavogs frá 1800 og fram yfir 1930.*

verslunarinnar í Löngubúð. Einnig var rekin verslun í húsinu Framtíðinni sem byggt var 1905-1906 og enn seinna í Tríton sem byggt var 1924. Öll þessi hús eru/voru innan verndarsvæðis í byggð.

Þróun sjávarútvegs á Djúpavogi hefur einnig haft mikið að segja um þróun byggðarinnar á svæðinu. Ekki er vitað til þess að þar hafi verið umfangsmikil útgerð fyrr en hákarlaútgerðin hófst um 1830 en hún leggst af um 1870. Hákarlaveiðar og þorskveiðar voru stundaðar á þilskipum. Síldarútgerð sem ekki var langlíf var einnig stunduð á síðustu áratugum 19. aldar. Um aldamótin 1900 fóru heimamenn að eignast eigin fiskibáta og árið 1912 komu vélbátarnir til sögunnar á Djúpavogi og var það mikil bylting fyrir sjávarútveginn í plássinu.[4]

Elstu minjarnar innan þéttbýlisins sem skráðar voru í þessum áfanga (utan

4 Stuðst við bók Ingimars Sveinssonar, *Djúpivogur. 400 ár við voginn* frá 1989 og ‘Ágrip um útgerðarsögu Djúpavogs’ í *Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020:* 46-48.

verndarsvæðisins) eru að líkindum minjar um býlið Borgargarð sem vitað er að var lögbýli um miðja 19. öld. Elsta örugga heimildin um býlið er Jarðatal Johnsens frá 1847 en í jarðatalinu er það nefnt í neðanmálsgrein að Búlandsneshjáleigu sé getið í heimild frá 1760. Ekki er vitað hvort átt er við Borgargarð eða Bjargarrétt SM-235 (hefur ekki verið skráð). Borgargarður var eina býlið innan þéttbýlisins fram á 19. öld ef frá er talið Faktorshús SM-233:084 (innan verndarsvæðis) sem var bústaður kaupmanns á Djúpavogi.

Á tímabilinu 1835-1870 eru heimildir um að fimm ný býli eða bústaðir byggist á svæðinu, þ.e. Kaupstaðarstekkur SM-233:041, Borgargarðsstekkur SM-234:017, Sjólyst SM-233:080 og Hammersminni SM-233:079 auk Hlíðarhúsa SM-233:037 (sem er að hluta innan verndarsvæðis). Býlum á svæðinu fjölgar mjög ört á áratugunum í kringum aldamótin 1900 en á tímabilinu 1880-1909 byggjast upp 17 býli eða bústaðir. Þessi mikla aukning heldur áfram á fyrri hluta 20. aldar og frá 1910-1929 byggjast önnur 15 býli eða bústaðir. Þrír bústaðir sem byggðir voru um eða eftir 1930 voru skráðir innan þéttbýlisins; Holt SM-233:127 (1930) sem stendur enn, Blómsturvellir SM-233:281 (1940) og Berg SM-233:243 (1948) sem bæði hafa

| Fyrir 1800 | 1835-1870 | 1880-1909 | 1910-1929 | 1930 og síðar |
|---|---|---|---|---|
| Borgargarður | Kaupstaðarstekkur | Hlíð | Steinsholt | Holt |
| Faktorshús* | Hlíðarhús* | Hlíðarendi* | Lögberg | Blómsturvellir |
| | Borgargarðsstekkur | Fagrahlíð | Melar | Berg |
| | Sjólyst | Sólhóll | Steinsstaðir | |
| | Hammersminni | Geysir* | Ás | |
| | | Vegamót | Sunnuhvoll | |
| | | Borgargerði | Rjóður | |
| | | Hraun | Mörk | |
| | | Bjarg* | Hvarf | |
| | | Halldóruminni* | Svalbarð | |
| | | Von | Garðar | |
| | | Brekka | Höskuldsstaðir | |
| | | Borg | Hvammur | |
| | | Stekkakofi? | Sólheimar | |
| | | Miðhús*? | Hjalli | |
| | | Grund*? | | |
| | | Ekra | | |

*Tafla 1. Yfirlit yfir býli sem byggðust á Djúpavogi fram yfir 1930 eftir tímabilum. Stjörnumerkt býli eru innan verndarsvæðis í byggð og er ekki frekari umfjöllun um þau í þessum kafla.*

verið rifin en grunnurinn af húsinu Berg sést enn og óljós ummerki um húsgrunn Blómsturvalla.

Tafla 1 sýnir þróun þéttbýlis á Djúpavogi vel en í henni má sjá fjölda nýbýla á hverju skeiði. Í töflunni er einnig gefið yfirlit um þau býli sem eru innan verndarsvæðis. Samtals hafa 42 bústaðir og býli verið skráð innan þéttbýlisins. Utan verndarsvæðis í þéttbýli voru 34 bústaðir og býli.

## Minjaflokkar

Minjarnar sem skráðar voru innan þéttbýlisins eru fjölmargar, alls 211 númeraðar fornleifar en um 350 minjaeiningar. Minjarnar eru nokkuð fjölbreyttar og bera vitni um þróun og eðli þéttbýlis á Djúpavogi. Hér á eftir fylgir yfirlit um helstu minjaflokkana á svæðinu. Í því er eingöngu verið að fjalla um þann hluta þéttbýlisins sem er utan verndarsvæðis í byggð.

### *Bæjarhólar og bæjarstæði*

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld fram til þessa og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Þar sem býlin á skráningarsvæðinu eru langflest frá 19. og 20. öld hefur ekki náð að myndast bæjarhóll á þeim bæjarstæðum. Aðeins er skráður einn bæjarhóll á því svæði sem til úttektar var, í Borgargarði SM-234:001, þar sem líklegt er að hafi verið búið öldum saman þótt ekki sé vitað með vissu hvenær búseta hófst þar. Bæjarhóllinn í Borgargarði er 35x30 m að stærð og allt að 1,5 m á hæð. Engin uppistandandi hús eða sýnilegar tóftir eru á hólnum og hefur hann verið sléttaður. Umfang bæjarhólsins gefur til kynna að í honum séu miklar mannvistarleifar


| | | Hlutverk minja á túnakorti | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samtala | Sérheiti | Bæjarstæði | Brunnur | Útihús | Kálgarður | Túngarður | Skurðir | Leiðir | Minjar sem eru ekki merktar inn á túnakort | Alls |
| SM-233:068 | Borgargerði | 1 | 0 | 3 | 3 | 1 | 0 | 1 | | 9 |
| SM-233:069 | Hlíð | 1 | 1 | 4 | 1 | 1 | 0 | 1 | 2 kálgarðar | 11 |
| SM-233:070 | Hraun | 1 | 1 | 4 | 1 | 1 | 0 | 1 | | 9 |
| SM-233:077 | Brekka | 1 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 1 | 7 minjar; tóftir, þústir, grunnar, hleðsla | 13 |
| SM-233:078 | Fagrahlíð | 1 | 0 | 2 | 4 | 1 | 0 | 1 | 1 tóft | 10 |
| SM-233:079 | Hammersminni | 1 | 0 | 1 | 4* | 1 | 1 | 0 | 5 minjar; tóftir, þústir, skurður | 13 |
| SM-233:080 | Sjólyst | 1 | 0 | 3 | 2 | 1 | 0 | 0 | 2 minjar; hleðslur | 9 |
| SM-233:089 | Borg | 1 | 0 | 2 | 3 | 1 | 0 | 1 | 2 tóftir | 10 |
| SM-233:092 | Sólhóll | 1 | 1 | 5 | 3 | 1 | 0 | 1 | | 12 |
| SM-233:093 | Ekra | 1 | 0 | 3 | 2 | 1 | 0 | 1 | | 8 |
| SM-233:094 | Vegamót | 1 | 2? | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | | 5 |
| Alls | | 11 | 5 | 30 | 25 | 10 | 1 | 8 | 19 | 109 |

*Tafla 2. Minjar skráðar innan túna býla sem byggjast upp fyrir 1920 og gerð voru túnakort fyrir.*Með einum kálgarði í Hammersminni er sambyggt útihús.*

sem mikilvægt er að varðveita.

Alls voru 33 önnur býli og bústaðir skráðir innan þéttbýlisins. Í skráningunni var heitið býli notað yfir grasbýli sem höfðu túnskika (þar var stundaður sjálfsþurftarbúskapur samhliða sjósókn) en heitið bústaður notað yfir þurrabúðir þar sem ekki var að sjá að tún hafi fylgt bústað og/eða þar sem bústaðir voru mjög ungir. Túnakort frá upphafi 20. aldar voru gerð fyrir tæplega þriðjung þeirra býla sem skráð voru (11 af 34) auk þess sem túnakort var gert fyrir lögbýlið Borgargarð.[5]

Hefð hefur verið fyrir því hjá Fornleifastofnun að skrá allar minjar sem tilheyra býlum og bústöðum öðrum en lögbýlum undir einu aðalnúmeri en gefa hverri einingu innan þess




*Kort sem sýnir öll túnakort býla á Djúpavogi sem gerð voru árið 1920.*

5 Að vísu átti Vegamót ekki tún en mannvirki sem tilheyrðu bústaðnum voru teiknuð upp engu að síður.

bókstafi til aðgreiningar. Var þessi háttur hafður á í skráningunni innan þéttbýlisins á Djúpavogi. Önnur býli og bústaðir sem eru yngri og ekki var teiknað túnakort fyrir eru skráð þannig að bústaðurinn fær sérstakt númer og minjar sem eru í túni eða á lóð þess bústaðar fá einnig sérstök númer en á fornleifaspjaldi bústaðarins er vísað í þau. Af því að þessi háttur var hafður á við skráninguna á býlunum voru 109 minjaeiningar skráðar á 11 fornleifanúmer. Í töflu 2 má sjá fjölda minja sem skráðar voru í túnum býla sem túnakort var gert fyrir. Minjunum er skipt upp í þær sem skráðar voru af túnakorti annars vegar og hins vegar þær sem einnig voru skráðar innan túns en voru ekki á túnakorti.

Af þeim 33 bæjarstæðum sem skráð voru innan þéttbýlisins (fyrir utan bæjarhól Borgargarðs) sáust engin ummerki um tíu þeirra. Umrædd bæjarstæði höfðu í flestum tilvikum horfið vegna niðurrifs og/eða byggingaframkvæmda. Á tíu bæjarstæðum eru enn uppistandandi gömul hús og hafa mörg þeirra verið gerð upp eða verið vel við haldið. Á níu af gömlu bæjarstæðunum sjást hleðslur eða einhver óljós ummerki um bæjarhús en allsstaðar er fremur lítil uppsöfnun mannvistarlaga. Á bæjarstæðunum á Brennikletti, Höskuldsstöðum og Hvammi, sjást tóftir þar sem voru hús úr blönduðu efni. Staðsetning tveggja bæjarstæða er ekki þekkt og því ekki vitað hvort ummerki um þau býli sjást á yfirborði.

### *Minjar um sjósókn og fiskverkun*

Ein af forsendunum fyrir þéttbýlismyndun á Djúpavogi var sjósókn þeirra sem þar settust að. Heimildir eru um minjastaði tengda sjósókn á 13 stöðum á svæðinu. Misjafnt er hvort einhver

| Samtala | sérheiti | tegund | hlutverk | skýringar |
|---|---|---|---|---|
| SM-233:251 | | heimild | fiskreitur | |
| SM-233:019 | Hjallsklettur | heimild | hjallur | |
| SM-233:080H | | hleðsla | hjallur | |
| SM-233:215 | | tóft | hjallur | |
| SM-233:295 | | tóft | hjallur | |
| SM-233:079K | | tóft | hjallur | |
| SM-233:149 | | þúst | hjallur | |
| SM-233:067 | | heimild | lending | |
| SM-233:045 | Erlendarvör | renna | lending | |
| SM-233:162 | | gryfja | naust | |
| SM-233:163 | | heimild | naust | |
| SM-233:161 | | tóft | naust | |
| SM-233:210 | | gryfja | | hákarlagryfja |

*Tafla 3. Minjar um sjósókn og fiskverkun innan þéttbýlis á Djúpavogi.*

ummerki sjáist enn um staðina eins og má sjá í töflu 3.

Ummerki sjást um fimm hjalla innan þéttbýlisins, eina þúst, eina hleðslu og þrjár tóftir. Hjallstóftirnar eru mjög áþekkar. Þær eru eingöngu úr grjóti og eru hleðslur nánast allar hrundar. Þær eru á gjarnan 4 m á breidd og á bilinu 4-6 m að lengd og op er á norðvestur- eða norðurhlið.

Ekki er ljóst hvort hjallarnir voru yfirbyggðir eða lofthjallar.

Tvær lendingar voru skráðar og sést önnur þeirra vel, Erlendarvör SM-233:045. Hún er 10-15 m að lengd og er grjóthleðsla meðfram henni að suðaustanverðu. Heimild er um lendingu SM-233:067 á milli Hjallskletts og verslunarhúsa í Djúpavogi en þar voru engin mannvirki ef marka má gamlar ljósmyndir. Svæðið er gjörbreytt vegna landfyllingar og annarra framkvæmda.

Einn fiskreitur SM-233:251 var skráður á svæðinu en engin merki hans sjást nú og líklegast voru ummerkin óveruleg. Reiturinn hefur sennilega lent undir götunni Víkurlandi sem liggur eftir ströndinni í Ytri-Gleðivík.

Þrjú naust voru skráð. Engin ummerki sjást lengur um eitt þeirra, nafnlaust naust (SM-233:163) sem var í næsta nágrenni við hin tvö naustin, en nákvæm staðsetning þess er ekki kunn. Tóft af einu þeirra sést enn (SM-233:161) og gryfja þar sem þriðja naustið var (SM-233:162). Þetta eru ungar minjar, skúrar sem voru bæði notaðir sem sjóskúrar og naust. Ætla má að lent hafi verið suðvestast í Ytri-Gleðivík þar sem naustin voru. Engar heimildir eru þó um lendingu á þeim stað og engin ummerki um hana sjást en í fjörunni er sandur og möl. Hér má einnig geta um hákarlagryfju SM-233:210 sem er vestan við naust SM-233:161 og 162. Þar sést enn grunn gryfja sem er 4x4 m að innanmáli. Hún er eina þekkta hákarlagryfjan innan þéttbýlisins og mikilvægur minnisvarði um hákarlaútgerð á Djúpavogi á 19. öld.

### *Kálgarðar og garðlög*

Mikill fjöldi kálgarða var skráður í þéttbýlinu eða 51 garður, sjá töflu 4. Kálgarðarnir á svæðinu eru ferköntuð gerði eða gryfjur og er þeim stærri oft skipt upp í nokkur hólf. Gerðin í kringum þá eru oftast hlaðin úr torfi (en einnig grjóti þar sem það var nærtækt) og eru veggjahleðslur óverulegar. Algengt er að þeir séu hlaðnir undir klettaveggi og þá grafnir inn í halla og hlaðinn veggur á þrjár hliðar. Flestir þeirra kálgarða sem enn sjást virðast vera mjög ungir og margir þeirra líklega frá miðri 20. öld. Aldur þeirra kálgarða sem merktir voru inn á túnakortin frá 1920 er þekktur en um aldur annarra kálgarða er yfirleitt ekki vitað vegna heimildaleysis. Á nokkrum stöðum sjást óljós ummerki um kartöflugeymslur við kálgarðana.

Nokkuð var skráð af garðlögum innan þéttbýlisins eða samtals 23 garðar, 19 túngarðar og fjórir vörslugarðar, sjá töflu 5. Almennt má segja um túngarða á svæðinu að þeir eru mjög brotakenndir

| Samtala | tegund | hlutverk |
|---|---|---|
| SM-233:223 | garðlag | túngarður |
| SM-233:247 | garðlag | túngarður |
| SM-233:255 | garðlag | túngarður |
| SM-233:300 | garðlag | túngarður |
| SM-233:301 | garðlag | túngarður |
| SM-233:307 | garðlag | túngarður |
| SM-233:317 | garðlag | túngarður |
| SM-233:323 | garðlag | túngarður |
| SM-234:013 | garðlag | túngarður |
| SM-233:069C | garðlag | túngarður |
| SM-233:077E | garðlag | túngarður |
| SM-233:078I | garðlag | túngarður |
| SM-233:079D | garðlag | túngarður |
| SM-233:080G | garðlag | túngarður |
| SM-233:089G | garðlag | túngarður |
| SM-233:068B | heimild | túngarður |
| SM-233:070G | heimild | túngarður |
| SM-233:092C | heimild | túngarður |
| SM-233:093G | heimild | túngarður |
| SM-233:229 | garðlag | vörslugarður |
| SM-233:258 | hleðsla | vörslugarður |
| SM-234:025 | hleðsla | vörslugarður |
| SM-234:034 | hleðsla | vörslugarður |

*Tafla 4. Skráð garðlög innan þéttbýlisins.*

| Samtala | tegund | hlutverk | Samtala | tegund | hlutverk |
|---|---|---|---|---|---|
| SM-233:080D | garðlag | kálgarður | SM-233:079E | gryfja | kálgarður |
| SM-233:042 | gerði | kálgarður | SM-233:080E | gryfja | kálgarður |
| SM-233:133 | gerði | kálgarður | SM-233:069J | gryfja | kálgarður |
| SM-233:196 | gerði | kálgarður | SM-233:069K | gryfja | kálgarður |
| SM-233:199 | gerði | kálgarður | SM-233:078B | gryfja | kálgarður |
| SM-233:226 | gerði | kálgarður | SM-233:062 | heimild | kálgarður |
| SM-233:242 | gerði | kálgarður | SM-234:016 | heimild | kálgarður |
| SM-233:249 | gerði | kálgarður | SM-233:068D | heimild | kálgarður |
| SM-233:260 | gerði | kálgarður | SM-233:068G | heimild | kálgarður |
| SM-233:262 | gerði | kálgarður | SM-233:068H | heimild | kálgarður |
| SM-233:263 | gerði | kálgarður | SM-233:069H | heimild | kálgarður |
| SM-233:264 | gerði | kálgarður/skemma | SM-233:079G | heimild | kálgarður |
| SM-233:267 | gerði | kálgarður | SM-233:079I | heimild | kálgarður |
| SM-233:269 | gerði | kálgarður | SM-233:089C | heimild | kálgarður |
| SM-233:272 | gerði | kálgarður | SM-233:089D | heimild | kálgarður |
| SM-233:286 | gerði | kálgarður | SM-233:089E | heimild | kálgarður |
| SM-233:303 | gerði | kálgarður | SM-233:092E | heimild | kálgarður |
| SM-233:326 | gerði | kálgarður | SM-233:092F | heimild | kálgarður |
| SM-234:019 | gerði | kálgarður | SM-233:092K | heimild | kálgarður |
| SM-234:028 | gerði | kálgarður | SM-233:093D | heimild | kálgarður |
| SM-234:033 | gerði | kálgarður | SM-233:093F | heimild | kálgarður |
| SM-233:328 | gerði | kálgarður | SM-233:094C | heimild | kálgarður |
| SM-233:070F | gerði | kálgarður | SM-233:078D | kantur | kálgarður |
| SM-233:078E | gerði | kálgarður | SM-233:079B | kantur | kálgarður/útihús |
| SM-233:078F | gerði | kálgarður | SM-234:004 | þúst | kálgarður |
| SM-233:094B | gerði | kálgarður | | | |

*Tafla 5. Kálgarðar í þéttbýli á Djúpavogi.*

og lítið orðið sýnilegt af þeim. Helst hefur þeim verið eirt þar sem þeir liggja upp á kletta og klappir. Allir túngarðar sem skráðir voru undir sérstöku númeri afmörkuðu tún býla sem byggjast upp eftir 1910 ef frá er skilinn túngarður Borgargarðs SM-234:013 sem er nokkuð stöndugur og eru tvö gerði sambyggð honum. Yngri túngarðarnir eru fremur lítilfjörlegir, lágir og mjóir. Næsta víst er að víða hefur verið girt ofan á þá með gaddavír eða girðingarneti. Túngarðarnir sem skráðir eru undir númeri býla með túnakort eru mjög brotakenndir og sjást engin ummerki um þá á fjórum býlum. Heillegasti garðurinn afmarkaði tún Hammersminnis SM-233:079D. Hann var bæði grjót- og torfhlaðinn, eftir því hvaða efni var nærtækast á hverju svæði, en er orðinn siginn og hleðslur úr lagi gengnar. Garðurinn er það mikill um sig að ólíklegt er að það hafi þurft að girða ofan á hann, a.m.k. ekki upphaflega, þegar garðurinn var hlaðinn.

Vörslugarðarnir fjórir sem skráðir voru eru lítilfjörlegir og eru þrír þeirra einungis hleðslur eða garðbrot sem hlaðin voru í skörð í klettaborgum.

### *Kvíar og stekkir*

Stekkir voru mjög algengir í sveitum landsins og voru notaðir á meðan fráfærur voru enn stundaðar en þær lögðust víðast af í upphafi 20. aldar. Stekkir voru litlar réttir sem oft skiptust í tvö hólf, annað minna en hitt. Minna hólfið var lambakró sem stundum virðist hafa verið undir þaki og voru lömbin byrgð þar yfir nóttina. Þrír bústaðir á skráningarsvæðinu bera stekkja-nöfn og má ætla að þar hafi verið stekkir áður en byggð hófst á staðnum. Þetta eru Borgargarðsstekkur SM-234:017, Kaupstaðarstekkur SM-233:041 og Stekkakofi SM-233:171. Ekki er vitað með vissu hvar Borgargarðsstekkur og Stekkakofi voru og því ekki ljóst hvort einhverjar leifar af þeim sjáist enn en það er þó fremur ólíklegt. Í Kaupstaðarstekk sjást leifar af bústað þar sem einnig var veitingasala. Þar eru hins vegar engar sýnilegar minjar um stekk sem kann að hafa staðið á þessum stað áður en bústaðurinn var byggður. Engir aðrir stekkir voru skráðir á svæðinu og virðist ekki hafa verið fært frá á yngri býlunum innan þéttbýlisins.

Stöðull SM-234:015 er örnefni sem skráð er í landi Borgargarðs og gefur til kynna að þar hafi verið mjólkað á stöðli eða í kvíum. Seinna var nátthagi fyrir sláturfé á sama stað. Ekki eru greinanleg mannvirki á þessum stað en þar er reyndar trjálundur sem byrgir sýn að einhverju leyti.

### *Útihús*

Mikill fjöldi útihúsa var skráður í þéttbýlinu en innan þess voru alls skráð 82 útihús. Hlutverk 19 útihúsa er þekkt og má sjá þau í töflu 6. Líklegt er að útihúsin hafi verið enn fleiri en fjöldi tófta og annarra minja var skráður þar sem ekkert er vitað um hlutverk. Séu minjarnar utan túna er oft erfitt að fullyrða um hlutverk þeirra nema vísbendingar úr heimildum séu til staðar eða lögun minjanna gefi til kynna líklegt hlutverk.

Leifar átta fjárhúsa voru skráðar og eru tvískiptar tóftir á þremur stöðum. Þær eru á bilinu 10-20 m á lengd og 6-12 m á breidd og voru allar með timbur- eða bárujárnsþil á framgafli. Tvær tóftir eru einfaldar (SM-233:131 og 092I) og fremur litlar. Þá voru ein fjárhús undir þaki (SM-233:306). Búið er að slétta yfir tóft SM-233:257 en innanmál niðurgrafins hluta hennar sést enn. Fjárhúsin innan þéttbýlisins voru að mestu leyti úr torfi og grjóti ef frá eru talin fjárhús SM-233:160 frá Svalbarði sem voru steypt. Lítil grjóthlaðin tóft var skráð með þeim. Auk þessara átta fjárhúsa er heimild um að í túni Borgargarðs hafi verið fjárhús sem rúmaði 250 fjár (SM-234:022).[6] Ætla má að þau hús hafi verið teiknuð á túnakort jarðarinnar og séu skráð undir öðru númeri en ekki var hægt að segja til um það með neinni vissu hvaða hús á túnakorti væri umrædd fjárhús. Engin ummerki sjást um fjárhús SM-233:092D í túni Sólhóls.

Algengt var að í upphafi 20. aldar ættu íbúar á Djúpavogi eina eða hálfa kú. Eins og gefur að skilja hafa fjósin ekki verið stór og í raun óvíst að allsstaðar hafi verið sérstök hús sem hýstu kýrnar. Á þeim tíma voru allar kýr þorpsbúa reknar á Aurinn á milli gömlu kirkjunnar SM-233:135 og gamla barnaskólans SM-233:146 að morgni. Þar tók kúasmali við þeim og

6 Fasteignamat 1916-1918 SM I, 394.

kom þeim í haga. Á kvöldin voru þær reknar aftur á Aurinn og þar sótti hver sína kú.[7] Innan þéttbýlisins er aðeins heimild um tvö fjós. Fjós og hlaða SM-233:170 voru á verslunarlóðinni á Djúpavogi samkvæmt Fasteignamati 1916-1918[8] og sést grilla í það hús á gömlum ljósmyndum en öll ummerki um það eru horfin af yfirborði. Á Sólhóli var fjós SM-233:092B sem var sambyggt hænsnakofa, smiðju og hesthúsi.[9] Leifar tveggja þessara húsa sjást enn en líklega eru það aðeins smiðjan og hesthúsið. Víst má telja að fleiri fjós hafi verið innan þéttbýlisins en ekki er vitað hvar þau voru eða hvort leifar af þeim hafi varðveist.

| Samtala | tegund | hlutverk |
|---|---|---|
| SM-233:092D | heimild | fjárhús |
| SM-234:022 | heimild | fjárhús |
| SM-233:306 | hús | fjárhús |
| SM-233:092I | tóft | fjárhús |
| SM-233:131 | tóft | fjárhús |
| SM-233:132 | tóft | fjárhús |
| SM-233:160 | tóft | fjárhús |
| SM-233:197 | tóft | fjárhús |
| SM-233:205 | tóft | fjárhús |
| SM-233:257 | tóft | fjárhús |
| SM-233:170 | heimild | fjós |
| SM-234:021 | heimild | hesthús |
| SM-233:092J | tóft | hlaða |
| SM-233:256 | tóft | hlaða |
| SM-233:230 | gryfja | skemma |
| SM-234:020 | heimild | skemma |
| SM-233:204 | mannvirki | skemma |
| SM-233:169 | tóft | skemma |
| SM-233:209 | tóftir | skemma |

*Tafla 6. Útihús með þekkt hlutverk í þéttbýli á Djúpavogi.*

Auk hesthúss í túni Sólhóls er í Fasteignamati 1916-1918[10] getið um hesthús SM-234:021 í túni Borgargarðs. Engar upplýsingar er að finna um staðsetningu hússins innan túns í Fasteignamati og því reyndist ekki unnt að staðsetja það eða tengja við aðrar minjar sem skráðar voru í túninu.

Hlöður voru oft sambyggðar fjárhúsum og fjósum og eru þá skráðar með þeim. Tvær stakstæðar hlöður voru skráðar innan þéttbýlisins. Önnur hlaðan SM-233:256 var notuð frá Sólheimum en hún er útflött og er 20x10 m að stærð. Í túni Sólhóls var svo skráð hlöðutóft SM-233:092J sem er um 11x9 m að stærð.

Við skráningu eru öll geymsluhús skráð sem skemmur. Skemmur geta talist til útihúsa og

7 Ingimar Sveinsson, 1989: 198-199.
8 SM I, 398
9 Már Karlsson, 2010: 48-49.
10 SM I, 398.

voru skráðar fimm slíkar innan þéttbýlisins. Tvær þeirra eru reyndar mótóftir (SM-233:169/209) við mógrafir SM-233:288/221 í námunda við Þórarinshraun. Skemma SM-234:020 er talin upp í Fasteignamati 1916-1918[11] í túni Borgargarðs en líkt og með önnur útihús sem þar er getið reyndist ekki unnt að staðsetja skemmuna með vissu. Skemma SM-233:204 er steinsteyptur húsgrunnur þar sem var veiðarfærageymsla og hlaða frá Lögbergi SM-233:101. Skemma SM-233:230 er gryfja sem ætla má að sé kartöflugeymsla en hún er við gerði SM-233:262 sem afmarkaði kálgarða og túnskika í nágrenni við býlið Ás SM-233:097.
Fjöldi annarra útihúsa var skráður þar sem nánara hlutverk var ekki þekkt eða 63 útihús. Utan túna sjást tóftir útihúsanna enn í langflestum tilvikum og almennt má segja að þær séu fremur litlar, unglegar og hlaðnar úr torfi og grjóti.

### *Brunnar*

Alls voru skráðir 16 brunnar í þéttbýlinu. Auk þess er getið um tvo brunna til viðbótar í túni Sólhóls í bókinni Fólkið í plássinu eftir Má Karlsson en staðsetning þeirra er ekki þekkt og sáust ekki skýr ummerki um þá á vettvangi. Það má því segja að heimildir geti um 18 brunna innan þéttbýlisins á Djúpavogi en líklegt er að þeir hafi verið enn fleiri. Norðvestarlega á þéttbýlissvæðinu eru tveir lækir, annars vegar Fögruhlíðarlækur og hins vegar lækur sem rennur frá Melakletti um Löngulág til sjávar. Ekki eru beinar heimildir um að neysluvatn hafi verið sótt í lækina en líklegt er að það hafi verið gert í Fögruhlíð SM-233:078.

Af brunnunum 18 sjást ummerki um átta þeirra. Algengast er að þeir séu hringlaga en þó voru skráðir nokkrir ferkantaðir brunnar. Stærð þeirra er nokkuð breytileg en innanmál þeirra var á bilinu 1-2 m. Fyllt hefur verið upp í flesta brunnana að hluta eða öllu leyti en ekki virðist hafa verið fyllt upp í brunn SM-233:211 sem er uppi á Brennikletti, ofan við býlið Grund SM-233:073 (innan verndarsvæðis). Hann er 3,6x3,4 m að utanmáli en um 2 m á kant að innanmáli og er lág grjóthleðsla í kringum hann. Vatn seytlar úr brunninum og er hann hlaðinn í kringum uppsprettu í klettinum. Brunnurinn er um 0,5 m á dýpt. Gerð brunnanna er líklega nokkuð fjölbreytt og hefur tekið mið af aðstæðum á hverjum stað. Þeir hafa ekki allir verið jafn grunnir og sá sem er uppi á Brennikletti og fjallað var um hér að framan. Grjóthlaðinn brunnur SM-233:192 sem er skammt utan við tún Brekku SM-233:077 var að sögn heimildamanns tvær mannhæðir á dýpt eða 3-4 m.

### *Samgönguminjar*

Minjar sem vitna um forna samgönguhætti geta verið af ýmsum toga, s.s. gamlar götur, vegir, brýr, vörður og svo framvegis. Í þéttbýlinu voru skráðar 21 fornleif sem skilgreindar voru sem samgönguminjar. Skráðar voru 14 leiðir en aðeins sáust ummerki um eina þeirra. Flestar leiðanna lágu á milli býla (eftir að þeim fjölgaði). Leið SM-233:128 sem lá á milli Búlandsness og verslunarstaðarins eða Löngubúðar er líklega elsta leiðin sem skráð var og sést gata á þeirri leið utan við og í túni Borgargarðs. Gamall akvegur SM-233:056 liggur einnig frá Búlandsnesi

11 SM I, 394.

að Löngubúð og er á löngum köflum á sama stað og eldri leið SM-233:128 þegar komið er austur fyrir túnið á Borgargarði. Sá vegur sést enn víðast hvar en ummerki um elstu vegagerðina eru horfin vegna yngri framkvæmda og ofaníburðar. Þá lá vegur SM-233:129 af þessari leið að Teigarhorni og er hann greinilegur á kafla en sú leið var ekki rakin nema á því svæði sem er innan þéttbýlisins. Aðrar leiðir sáust ekki enda hafa miklar breytingar orðið vegna sléttunar, ræktunar, bygginga og vegagerðar.

Fjórar vörður voru skráðar sem samgöngubætur. Ein þeirra er á Vörðuhrauni SM-233:148 (reyndar rétt utan við afmörkun þéttbýlisins). Hún er alllangt frá sjó og er líklegast að hún hafi varðað leið en ekki er ljóst hvert og hvaðan sú leið lá. Neðst í vörðunni er lítið hólf þar sem hægt hefur verið að koma fyrir ljósi. Hinar þrjár vörðurnar eru stórar og stæðilegar og styrktar með múrlími eða steypu. Þær eru gömul innsiglingarmerki og eru gulmálaðar. Tvær þeirra eru innan við Innri-Gleðivík, hvor upp af annarri og eru hólf ofarlega í þeim þar sem hægt hefur verið að hafa ljós (SM-233:238/240). Fast aftan við þessar vörður hefur verið hlaðinn og steyptur stallur þar sem líklegt er að yngri gerð innisiglingarmerkis hafi staðið; staur með skærmáluðu skilti. Bóndavarða SM-233:052 er gamalt innsiglingamerki efst á Bóndahrauni í austurjaðri þéttbýlisins og er geysistór. Ekki er hólf í henni en upp úr henni stendur járnrör með spöðum á endanum.

Hleðslur voru skráðar á nokkrum stöðum innan þéttbýlisins. Á tveimur stöðum voru hleðslur skráðar þar sem útlit er fyrir að hlaðið hafi verið í kringum staura með áföstu innsiglingarmerki en þeir tóku við af vörðunum (sjá SM-233:239/308). Á þriðja staðnum var hleðsla skráð þar sem hlaðnar tröppur SM-233:088 voru upp í Kaupstaðarstekk. Enn sést móta fyrir þeim í grassverðinum.

### *Iðnaðarminjar og aðrar ungar minjar*

Innan þéttbýlisins á Djúpavogi voru skráðar ýmsar minjar sem hefur ekki verið gefinn sérstaklega mikill gaumur í fornleifaskráningu hingað til. Má þar nefna ungar iðnaðarminjar eins og skóvinnustofu og vindmyllur sem notaðar voru til rafmagnsframleiðslu en ekki til að mala korn.

Á Djúpavogi virðist ekki hafa verið eins mikið um sérhæfða atvinnustarfsemi á síðustu áratugum 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. eins og í sumum kaupstöðum á landinu. Sem dæmi má nefna að þar var ekki banki, bakarí, prentsmiðja, fangelsi eða sérhæfðar verslanir eins og var t.d. á Seyðisfirði upp úr aldamótunum 1900. Til þess voru umsvifin og fólksfjöldinn ekki nægur. Á Djúpavogi hófst barnakennsla árið 1888 og var fyrsta skólahúsið reist 1912 (sjá SM-233:146). Það var steinsteypt hús með járnþaki sem hefur verið rifið. Kennt var í skólahúsinu til 1953 þegar nýr skóli var tekinn í gagnið.

Í Fabrikkunni SM-233:111 framleiddi Jakob Gunnarsson gúmmískó frá 1934. Fabrikkan var lítið hús norðan við Fögruhlíðartún en engin merki sjást um það lengur. Hins vegar sjást ummerki um stíflu sem tengist húsinu og er litlu sunnar, í Fögruhlíðarlæk. Með því að stjórna rennslinu í læknum gat Jakob látið vatnið snúa hjóli með sandpappír. Hann raspaði gúmmíið

í skóna með sandpappírnum áður en hann setti lím á það. Fabrikkan var flutt inn á tún Brekku (sjá SM-233:254) eftir seinna stríð, en engin ummerki sjást um húsið á þeim stað heldur.

Vindmyllur voru skráðar á fimm stöðum innan þéttbýlisins þar sem ummerki voru sýnileg. Þetta eru ungar minjar en talið er að vindmyllur hafi fyrst komið á Djúpavog á árunum 1930-1940.[12] Í grein frá 1914 sem birtist í blaðinu Suðurlandi er fjallað nokkuð ítarlega um vindmyllur og gagnsemi þeirra. Þar er þeim lýst þannig: „Aðalhlutar vindmyllunnar eru turninn og vængirnir, - vindhjólið. Turninn er uppmjór járnrimlaturn, hefir pýramíða lögun og bygður af járni. Hjólið er samansett af 4, 6, eða 8 örmum og eru festir tréspaðar á hvern arm mismunandi margir eftir stærð hjólsins (vængirnir). Liggja vængir þessir skáhallir hver við öðrum. Þessar myllur nefna Danir Klapsejlsmotor.“ Einnig er annarri gerð vindhjóls lýst í greininni sem hefur 12 eða fleiri arma og eru myllur með þeim hjólum nefndar Vindrose. Myllurnar var hægt að nota til að dæla vatni við áveitu og framræslu en einnig til rafmagnsframleiðslu.[13] Ætla má að á Djúpavogi og víðast hérlendis hafi þessar gerðir vindmylla verið notaðar við rafmagnsframleiðslu. Heillegustu minjarnar um vindmyllu eru norðvestan við tún Hlíðarhúsa á Hlíðarhúskletti (sjá SM-233:321). Þessar minjar lenda reyndar innan marka verndarsvæðis en voru ekki skráðar með öðrum minjum innan þess. Skýringin á því er sú að vindmyllurnar eru utan þess aldursramma minja sem unnið var innan á verndarsvæðinu. Þegar þéttbýlið var skráð og í ljós komu fleiri leifar sem tengdust vindmyllum þótti rétt að taka þær með í fornleifaskrána og gera þessum kafla í sögu þéttbýlisins einhver skil. Af vindmyllunni á Hlíðarhúskletti sést steyptur stöpull, mjór og hár, og ofan á honum er rimlaturn úr járni. Nokkuð sambærilegar minjar um vindmyllu eru hjá Sjólyst SM-233:080I en þar er steyptur stöpull sem fallið hefur á hliðina. Nærri Hvarfi eru hlaðnar og steyptar undirstöður vindmyllu SM-233:296 og vindmylla var einnig þar sem enn má sjá jarðlæga hleðslu SM-233:077K uppi á Brekkukletti. Vindmylla SM-233:224 var rétt norðvestan við Löngubúð en af henni sést aðeins steinsteyptur þríhyrningslaga stöpull sem er um 1m á hæð og 3 m á kant. Rimlaturninn á þessari vindmyllu var 15 m á hæð og þurfti því öfluga undirstöðu. Næsta víst er að fleiri vindmyllur eða vindrafstöðvar hafi verið innan þéttbýlisins á Djúpavogi en ekki er vitað hversu almenn notkun þeirra var.

Fleiri minjaflokkar voru skráðir en þeir sem fjallað hefur verið um hér að framan. Í þá falla tiltölulega fáar minjar og er vísað til umfjöllunar í fornleifaskrá um þær. Í lokin má benda á að hlutverk um 40 minja er ekki þekkt.

12 Ingimar Sveinsson 1989: 178.
13 Valdimar Bjarnason. 1914. ‘Vindmyllur.’ *Suðurland 5* (20): 73-74.

## 6. Verndun og kynning minja

Ólíkt því sem víða tíðkast í þéttbýli er enn mjög mikið af sýnlegum minjum á Djúpavogi, bæði af húsum og mannvirkjum úr torfi og grjóti en þær er helst að finna upp við kletta þar sem ekki hefur verið auðvelt að slétta yfir þær. Ástand fornleifa var metið á hverjum minjastað og skiptist það í sex mismunandi flokka:

*a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.*
*b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.*
*c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.*
*d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +*
*e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.*
*f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.*

Þar sem minjar í túnum voru skráðar undir einu númeri var gert ástands- og hættumat fyrir minjaheildina en ekki hverja minjaeiningu. Umfjöllunin hér fyrir neðan byggir á því mati og á því aðeins við um fornleifar sem skráðar voru undir sérnúmeri. Óhætt er að segja að varðveisla minja innan þéttbýlisins á Djúpavogi sé mjög góð, þó að margar minjanna séu brotakenndar. Aðeins um 13% þeirra fornleifa sem hægt var að staðsetja eru horfin og sjást því leifar af 87% minja. Það er hlutfall sem telst gott í dreifbýli en er líklega einstakt í þéttbýli.

| Ástand | fjöldi |
|---|---|
| ekki sést til fornleifar | 26 |
| hleðslur signar | 47 |
| hleðslur standa | 14 |
| hleðslur standa grónar | 49 |
| hleðslur útflattar | 9 |
| sést til | 46 |
| undir þaki | 11 |
| **Alls** | **202** |

*Tafla 7. Ástand minja innan þéttbýlis á Djúpavogi.*

Í töflu 7 má sjá ástand minjanna sem skráðar voru undir sérnúmeri innan þéttbýlisins og hægt var að staðsetja.

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru undir sérnúmeri innan þéttbýlisins á Djúpavogi og hægt var að staðsetja. Hættustigin eru þrjú: engin hætta, hætta og stórhætta.

Þó að fornminjar sjáist ekki á yfirborði er í mjög mörgum tilvikum hægt að finna leifar þeirra undir sverði og því kunna þær að vera í hættu þó að þær séu ekki lengur sýnilegar. Talsverðar líkur eru á raski innan þéttbýlisins vegna vegagerðar og annarra framkvæmda og eru því allar fornminjar á svæðinu skilgreindar í hættu vegna rasks af þeim sökum nema annað sé tekið fram. Af 211 fornleifum sem skráðar voru eru 189 taldar í hættu og tvær að auki eru taldar í stórhættu, í báðum tilvikum vegna trjáræktar. Í töflu 8 má sjá að hvaða hætta steðjar að minjum sem taldar eru í hættu. Langflestar þeirra eru í hættu vegna mögulegs rasks.
Þeir minjastaðir sem ekki töldust í neinni hættu voru ýmist hús sem enn standa undir þaki og staðir þar sem litlar sem engar líkur voru taldar á því að mannvistarleifar hefðu varðveist undir sverði. Innan þéttbýlisins eru 12 fornleifar sem ekki teljast í hættu.

| Ástæða hættu | fjöldi |
|---|---|
| vegna ábúðar | 43 |
| vegna rasks | 139 |
| vegna rofs | 1 |
| vegna trjáræktar | 5 |
| vegna vegagerðar | 3 |
| **Alls** | **191** |

*Tafla 8. Hætta sem steðjar að minjum innan þéttbýlis á Djúpavogi.*

Innan þéttbýlisins á Djúpavogi er fjöldi minja sem hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Hér verða nefnd nokkur dæmi um slíkar minjar en ekki er um tæmandi lista að ræða.

1. **Búsetuminjar á bæjarstæðum Höskuldsstaða SM-233:107 og Hvamms SM-233:108 á Brennikletti.** Uppi á Brennikletti voru tvö lítil býli, annars vegar grasbýlið Höskuldsstaðir sem átti örlítinn túnskika umhverfis býlið, og hins vegar Hvammur sem var þurrabúð. Þau byggðust að líkindum eftir 1920 og eru því á mörkum þess að teljast til fornminja. Minjar um býlin eru nokkuð heillegar og mynda fallega heild sem vert er að varðveita og nýta til kynningar um lífið í þorpinu á þessum tíma og fólkið sem þar bjó.
2. **Innsiglingamerki á Bóndahrauni og innan við Innri-Gleðivík.** Þrjár voldugar innisiglingarvörður voru skráðar innan þéttbýlisins. Innan við Innri-Gleðivík eru vörður SM-233:238 og SM-233:240 hvor upp af annarri. Efst í þeim er lítið hólf þar sem hægt hefur verið að hafa ljós til að lýsa sjófarendum veginn. Á Bóndavörðuhrauni er Bóndavarða SM-233:052 sem er vel þekkt kennileiti á Djúpavogi. Vörðurnar þrjár eru merkilegur minnisvarði um samgöngur á sjó á árum áður og mikilvægt að stuðlað verði að varðveislu þeirra.
3. **Borgargarðsrétt SM-234:031** er tilkomumikið mannvirki sem hefur sérlega mikið

varðveislu- og kynningargildi. Hún er grjóthlaðin á milli tveggja, hárra bergganga rétt utan við tún Borgargarðs. Réttin er gott dæmi um það hvernig náttúrulegar aðstæður á þessu svæði voru nýttar við mannvirkjagerð.

4. **Kaupstaðarstekkur SM-233:141** á sér nokkuð merka sögu sem vert er að halda á lofti. Eins og nafnið gefur til kynna hefur þarna verið stekkur frá kaupstaðnum á Djúpavogi en í manntali frá 1835 er fólk skráð þar til heimilis í þurrabúð. Þar var síðar fyrsta veitingasalan á Djúpavogi. Hleðslur úr grunni húss sjást enn á þessum stað og hlaðnar tröppur SM-233:088 sem eru hluti af minjaheildinni.
5. **Hjallstóft SM-233:215** á Brennikletti hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Aðgengi að henni er gott en hún er litlu suðaustan við tjaldstæðið á Djúpavogi. Þetta er ein af fáum hjallstóftum sem skráðar voru innan þéttbýlisins og er hún stærst og greinilegust þeirra. Tóftin er mikilvægur minnisvarði um þann hversdagslega en mikilvæga hluta lífsbaráttu fyrri alda – að þurrka fiskinn sem veiddist svo að hann mætti geymast.
6. **Erlendarvör SM-233:045** er önnur fornleif sem tengist sjósókn og er hún eina vörin í þéttbýlinu þar sem mannaverk sjást og hefur hún því mikið varðveislugildi.
7. **Bensagarður SM-234:033** er kálgarður rétt utan við tún Borgargarðs í norðvesturjaðri byggðarinnar á Djúpavogi. Það er stór hlaðinn kálgarður sem skiptist upp í nokkur hólf. Líkur eru til þess að Borgargarðsstekkur SM-234:017 hafi verið á sama stað og kálgarðurinn síðar meir. Aðgengi að garðinum er gott og er hann skemmtilegt dæmi um kálgarð í þéttbýlinu en kálgarðar eru mjög algengar minjar á svæðinu. Elstu kálgarðarnir á Djúpavogi vitna um eins konar kaupstaðarbúskap sem stundaður var á upphafsárum þéttbýlisins. Fólk flutti með sér búskaparhætti dreifbýlisins í þéttbýlið og hélt áfram að halda húsdýr þó að í litlum mæli væri og ræktaði kartöflur og rófur í kálgörðum sínum meðfram sjósókn.
8. **Vindmylla SM-233:321** á Hlíðarhúskletti er á mörkum þess að geta talist til fornminja en er ein af fáum minjum um þessi mikilvægu mannvirki. Brýnt er að varðveita þessar minjar og henta þær vel til kynningar á rafvæðingu Djúpavogs á fyrri hluta síðustu aldar.

Hér hafa aðeins fáeinar minjar verið nefndar og ekki hefur enn verið minnst á þær minjar sem gætu hentað til rannsókna. Margar leiðir eru skráðar á svæðinu, ekki síst innan túna þar sem aðeins lítill hluti þeirra sést og samhengið vantar. Leiðakerfin innan þéttbýlisins mætti rannsaka og kortleggja á ítarlegri hátt en hér hefur verið gert. Annað verðugt verkefni er að rannsaka efnismenningu og viðurværi íbúa á Djúpavogi á þeim tíma sem þéttbýlið verður til og breytingar á henni eftir því sem nær dregur nútímanum. Þetta væri hægt að gera með því að staðsetja og rannsaka öskuhauga við þekkt býli.

Hið sérstæða landslag innan þéttbýlisins á Djúpavogi á stærstan þátt í því hvernig byggðin þar þróaðist og það hefur einnig stuðlað að einstaklega góðri varðveislu minja. Djúpavogshreppur hefur á undanförnum árum unnið metnaðarfullt starf í þágu menningarminja í sveitarfélaginu, m.a. með húsaskráningu, fornleifaskráningu og endurbyggingu gamalla húsa á Djúpavogi. Sú vinna

hefur m.a. skilað sér í því að sveitarfélagið hlaut minjaverndarviðurkenningu Minjastofnunar Íslands 2017 og átti fyrstu samþykktu tillöguna um verndarsvæði í byggð: Verndarsvæði við Voginn. Nú þegar fornleifaskráningu innan þéttbýlisins er lokið opnast miklir möguleikar á áframhaldandi rannsóknum og kynningu á sögu og sérkennum byggðarinnar á Djúpavogi.

Að endingu er minnt á það að allar fornminjar á skráningarsvæðinu njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og eru því jafn hátt settar í lögunum. Innan þéttbýlis er enn brýnna en á strálbýlli svæðum að gefa skráðum minjum gaum við framkvæmdir og hafa í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við jarðrask og þarf þá að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands.

## 7. Heimildaskrá


*Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020*. Páll Jakob Líndal og Guðrún Jónsdóttir. 2008. Djúpavogshreppur, Djúpavogi.

**ÁFÍ 2002:** Hjörleifur Guttormsson. 2002. *Ferðafélag Íslands, Árbók 2002. Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar.* Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic land registers.* C.W.K. Gleerup, Lund.

**DI I-XVI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Gísli Pálsson. 2014. *Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér.* Mál og menning, Reykjavík.

*Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014.* 2014. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur, Reykjavík.

Ingimar Sveinsson.1989. *Djúpivogur. 400 ár við voginn.* Búlandshreppur, Egilsstaðir.

Ingimar Sveinsson. 2003. *Djúpivogur. Siglt og róið um firði og eyjasund.* Búlandshreppur, Egilsstaðir.

Ingimar Sveinsson. 2007. „Myndir af einum skósmið og tveimur fjárhirðum.“ *Múlaþing 34*: 8-13.

**JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Már Karlsson. *Fólkið í plássinu.* 2010. K. Másson, Reykjavík.

**SJM III:** *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III.* 1975. Búnaðarsamband Austurlands, Egilsstöðum.

*Skoðað í skrínu Eiríks á Hesteyri.* 1978. Jón Kr. Ísfeld bjó til prentunar. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.

**SSM:** *Múlasýslur. Sýslu og Sóknalýsingar*. 2000. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík; Örnefnastofnun Íslands, Garðabæ.

Stefán Jónsson. *Að breyta fjalli.* 1987. Svart á hvítu, Reykjavík.

Valdimar Bjarnason. 1914. ‘Vindmyllur.’ *Suðurland 5* (20): 73-74.

## Óprentaðar heimildir

**Fasteignamat 1916 – 1918 SM I-II:** *Fasteignamat 1916-1918 – Undirmat: Múlasýsla – suður I-II.* Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

**Loftmynd LMÍ (Li2-5246):** Loftmynd Landmælinga Íslands af Djúpavogi og nágrenni frá 1957. Leyfisnúmer (Li2-5246).

*Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*: www. manntal.is

*Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn*: www.sarpur.is

**Túnakort 1919:** Túnakort Geithellnahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

*Vefsíða Djúpavogshrepps:* www.djupivogur.is

**Ö-Búlandsnes:** Örnefnaskrá Búlandsness. Skrásetjari Eyjólfur Guðjónsson. [án ártals]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Örnefnakort-Djúpivogur þéttbýli:** Örnefnakort unnið ofan á loftmynd af þéttbýlinu á Djúpavogi í eigu Andrésar Skúlasonar.

## Heimildamenn

Andrés Skúlason f. 03.03. 1963
Ágúst Guðjónsson f. 27.12. 1951
Baldur Gunnlaugsson f. 03.02. 1947
Erla Ingimundardóttir f. 05.11. 1936
Hlífar Ákason f. 27.09. 1941
Ingimar Sveinsson f. 19.06. 1927
Kristín Vilhelmína Sigfinnsdóttir f. 26.05. 1943
Svandís Kristinsdóttir f. 23.09. 1948
Vilmundur Þorgrímsson f. 18.03. 1953

## VIÐAUKI I: Hnitaskrá ISN93

| Samtala | Austur | Norður |
|---|---|---|
| SM-233:019 | 725198 | 470347 |
| SM-233:025 | 725258 | 469634 |
| SM-233:026A | 725238 | 469945 |
| SM-233:026B | 725234 | 469958 |
| SM-233:041 | 724811 | 470004 |
| SM-233:042 | 724734 | 470035 |
| SM-233:045 | 724669 | 470605 |
| SM-233:046 | 725164 | 469848 |
| SM-233:047 | 724522 | 470631 |
| SM-233:052 | 725542 | 469981 |
| SM-233:056 | 724288 | 470250 |
| SM-233:062 | 724986 | 469504 |
| SM-233:063 | 725049 | 469569 |
| SM-233:067 | 725173 | 470273 |
| SM-233:068A | 724412 | 469991 |
| SM-233:068B | 724417 | 470022 |
| SM-233:068C | 724458 | 470003 |
| SM-233:068D | 724457 | 469993 |
| SM-233:068E | 724441 | 469958 |
| SM-233:068F | 724431 | 469914 |
| SM-233:068G | 724432 | 469902 |
| SM-233:068H | 724425 | 469889 |
| SM-233:068I | 724404 | 470001 |
| SM-233:069A | 724593 | 469866 |
| SM-233:069B | 724566 | 469866 |
| SM-233:069C | 724572 | 469769 |
| SM-233:069C | 724609 | 469926 |
| SM-233:069D | 724608 | 469857 |
| SM-233:069E | 724605 | 469857 |
| SM-233:069F | 724622 | 469907 |
| SM-233:069G | 724601 | 469911 |
| SM-233:069H | 724598 | 469839 |
| SM-233:069I | 724617 | 469877 |
| SM-233:069J | 724591 | 469794 |
| SM-233:069K | 724581 | 469767 |
| SM-233:070A | 724911 | 470080 |
| SM-233:070B | 724908 | 470092 |
| SM-233:070C | 724907 | 470105 |
| SM-233:070D | 724916 | 470111 |
| SM-233:070E | 724919 | 470125 |
| SM-233:070F | 724888 | 470059 |
| SM-233:070H | 724908 | 470067 |
| SM-233:070I | 724929 | 470093 |
| SM-233:076 | 724980 | 470056 |
| SM-233:077A | 724858 | 470350 |
| SM-233:077B | 724911 | 470354 |
| SM-233:077C | 724885 | 470327 |
| SM-233:077D | 724861 | 470357 |
| SM-233:077Ei | 724848 | 470316 |
| SM-233:077Eii | 724861 | 470393 |
| SM-233:077Eiii | 724882 | 470425 |
| SM-233:077F | 724876 | 470334 |
| SM-233:077G | 724862 | 470301 |
| SM-233:077H | 724860 | 470309 |
| SM-233:077I | 724872 | 470408 |
| SM-233:077J | 724876 | 470420 |
| SM-233:077K | 724852 | 470367 |
| SM-233:077L | 724852 | 470362 |
| SM-233:077M | 724856 | 470341 |
| SM-233:077N | 724879 | 470361 |
| SM-233:078A | 724774 | 470480 |
| SM-233:078B | 724783 | 470471 |
| SM-233:078C | 724774 | 470497 |
| SM-233:078D | 724799 | 470493 |
| SM-233:078E | 724784 | 470504 |
| SM-233:078F | 724729 | 470398 |
| SM-233:078G | 724737 | 470447 |
| SM-233:078H | 724791 | 470460 |
| SM-233:078I | 724742 | 470380 |
| SM-233:078J | 724727 | 470419 |
| SM-233:079A | 725168 | 469772 |
| SM-233:079B | 725170 | 469766 |
| SM-233:079C | 725197 | 469773 |
| SM-233:079D | 725234 | 469666 |
| SM-233:079E | 725137 | 469717 |
| SM-233:079F | 725235 | 469720 |
| SM-233:079G | 725244 | 469735 |
| SM-233:079H | 725224 | 469668 |
| SM-233:079I | 725176 | 469808 |
| SM-233:079J | 725220 | 469701 |
| SM-233:079K | 725134 | 469750 |

| | | |
|---|---|---|
| SM-233:079L | 725128 | 469740 |
| SM-233:079M | 725218 | 469740 |
| SM-233:080A | 725066 | 469557 |
| SM-233:080B | 725091 | 469544 |
| SM-233:080C | 725073 | 469569 |
| SM-233:080D | 725011 | 469520 |
| SM-233:080E | 725086 | 469583 |
| SM-233:080F | 725085 | 469603 |
| SM-233:080G | 725006 | 469527 |
| SM-233:080H | 725079 | 469612 |
| SM-233:080I | 725046 | 469573 |
| SM-233:088 | 724816 | 469996 |
| SM-233:089A | 724397 | 469879 |
| SM-233:089B | 724368 | 469877 |
| SM-233:089C | 724314 | 469849 |
| SM-233:089D | 724342 | 469829 |
| SM-233:089E | 724364 | 469816 |
| SM-233:089F | 724401 | 469857 |
| SM-233:089G | 724371 | 469930 |
| SM-233:089H | 724423 | 469876 |
| SM-233:089I | 724361 | 469870 |
| SM-233:089J | 724388 | 469820 |
| SM-233:092A | 724880 | 470019 |
| SM-233:092B | 724888 | 470040 |
| SM-233:092C | 724898 | 470047 |
| SM-233:092D | 724851 | 470013 |
| SM-233:092E | 724896 | 469980 |
| SM-233:092F | 724914 | 470001 |
| SM-233:092G | 724876 | 470028 |
| SM-233:092H | 724895 | 470034 |
| SM-233:092I | 724856 | 469974 |
| SM-233:092J | 724812 | 469978 |
| SM-233:092K | 724776 | 469985 |
| SM-233:092M | 724894 | 470018 |
| SM-233:093A | 724959 | 470057 |
| SM-233:093B | 724962 | 470052 |
| SM-233:093C | 724958 | 470073 |
| SM-233:093D | 724965 | 470082 |
| SM-233:093E | 724972 | 470092 |
| SM-233:093F | 724960 | 470037 |
| SM-233:093G | 724996 | 470060 |
| SM-233:093H | 724959 | 470045 |

| | | |
|---|---|---|
| SM-233:094A | 724909 | 470209 |
| SM-233:094B | 724905 | 470224 |
| SM-233:094C | 724923 | 470219 |
| SM-233:094D | 724907 | 470213 |
| SM-233:094E | 724904 | 470217 |
| SM-233:095 | 724636 | 470249 |
| SM-233:096 | 724682 | 470330 |
| SM-233:097 | 724554 | 469737 |
| SM-233:098 | 724742 | 469954 |
| SM-233:099 | 724981 | 470354 |
| SM-233:100 | 724996 | 470169 |
| SM-233:101 | 724892 | 470319 |
| SM-233:102 | 724778 | 470550 |
| SM-233:103 | 724950 | 470566 |
| SM-233:104 | 725135 | 469755 |
| SM-233:105A | 725197 | 469834 |
| SM-233:105B | 725182 | 469819 |
| SM-233:105C | 725200 | 469864 |
| SM-233:107 | 725154 | 469845 |
| SM-233:108A | 725145 | 469915 |
| SM-233:108B | 725141 | 469908 |
| SM-233:108C | 725138 | 469903 |
| SM-233:111A | 724827 | 470546 |
| SM-233:111B | 724834 | 470486 |
| SM-233:126 | 723900 | 470106 |
| SM-233:127 | 725270 | 469936 |
| SM-233:128 | 724145 | 470014 |
| SM-233:129 | 724262 | 470276 |
| SM-233:130 | 724580 | 470145 |
| SM-233:131 | 724642 | 470263 |
| SM-233:132 | 724645 | 470258 |
| SM-233:133 | 725443 | 469814 |
| SM-233:146 | 725045 | 470114 |
| SM-233:148 | 724170 | 469717 |
| SM-233:149 | 725272 | 469633 |
| SM-233:156 | 724895 | 469745 |
| SM-233:157 | 725538 | 469977 |
| SM-233:158 | 725123 | 469743 |
| SM-233:159 | 725105 | 469594 |
| SM-233:160 | 724957 | 470601 |
| SM-233:161 | 724927 | 470469 |
| SM-233:162 | 724922 | 470484 |

| | | |
|---|---|---|
| SM-233:164 | 724820 | 470178 |
| SM-233:169 | 724843 | 469462 |
| SM-233:170 | 725132 | 470279 |
| SM-233:185 | 725130 | 470312 |
| SM-233:191 | 724372 | 469613 |
| SM-233:192 | 724854 | 470288 |
| SM-233:193 | 724833 | 470093 |
| SM-233:194 | 724813 | 470049 |
| SM-233:196 | 725013 | 469571 |
| SM-233:197 | 724999 | 469566 |
| SM-233:198 | 724971 | 469518 |
| SM-233:199 | 724351 | 469514 |
| SM-233:200 | 724705 | 470013 |
| SM-233:201 | 724709 | 469996 |
| SM-233:202A | 725120 | 469648 |
| SM-233:202B | 725124 | 469653 |
| SM-233:202C | 725130 | 469662 |
| SM-233:202D | 725137 | 469661 |
| SM-233:202E | 725139 | 469678 |
| SM-233:204 | 724910 | 470274 |
| SM-233:205 | 724899 | 470293 |
| SM-233:206 | 724887 | 470283 |
| SM-233:207 | 724893 | 470137 |
| SM-233:208 | 724573 | 470148 |
| SM-233:209A | 724908 | 469614 |
| SM-233:209B | 724913 | 469605 |
| SM-233:210 | 724911 | 470473 |
| SM-233:211 | 725172 | 469982 |
| SM-233:215 | 725122 | 469922 |
| SM-233:217 | 725134 | 469765 |
| SM-233:219 | 725068 | 469458 |
| SM-233:221 | 724921 | 469614 |
| SM-233:222 | 724755 | 469640 |
| SM-233:223 | 724890 | 470266 |
| SM-233:224 | 725123 | 470257 |
| SM-233:226 | 724895 | 470190 |
| SM-233:227 | 724961 | 470191 |
| SM-233:228 | 725032 | 470182 |
| SM-233:229 | 724748 | 470034 |
| SM-233:230 | 724459 | 469617 |
| SM-233:238 | 724589 | 470884 |
| SM-233:239 | 724555 | 470858 |


| | | |
|---|---|---|
| SM-233:240 | 724519 | 470833 |
| SM-233:241 | 724540 | 470656 |
| SM-233:242A | 724530 | 470641 |
| SM-233:242B | 724537 | 470650 |
| SM-233:243 | 724501 | 470527 |
| SM-233:244 | 724308 | 470446 |
| SM-233:245 | 723959 | 470154 |
| SM-233:246 | 724790 | 470529 |
| SM-233:247 | 724708 | 470382 |
| SM-233:248 | 724690 | 470368 |
| SM-233:249 | 724721 | 470379 |
| SM-233:250 | 724645 | 470281 |
| SM-233:251 | 724942 | 470430 |
| SM-233:252 | 725059 | 469672 |
| SM-233:254 | 724875 | 470375 |
| SM-233:255 | 724591 | 470196 |
| SM-233:256 | 724615 | 470177 |
| SM-233:257 | 724612 | 470170 |
| SM-233:258A | 724550 | 470175 |
| SM-233:258B | 724532 | 470158 |
| SM-233:258C | 724520 | 470138 |
| SM-233:258D | 724510 | 470123 |
| SM-233:260 | 724602 | 470254 |
| SM-233:261 | 724828 | 470097 |
| SM-233:262A | 724478 | 469630 |
| SM-233:262B | 724468 | 469604 |
| SM-233:262C | 724457 | 469606 |
| SM-233:262D | 724460 | 469598 |
| SM-233:263 | 724346 | 469528 |
| SM-233:264 | 724680 | 469485 |
| SM-233:265A | 724755 | 469456 |
| SM-233:265B | 724748 | 469450 |
| SM-233:266A | 724853 | 469547 |
| SM-233:266B | 724838 | 469541 |
| SM-233:266C | 724844 | 469535 |
| SM-233:266D | 724861 | 469544 |
| SM-233:267A | 724908 | 469503 |
| SM-233:267B | 724912 | 469490 |
| SM-233:267C | 724900 | 469481 |
| SM-233:268A | 724960 | 469690 |
| SM-233:268B | 724956 | 469685 |
| SM-233:268C | 724947 | 469675 |


| SM-233:268D | 724933 | 469669 |
|---|---|---|
| SM-233:269A | 725060 | 469721 |
| SM-233:269B | 725054 | 469717 |
| SM-233:269C | 725061 | 469717 |
| SM-233:270 | 725104 | 469858 |
| SM-233:271A | 725124 | 469826 |
| SM-233:271B | 725129 | 469832 |
| SM-233:271C | 725134 | 469837 |
| SM-233:271D | 725137 | 469839 |
| SM-233:272 | 725180 | 469875 |
| SM-233:279 | 725016 | 470379 |
| SM-233:280 | 724942 | 470251 |
| SM-233:281 | 724797 | 470218 |
| SM-233:282 | 724856 | 470214 |
| SM-233:283 | 724505 | 469713 |
| SM-233:284 | 724508 | 469684 |
| SM-233:285 | 724413 | 469654 |
| SM-233:286 | 725392 | 469734 |
| SM-233:287 | 724738 | 469619 |
| SM-233:288 | 724804 | 469415 |
| SM-233:290 | 724493 | 470562 |
| SM-233:291 | 724484 | 470538 |
| SM-233:292 | 724493 | 470552 |
| SM-233:293 | 724471 | 470535 |
| SM-233:295 | 725124 | 469841 |
| SM-233:296 | 724758 | 470557 |
| SM-233:297 | 725129 | 469781 |
| SM-233:298 | 724748 | 470537 |
| SM-233:299 | 725126 | 469787 |
| SM-233:300A | 724744 | 470568 |
| SM-233:300B | 724745 | 470521 |
| SM-233:300C | 724745 | 470510 |
| SM-233:301 | 725108 | 469807 |
| SM-233:302 | 725109 | 469847 |
| SM-233:303 | 725149 | 469871 |
| SM-233:304 | 724698 | 470334 |
| SM-233:305A | 725087 | 469829 |
| SM-233:305B | 725081 | 469826 |
| SM-233:306 | 724665 | 470311 |
| SM-233:307 | 725130 | 469876 |
| SM-233:308 | 725173 | 469827 |
| SM-233:309 | 724405 | 469588 |

| SM-233:310 | 724643 | 470234 |
|---|---|---|
| SM-233:311 | 724451 | 469654 |
| SM-233:312 | 724805 | 470239 |
| SM-233:313 | 724553 | 469761 |
| SM-233:314 | 724802 | 470253 |
| SM-233:315 | 724537 | 469725 |
| SM-233:316 | 724619 | 469638 |
| SM-233:317A | 724513 | 469713 |
| SM-233:317B | 724509 | 469697 |
| SM-233:317C | 724508 | 469652 |
| SM-233:318A | 725146 | 469779 |
| SM-233:318B | 725142 | 469778 |
| SM-233:319 | 724529 | 469704 |
| SM-233:320 | 724600 | 470235 |
| SM-233:321 | 725004 | 469974 |
| SM-233:322 | 724634 | 470285 |
| SM-233:323 | 724377 | 469518 |
| SM-233:324 | 724653 | 470317 |
| SM-233:325 | 724527 | 469675 |
| SM-233:326 | 724649 | 470328 |
| SM-233:328 | 725246 | 469603 |
| SM-234:001 | 724243 | 470035 |
| SM-234:002 | 724227 | 470046 |
| SM-234:003 | 724228 | 470034 |
| SM-234:004 | 724246 | 470019 |
| SM-234:005 | 724259 | 470025 |
| SM-234:006 | 724300 | 469962 |
| SM-234:007 | 724295 | 470068 |
| SM-234:008 | 724280 | 470073 |
| SM-234:009 | 724245 | 470088 |
| SM-234:010 | 724308 | 470101 |
| SM-234:011 | 724330 | 470103 |
| SM-234:012 | 724276 | 469992 |
| SM-234:013A | 724134 | 469995 |
| SM-234:013B | 724240 | 470093 |
| SM-234:013C | 724133 | 469957 |
| SM-234:014 | 724242 | 469988 |
| SM-234:015 | 724306 | 470136 |
| SM-234:016 | 724280 | 470085 |
| SM-234:018 | 724300 | 470091 |
| SM-234:019 | 724271 | 470113 |
| SM-234:023 | 724203 | 470042 |


| | | |
|---|---|---|
| SM-234:024 | 724214 | 470055 |
| SM-234:025 | 724161 | 470196 |
| SM-234:026 | 724221 | 470099 |
| SM-234:027 | 724193 | 470020 |
| SM-234:028 | 724173 | 470065 |
| SM-234:029 | 724137 | 470021 |
| SM-234:030 | 724143 | 470024 |
| SM-234:031 | 724461 | 470060 |
| SM-234:032 | 724119 | 470056 |
| SM-234:033 | 724197 | 470225 |
| SM-234:034 | 724208 | 470142 |
| SM-234:035 | 724264 | 470157 |


## VIÐAUKI II: Minjakort



Djúpivogur
Yfirlitskort
Kort 1
Kort 2
Kort 3
Kort 4
Kort 5
N
Skýringar
Mörk þéttbýlis
Afmörkun verndarsvæðis
Fornleifar_punktar
Fornleifar_flákar
Fornleifar_línur
Náttúruleg afmörkun
0 100 200 300 400 m
© Loftmyndir ehf.


Kort 1 - Borgargarður og nágrenni
N
Melar
Sólheimar
Borgargerði
Borgargarður
Borg
Hlíð
Ás
233322
233250
233131
233260
233132
233095
233320
233310
233255
233256
233257
233258A
233258B
233208
233130
233258C
233258D
233129
234033
233056
234025
233245
234035
234034
234015
234019
233126
234026
234010
234011
234018
234013B
234009
234016
234008
234007
234028
234032
234024
234002
234023
234001
234029
234030
234003
234005
234027
234004
233128
234013A
234014
234012
234006
234013C
234031
233042
233229
233068B
233200
233068I
233068C
233068A
233068D
233201
233068E
233098
233089G
233069C
233068F
233069G
233068G
233069F
233068H
233089B
233089A
233069I
233089I
233089H
233069B
233069A
233089F
233069E
233069D
233089C
233069H
233089D
233089E
233089J
233069J
233069C
233313
233069K
233097
233315
233283
233317A
233319
233317B
233284
233325
233148
233285
233311
233317C
0
75
150
225
300 m
© Loftmyndir ehf.


Kort 2 - Gleðivíkur
N
233238
233239
233240
233241
233242B
233242A
233047
233045
233160
233103
Rjóður
Svalbarð
233300A
233296
233102
233111A
233298
233246
233300B
233078E
233300C
233078D
233078C
233111B
233078A
233078B
233078H
233162
233210
233161
233290
233292
233293
233291
233243
Berg
233244
233078G
Fagrahlíð
233078J
233078F
233247
233078I
233248
233249
233077J
233077Eiii
233251
233077I
233077Eii
Brekka
233254
233279
233077K
233077N
233077A
233077D
233077B
233099
233077M
233077F
233019
233326
233096
233304
233077C
Lögberg
233324
233077Ei
233101
233185
233141A
233306
233077H
Steinsstaðir
233077G
233192
233206
233205
233322
233250
233223
233204
233141B
233170
233067
233129
233131
233188
233110
233056
233260
233132
233314
233280
233224
233084
233187
233320
233095
233312
Vegamót
233233
233141D
233083
233310
Melar
233094B
233109
233281
233282
233094E
233094C
233141C
233071
Blómsturvellir
233094D
233094A
233220
233255
233226
233227
233228
Hjalli
233258A
233256
233164
233257
233100
0
75
150
225
300 m
© Loftmyndir ehf.


Kort 3
Brennikletta og
Sólhólsklettur
N
Mörk
Hraun
Ekra
Sólhóll
Steinsholt
Holt
Hvammur
Garðar
Höskuldsstaðir
Hlíð
Ás
Hammersminni
Sjólyst
0
75
150
225
300 m
© Loftmyndir ehf.


Kort 4
Brenniklettur
-nærmynd
N
Steinsholt
Holt
Hvammur
Garðar
Höskuldsstaðir
Hammersminni
Sjólyst
233093A
233076
233093B
233093F
233038
233135
233090Dii
233090C
233090B
233090Di
233090E
233321
233212
233037D
233037A
233037G
233037H
233037E
233037L
233037I
233037F
233037Cii
233090Diii
233091A
233091B
233073J
233073K
233073G
233218
233073E
233073A
233073F
233073I
233073H
233216
233055
233211
233073Di
233073Dii
233026B
233073B
233026A
233073C
233127
233215
233108A
233108B
233108C
233307
233303
233272
233105C
233270
233302
233107
233046
233295
233271D
233271C
233305A
233271B
233271A
233305B
233105A
233308
233105B
233301
233079I
233299
233318A
233297
233318B
233079A
233079C
233217
233079B
233104
233079K
233158
233079L
233079M
233079G
233269A
233269B
233269C
233079E
233079F
233079J
233268A
233268B
233268C
233202E
233252
233079H
233079D
233202C
233202D
233202B
233202A
233025
233149
233080H
233080F
233328
233159
233080E
233196
233080I
233063
233080C
233197
233080A
233080B
233080G
233080D
233198
233062
0 25 50 75 100 m
© Loftmyndir ehf.


Kort 5
Sólhólsklettar
- nærmynd
Blómsturvellir
Vegamót
Hjalli
Mörk
Hraun
Ekra
Sólhóll
Kaupstaðarstekkur
Sunnuhvoll
233281
233282
233094B
233094E
233094C
233094D
233094A
233141C
233226
233227
233228
233164
233100
233147
233207
233070E
233070D
233070C
233146
233214
233261
233193
233070B
233070I
233093E
233074D
233093D
233074A
233074B
233070A
233093C
233070H
233090A
233070F
233093G
233093A
233076
233093B
233194
233092C
233093H
233092B
233090B
233042
233229
233093F
233092H
233038
233092G
233092A
233092M
233200
233092D
233135
233090Dii
233041
233092F
233090C
233201
233088
233075
233037Ci
233092K
233092J
233092E
233090E
233037B
233321
233212
233092I
233037D
233090Di
233098
N
0
25
50
75
100 m
© Loftmyndir ehf.